

**Petta er bara ævintýramennska
bændur 16**



**Ráð rithöfunda
bækur 26**



**Heillandi heimur
Vestmannaeyjar 28**



spottið 12



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

30. júní 2012
152. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðlökunum Casascert Cellino júní - maí 2012



Nýbakaður doktor
Elín Ólafsdóttir hóf
doktorsnám við starfslok.
tímamót 32

Fyndin eiturfjafíkn
Fíklar nota gjarnan húmor
í baráttunni við fíknina.
húmor 24



Tíu konur lokaðar inni
Tvö dansverk frumflutt í
Gaflaraleikhúsinu.
menning 38

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Ferðir | Sparneytnir bílar | Atvinna
Fólk



ÞJÓÐIN KÝS FORSETA Landsmenn ganga til kosninga í dag og kjósa sér forseta. Í gær þurfti að hafa mörg handtök við að setja upp kjörklefa á kjörstöðum um land allt. Unnið var að uppsetningu kjördeildar í Austurbergi þegar ljósmyndari leit við í gær. **Sjá síður 18 og 20.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjúkir án þess að vita það

Rannsóknir sýna að fjölmargir Íslendingar þjáast af alvarlegum lungnasjúkdómi en hafa aldrei verið greindir. Verður ein algengasta dánarsök á Íslandi árið 2020. Kostar milljarða vegna lyfja og ótímabærrar örorku.

HEILBRIGÐISMÁL Talið er að stór hluti þeirra sem hafa langvinna lungnateppu (LLT), jafnvel þeir sem hafa langt genginn sjúkdóm, hafi ekki verið greindir og hafi þar af leiðandi ekki fengið neina meðhöndlun. Sjúkdómurinn er engu að síður talinn verða þriðja algengasta dánarsökina á Íslandi árið 2020 og ein algengasta orsök örorku.

Dóra Lúðvíksdóttir, lungna-sérfræðingur á Landspítalanum, segir líklegt að um eða yfir tuttugu þúsund Íslendingar þjáist af LLT. „Hversu margir gera sér grein fyrir því að þeir ganga með þennan hættulega sjúkdóm er hins vegar annað mál. Vandinn liggur

í því hversu lúmsk LLT er, og fer stigversnandi með árunum ef ekkert er að gert. Það verður að segjast að við Íslendingar höfum ekki gert okkur grein fyrir því hversu stórt vandamál þetta er og kemur til með að vera á næstu árum.“

LLT er samheiti yfir langvinna berkjubólgu og lungnaþembu. Þetta eru sjúkdómar sem nær eingöngu miðaldra og eldra fólk þjáist af. Flestir hafa reykt lengi, en þó má í einstaka tilfellum rekja orsakir til atvinnu, mengunar og erfða. LLT er ólæknandi sjúkdómur en margt er hægt að gera til að bæta lífsgæði þeirra sem búa við sjúkdóminn.

Tíðni sjúkdómsins fer vaxandi

27% þátttakenda í íslenskri rannsókn reyndust vera með langvinna lungnateppu.

á Íslandi, sem og annars staðar í heiminum. Er það fyrst og síðast vegna þess að fjölmennir árgangar, sem gjarnan reyktu, eru komnir yfir miðjan aldur. „Þetta mun versna áður en þetta batnar aftur,“ segir Dóra.

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var hér á landi árið 2007 sýndi að af 755 þátttakendum reyndust 27% vera með LLT á mismunandi stigum sjúkdómsins. Stór hluti þess

hóps var grunlaus um ástand sitt. Lungnalyf vege sífellt meira í heildarlyfjakostnaði heilbrigðiskerfisins á Íslandi en til að berjast við LLT þarf daglega notkun dýrra lyfja í langan tíma, jafnvel árum saman. „Eins ber samfélagið mikinn kostnað af öllu því fólk sem fer á örorkubætur langt fyrir aldur fram vegna þessa sjúkdóms,“ segir Dóra.

Dóra hvetur alla sem finna fyrir einkennum frá öndunarferum til að fara í öndunarmælingu á sinni heilsugæslustöð, hafi þeir ekki þegar fengið greiningu. „Eins á þetta við um alla sem reykja eða hafa reykt. Þeir þurfa að vita hver staðan er.“

- shá

Græddu á gulli á Grand Hótel

Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00



Staðgreiðum
allt gull,
silfur, demanta
og vönduð úr.

Skoðið nánar á bls. 29

Upplýsingar og tímabantanir,
Sverrir s. 661-7000
sverrir@kaupumgull.is



Kringlan
ÚTSALA
Ópið 10-18

**Fjörug
og flott útsala**
Ópið til
18
í dag
Smáralind



Haraldur, er þú enginn hrossabrestur?

„Síður en svo, það er nóg af góðum og flottum hrossum handa öllum Íslendingum sem kunna að ríða.“

Haraldur Pórarinnsson, formaður Landsambands hestamannafélaga á Íslandi, sagði í Fréttablaðinu í gær að það væru of margir hestar á Íslandi miðað við þá sem eru að nota þá.

Ástþór Magnússon hefur sent inn stjórnsýslukæru vegna forsetakosninganna:

Segir kosningarnar ólöglegar

KOSNINGAR Ástþór Magnússon segir að brotið hafi verið á sér sem frambjóðanda og síðan á kjósendum og því séu forsetakosningarnar ólöglegar sem fram fara í dag. Hann hefur sent Hæstarétti Íslands stjórnsýslukæru.

Ástþór segist enn fremur vera misrétti beittur þar sem meðmælistar annarra frambjóðenda hafi ekki verið rannsakaðir jafnvel þótt bent hafi verið á að meðmælistar Þóru Arnórsdóttur hafi haft svipað yfirbragð og listarnir hans. Þar segir hann að ekki hafi



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

falsaðir, enginn hafi verið handtekinn vegna málsins og engar yfirsýslur farið fram.

verið lagastöð fyrir því að ógilda forsetaframboð sitt á þeim forsendum sem innanríkisráðuneytið gerði. Engar sannanir liggja fyrir um að meðmælistar hafi verið

„Eftir því sem tíminn líður er að afhjúpast meiri og meiri pólitískur þefur í kringum þetta mál,“ segir Ástþór. „Vinnubrögð innanríkisráðuneytisins og meðferðin á framboði mínu er á skjön við góða stjórnsýsluhætti, meðalhófsreglu og eðlileg vinnubrögð í réttarríki lýðræðisþjóðfélags.“

Framboð Ástþórs Magnússonar var ógilt í byrjun mánaðarins þar sem innanríkisráðuneytið taldi að ekki lægi fyrir lögboðið vottorð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis.

Yfirmenn Eimskips fá afslátt:

BSRB á móti afslætti toppa

VIÐSKIPTI BSRB gagnrýnir hugmyndir um að stjórnendum Eimskips verði gert kleift að kaupa hlut í fyrirtækinu á lægra gengi en fengist á markaði.

Stefnt er að því að setja Eimskip á markað í september. BSRB bendir á að ekki séu margir mánuðir síðan Eimskip gekk í gegnum nauðasamninga og samdi um milljarða afskriftir, meðal annars við lífeyrissjóðina. Þess er krafist að hætt verði að láta almennt launafólk standa undir forréttindum hinna fáu.

Óttast árás á ólympíuleikvang:

Tveir grunaðir um hryðjuverk

BRETLAND Tveir menn hafa verið handteknir grunaðir um að hafa verið að skipuleggja hryðjuverkaárás á leikvang Ólympíuleikanna í London samkvæmt frétt dagblaðsins Telegraph.

Handtökuskipun var gefin út þegar lögreglunni bárust upplýsingar um að tveir menn hegðuðu sér grunsamlega nærri leikvanginum á mánudagskvöld. Mennirnir tveir voru handteknir á heimilum sínum snemma á fimmtudag.

Vinur mannanna tengdi handtökuna við kanóferð þeirra á ánni Lea sem rennur í gegnum Ólympíusvæðið. Leikarnir hefjast eftir tæplega mánuð í London.

Gróðureldar í Colorado:

Einn hefur týnt lífi í eldinum

BANDARÍKIN, AP Gróðureldar í Colorado Springs í Coloradofylki í Bandaríkjunum hafa kostað að minnsta kosti eitt mannlíf síðan þeir kviknuðu þann 23. júní. Innan við tíu er saknað vegna eldanna, sem hafa eyðilagt 346 heimili í úthverfum Colorado Springs.

Eldarnir eru þeir skæðustu í sögu Colorado, og hefur Barack Obama Bandaríkjaforseti lýst yfir neyðarástandi í fylkinu. Herflugvélar og þyrlur hafa hjálpað til við að slökkva eldana ásamt þúsundum slökkviliðsmanna á jörðu niðri.

Íbúum á hættusvæðum hefur verið gert að yfirgefa heimili sín. „Í þessum húsum eru munir sem fólk hefur eignast á löngum tíma og nú er það allt horfið,“ sagði talsmaður eins hverfaráðanna í Colorado Springs. Óvíst er um upptök eldanna.



BARACK OBAMA



RISINN Á FIRÐINUM Þarna má sjá einn hvalinn veifa sporði en það fer vel á því að bærinn Hvalsker er í baksýn mitt yfir sporðinum.

Sér hnúfubakinn út um stofugluggann

Fimm hnúfubakar eru á sveimi um firði á sunnanverðum Vestfjörðum. Bæjarstjóri Vesturbyggðar fylgist með herlegheitunum út um stofugluggann hjá sér.

DÝRALÍF „Það er ódýrt að fara í hvalaskoðun á Patreksfirði skal ég segja þér,“ segir Bríet Arnardóttir sem býr á Patreksfirði. Þar geta vegfarendur hæglega séð hnúfubaka frá götum bæjarins. Bríet telur að um fimm skepnur svamli um fjörðinn.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir bæjarbúa og gesti vitanlega hæstánægða með þennan skemmtilega brag sem dýralífið setur á mannlífið þar vestra. „Já, já, það er bara ókeypis hvalaskoðun á Patreksfirði.

Ég þarf ekki annað en að horfa út um stofugluggann hjá mér til þess að sjá stökkvandi hnúfubak, það er ekki amalegt,“ segir hún. Hún segir að þessu megi þakka að krökkt sé af smásild í firðinum.

Bílddælingar fara heldur ekki varhluta af stórhvelum því þegar blaðamaður var á ferð um Arnarfjörðinn sá hann tvo hnúfubaka úti á firði.

Bríet segir að lengi hafi hnúsir sést á sunnanverðum Vestfjörðum en það sé einungis nú hin síðustu ár sem þessir risavöxnu hvalir

láti sjá sig. Hún segir að þeir hafi verið tíðir í firðinum síðastliðið sumar svo hver veit nema þeir verði árlegir gestir héðan af. Hún lét sér ekki nægja að horfa á risana frá fjöruborðinu en gerði sér nýlega ferð út á fjörð til að líta þá í návígi. „Þeir voru mjög gæfir, stundum vorum við ekki nema tvo metra frá þeim og þeir létu bara vel af því,“ segir hún. Hún segir enn fremur að stundum komi þeir mjög nálægt landi svo landkrabbararnir fá sín tækifæri líka til að líta risana.

Bók um kynferðisbrot presta:

Konur oftast þolendurnir

SAMFÉLAGSMÁL Þolendur kynferðisbrota presta um allan heim eru í 95 prósentum tilvika konur. Þetta kemur fram í bókinni When Priests and Pastors Prey sem Heimsráð kirkjunnar og kristileg alþjóðasamtök stúdenta gefa út.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var við Baylor-háskólann í Texas hafa þrjú prósent allra kvenna sem sækja kirkju í Bandaríkjunum orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu presta sinna, samkvæmt frétt Kristilega dagblaðsins í Danmörku. Með útgáfu bókarinnar er vonast til að þögnin verði rofin þannig að kirkjuyfirvöld fari að taka á vandanum.

Stjórnvöld í Svíþjóð:

Flóttamenn í felum fá hjálp

SVÍÞJÓÐ Flokkarnir í sænsku ríkisstjórninni hafa komist að samkomulagi um að flóttamenn sem eru í felum fá niðurgreidda lækni- og hjálpað eins og þá sem hælisleitendur hafa rétt á. Þetta tilkynnti félagsmálaráðherra Svíþjóðar, Göran Hägglund, í gær.

Tillagan verður send viðkomandi stofnunum til umsagnar en markmið stjórnvalda er að umbættarnar taki gildi 1. júlí 2013. Sænsk stjórnvöld hafa sætt gagnrýni Sameinuðu þjóðanna fyrir að hafa ekki veitt flóttamönnum í felum rétt til læknishjálp.

STJÓRNSÝSLA

Ríkið nýti samfélagsmiðla

Með því að nýta samfélagsmiðla á borð við Facebook til upplýsingagjafar og samskipta geta stjórnvöld náð til stærri hóps en áður. Þetta er mat starfshóps stjórnvalda sem fjallaði um stefnu stjórnvalda um samskiptamiðla. Bent er á að slík samskipti auki á jákvætt viðhorf almennings.

Með á nótunum.....

„Þrjár af hverjum fimm atvinnurekendur auglýsa ekki eftir starfskröftum“

Það er í góðu lagi því að hér kemur reynslubolti sem hefur áhuga á þínu fyrirtæki.

Það sem ég hef upp á að bjóða er:

- Kennsluréttindi „Diplóma“
- Raftækniþjálfun „Hönnun í AutoCad“
- Meistarabréf „Rafvirkjun“
- Eftirlit með verkþáttum á verkstað
- Fyrirbyggjandi eftirlit með tæknibúnaði
- Verklýsingar verkþátta ◊ Kostnaðarreikna verklíði
- Reynsla í stjórnun

Ég á mjög auðvelt með að umgangast annað fólk, ég er með góða samskiptahæfileika og mikla reynslu að vinna undir álagi. Ég hef ég líka áhuga á að prófa eitthvað alveg nýtt.

Ef þú hefur áhuga á manni með alhliða verkþekkingu.

Endilega hafðu sambandi við Stefán B. Sigtryggsson
Netfang: stefan.birgir@internet.is
Síma 615 3010 eða 778 5767

Ríkisendurskoðun telur óvissu ríkja um fjárhagsstöðu félagsins um Þorláksbúð:

Engar athugasemdir við Þorláksbúð

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hefur lokið athugun sinni á því hvernig félagið utan um byggingu Þorláksbúðar í Skálholti hefur ráðstafað styrkjum sínum. Könnunin gefur ekki tilefni til athugasemda, að því er segir í bréfi Ríkisendurskoðunar til forseta Alþingis.

Ílla gekk að fá upplýsingar frá félaginu og fengust þær skýringar að lokum að bókhald hefði ekki verið fært vegna fjárskorts. Ríkisendurskoðun áréttar á niðurstöðu sinni að félagið sé bókhaldsskylt og gagnrýnir að reikningslegt uppgjör hafi ekki verið tekið saman.

„Jafnframt bendir stofnunin á nauðsyn þess að þeir aðilar sem taka ákvörðun um að veita styrki úr ríkissjóði hafi þessa lagaskyldu ávallt í huga, ekki sist þegar veittir eru styrkir öðru sinni til sama aðila,“ segir í niðurstöðunni.



ÞORLÁKSBUÐ Alþingismaðurinn Árni Johnsen hefur verið einn helst hvatamaðurinn að byggingu Þorláksbúðar.

Þá telur Ríkisendurskoðun að óvissa ríki um fjárhagsstöðu félagsins, enda eigi það von á reikningum upp á „nokkrar mill-

ónir“ að sögn stjórnar þess og skuldi þar að auki eina milljón frá fyrra ári og 400 þúsund króna yfirdrátt.



OHIO ARMAR
Stærð: B29/58 x H63 x D91 sm.
Fullt verð: 19.950 nú: 14.950



OHIO SÆTI MEÐ BAKI
Stærð: B61 x H74 x D86 sm.
Fullt verð: 39.950 nú: 19.950



OHIO SÓFAHORN
Stærð: B91 x H86 x D91 sm.
Fullt verð: 44.950 nú: 29.950



OHIO SKEMILL
Stærð: B61 x H39 x D69 sm.
Fullt verð: 19.950 nú: 12.950

OHIO SÓFI
Búðu til þinn eigin sófa! Hér geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Flottir sófar með slitsterku, gráu áklæði. Settu saman að vild!



OHIO TUNGUSÓFI
Fallegur sófi með slitsterku áklæði.

COLORADO HÆGINDASTÓLL MEÐ NUDDI
Með PU áklæði. Innbyggður fótsemill og nudd. Stóllinn er með hliðarvasa og fjarstýringu fyrir nuddi. 5 stillingar á nuddi. Litur: Svartur. Stærð: B74 x H100 x D93 sm.

SPARIÐ 20.000

VERÐ ÁÐUR: 44.950

24.950

NUDDSTÓLL



SEBASTIAN SKRIFBORÐSSTÓLL
Góður skrifborðsstóll með hnakkapúða og góðum stuðningi við bakið. Stillanlegt bak og seta.

SPARIÐ 5.000

VERÐ ÁÐUR: 14.950

9.950



HELGAR TILBOÐ!



FULLT VERÐ ÁÐUR FRÁ: 5.995

4.995

WIEN FERÐATÖSKUR
Flottar vínrauðar ferðatöskur á frábæru verði!
Stærð: 19" Fullt verð: 5.995 nú: 4.995
Stærð: 22" Fullt verð: 7.995 nú: 5.995



FULLT VERÐ: 3.995

2.995

BLACKIE FERÐATASKA Á HJÓLUM
Mjúk ferðataska á hjólum. Fæst í svörtu og rauðu. Fullt verð: 3.995 nú: 2.995



FULLT VERÐ: 3.995

1.995

GREECE FERÐATASKA
Svört, stílhrein ferðataska á frábæru verði!
Stærð: 20" Fullt verð: 3.995 nú: 1.995

ÚTIVISTAR OG SOFTSHELL JAKKAR
Jakkur á dömur og herra. Fáanlegir í nokkrum mismunandi stærðum og litum. Soft shell áður: 2.995 nú: 1.695 Útivistarjakkur áður: 4.995 nú: 2.495



VERÐ ÁÐUR FRÁ: 2.995

1.695



VERÐ FRÁ:

199

UNA HANDKLÆÐI
Mjúk og góð handklæði, fást í nokkrum litum. Efni: 100% bómull. Stærðir: Gestahandklæði 30 x 50 sm. 199 Handklæði 50 x 90 sm. 495 Baðhandklæði 65 x 135 sm. 995



795

PRICE STAR FROTTÉ OG JERSEY TEYGJULÖK
Mjúk og þægileg á frábæru verði! Fást í mörgum fallegum litum. Stærðir: 90 x 200 sm. 795 140 x 200 sm. 1.095 160 x 200 sm. 1.195 180 x 200 sm. 1.295



www.rumfatalagerinn.is
TILBOÐIN GILDA TIL 01.07

BRESCIA SÓLSTÓLL
Traustur og nýttiskulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga.

VERÐ AÐEINS:

6.995

FRÁBÆRT VERÐ!



GENGIÐ 29.06.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	125,44	126,04
Sterlingspund	195,69	196,65
Evra	157,79	158,67
Dönsk króna	21,225	21,349
Norsk króna	20,936	21,060
Sænsk króna	17,974	18,080
Japanskt jen	1,5770	1,5862

SDR 190,26 191,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,568

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MÓTMÆLT Ungur drengur tók þátt í mótmælum í Sýrlandi í gær. Hann hafði málað kinnar sínar í litum andspyrnuhreyfingarinnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Átökin í Sýrlandi blóðug:

Sprengjuregn í Damascus

SÝRLAND, AP Hersveitir Assads Sýrlandsforseta létu sprengjum rigna yfir uppreisnarmenn í úthverfum höfuðborgarinnar Damascus í gær. Tólf eru sagðir hafa fallið í sprengjuregninu.

Vikan hefur verið sérlega blóðug í Sýrlandi, að sögn andspyrnumanna. Erfitt er fyrir blaða- og fréttafólk að henda reiður á hversu margir hafa fallið vegna gríðarlegra takmarkana sem stjórnvöld setja á fréttaflutning af átökunum.

Tvær andspyrnuhreyfingar sem taka saman upplýsingar um mannfall í átökunum segja að meira en 125 manns hafi fallið síðasta fimmtudag.

Uppreisnarmenn eru farnir að sækja í sig veðrið með öflugri vopnum. Þeim beita þeir í öflugri andspyrnu gegn stjórnarmennum.

- bþh

VIÐSKIPTI

EVE Online kominn til Kína

Íslenski tölvuleikurinn EVE Online kom út í sérstakri forútgáfu í Kína á fimmtudag. Útgáfan er liður í samstarfi CCP, sem gefur út tölvuleikinn, og TianCity, eins stærsta framleiðanda og dreifingaraðila tölvuleikja í Kína. Almenn útgáfa kemur út síðar á árinu.

Samkomulag náðist um lausnir á vandamálum Evruríkja í Brussel í gær:

Bankar fá fé beint úr neyðarsjóðum

BRUSSEL, AP Leiðtogar ríkjanna á Evrusvæðinu hafa komist að samkomulagi um lausn á vandræðunum með gjaldmiðlinn. Einnig hafa langtímamarkmið verið sett. Leiðtogarnir funduðu í Brussel í gær.

Leiðtogar evruríkjanna sautján samþykktu að veita úr björgunarsjóðum beint til evrópskra banka í vandræðum, í stað þess að lána ríkisstjórnnum til að bjarga bönkunum.

Björgunarsjóðir verða einnig notaðir til að skapa stöðugleika um evrópsk ríkisskuldabréf. Þau ríki sem tekið hafa til í ríkisrekstri sínum geta fengið fé úr björgun-

arsjóðinum án þess að skuldbinda sig mikið. Evrópuríkin samþykktu jafnframt að binda fastari hnúta um fjármál sín, gjaldmiðla og stjórnvöld. Þannig verður hægt að skapa nýtt og stærra efnahagslegt samband í framtíðinni.

Ávöxtunarkröfur á ríkisskuldabréf Spánverja og Ítala lækkuðu vegna samkomulagsins í gær.

Þrátt fyrir jákvæð viðbrögð í gær ríkja enn áhyggjur yfir ástandinu í Evrópu. Flest úrræðin sem samþykkt voru verða mánuði að taka gildi og 500 milljarða evra innspýtingin gæti reynst of lítil.

- bþh



MÁLIN RÆDD Angela Merkel, kanslari Þýskalands, á tali við Mario Draghi, bankastjóra Evrópubankans, og Mario Monti, forsætisráðherra Ítalíu.

NORDICPHOTOS/AFP

Verðmunur á vörukörfu ASÍ:

Bara Krónan hefur lækkað

VERSLUN Verð vörukörfu ASÍ hefur lækkað í öllum mældum verslunum nema Krónunni síðan í mars. Vörufarfar lækkaði mest í Samkaup-Strax eða um 4,4 prósent.

Karfan lækkaði í öllum verslunum um 1,4 til 4,4 prósent. Krónan var eina verslunin þar sem vörufarfar lækkaði í verði, um 0,1 prósent.

Meðal lágvöruverðsverslana lækkaði verð körfunnar mest í Bónus eða um 3,2 prósent. Verðið í Nettó lækkaði um 2,2 prósent.

- bþh

Íslenskur fjárfestahópur vill hlut Alterra í HS Orku

Fyrirverandi forstjóri Geysis Green Energy fer fyrir hóp fjárfesta sem vill kaupa 66,6 prósent hlut Alterra í HS Orku. Miðað við síðustu viðskipti í HS Orku er virði hlutarins um 28 milljarðar. Stefnt er að skráningu.

VIÐSKIPTI Modum Energy og sjóðir í rekstri Stefnis, sjóðastýringa-fyrirtækis í eigu Arion banka, hafa gert kauptilboð í 66,6 prósent hlut Alterra Power, sem hét áður Magma Energy, í HS Orku. Tilboðið er lagt fram í samstarfi við Arion banka sem verður þó ekki beinn eignaraðili gangi áformin upp. Til stendur að fjölga í hluthafahópnum gangi samningsviðræður vel og stefnt er að því að skrá HS Orku á hlutabréfamarkað ef af kaupnum verður.

Unnið hefur verið að málinu frá því í janúar og búið er að undirrita viljayfirlýsingu við Alterra um að báðir aðilar hafi áhuga á að ganga frá sölunni. Umfang tilboðsins fæst ekki uppgæfið en stefnt er að því að ljúka kaupnum í síðasta lagi í haust. Miðað við það gengi sem var á síðustu viðskiptum með hluti í HS Orku er virði hlutarins um 28 milljarðar króna.

Modum Energy var stofnað í febrúar síðastliðnum. Fyrir félaginu fara Alexander K. Guðmundsson og Eldur Ólafsson. Alexander var forstjóri Geysis Green Energy, sem var um nokkurt skeið stærsti eigandi HS Orku, þar til í janúar 2012. Að sögn hans hefur verið unnið að hugmyndinni um að kaupa hlut Alterra síðan þá. „Hugmyndin fæðist á Íslandi. Við höfum verið að vinna að þessu nokkuð lengi. Þetta er upphafið að

ákveðinni vegferð en það er mikil vinna eftir.“

Kaup Alterra á HS Orku voru á sínum tíma afar umdeild. Meðal annars var sett í gang ferli, undir forystu Steingríms J. Sigfússonar þáverandi fjármálaráðherra, til að reyna að tryggja að meirihluti fyrirtækisins héldist í opinberri eigu. Það ferli skilaði þó engri niðurstöðu og Alterra eignaðist það nánast að fullu.

Fyrir rúmu ári var síðan tilkynnt að Jarðvarmi slhf., félag fjórtán lífeyrissjóða, hefði keypt 25 prósent hlut í HS Orku af Alterra fyrir 8,1 milljarð króna. Kaupþing voru gerð á genginu 4,63 krónur á hlut, sem var nokkuð undir áætluðu matsvirði HS Orku. Ástæðan var sú að Alterra hafði greitt hluta fjárfestingar sinnar í HS Orku með aflandskrónum og naut Jarðvarmi þess afsláttar í kaupnum. Auk þess fékk Jarðvarmi kauprétt á nýjum hlutum á genginu 5,35 krónur á hlut. Þann rétt nýtti félagið sér í febrúar síðastliðnum. Jarðvarmi á nú 33,4 prósent hlut og hefur greitt samtals 12,8 milljarða króna fyrir. Miðað við gengið á síðustu viðskiptum með bréf í HS Orku er virði þess hlutar, sem Modus Energy og Stefniur ætla sér að kaupa, því 27,9 milljarðar króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur stjórn Jarðvarma verið gerð grein fyrir að tilboð-



Hugmyndin fæðist á Íslandi. Við höfum verið að vinna að þessu nokkuð lengi.

ALEXANDER K. GUÐMUNDSSON
FORSVARSMÁÐUR
MODUM ENERGY



KOMINN AFTUR Geysir Green Energy seldi Alterra, sem þá hét Magma, hlut sinn í HS Orku í maí 2010. Þá var Alexander K. Guðmundsson (annar frá hægri) forstjóri Geysis. Hann leiðir hóp sem vill kaupa meirihluta í fyrirtækinu af Ross Beauty (í miðjunni).

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álver í Helguvík mun auka virði HS Orku

Þegar Jarðvarmi slhf. jók við hlut sinn í HS Orku í febrúar síðastliðnum var það fyrst og síðast gert vegna þess að stjórnendur fyrirtækisins voru vongóðir um að samkomulag myndi nást við Norðurál um orkusölu til álvers í Helguvík, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þá var hlutafé HS Orku aukið og var það gert til að búa fyrirtækið undir framkvæmdir sem það þarf að ráðast í vegna Helguvíkur. Norðurál hefur hug á að byggja álver í Helguvík í fjórum áföngum. 150 MW af orku þarf í hvern áfanga og Norðurál hefur lýst því yfir að álverið verði ekki klárað nema búið sé að tryggja orku fyrir tvo áfanga, alls 300 MW. Viðræður milli Jarðvarma og Norðuráls um lendingu í málinu hafa staðið yfir um nokkurt skeið.

íð hefði verið á leiðinni. Hún er jákvæð gagnvart því. Jarðvarmi hefur ítrekað lýst því yfir að vilji sé til þess hjá eigendum félagsins að skrá HS Orku á markað. Í tilkynningu frá Modus-hópnum sem

send var út í gær kom fram sami vilji til að skrá HS Orku „í kauphöll á næstu misserum og mun almenningi þannig gefast kostur á að eignast hluti í HS Orku“.

thorur@frettabladid.is

TIL SÖLU

Staðsteypt 283 fm einbýlishús á einni hæð, með 170 fm kjallara. Húsið er fullfrágengið að utan með grófjafnaðri lóð. Frábær staðsetning. Nánari upplýsingar í síma 698 7976.



GÓÐAKUR 5, GARÐABÆ


Opið hús laugardag og sunnudag á milli kl. 14 - 16.



VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veður-
fréttamaður

KJÖRVEÐUR Sumarbliða V-til á landinu í dag en svalara A-til og dálítill væta. Hægvíðri að mestu alla helgina. Á morgun verða skúrir á V-helmingi landsins en þurr A-til. Úrkoma á V- og N-landi á mánudag en styttr upp að mestu fram á þriðjudag.



Á MORGUN
viða hægvíðri

MÁNUDAGUR
viða hægvíðri

HEIMURINN

Alicante	32°
Basel	30°
Berlín	29°
Billund	22°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	32°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	26°
London	19°
Mallorca	32°
New York	33°
Orlando	33°
Ósló	17°
París	22°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

RENNUR
ÚT UM
HELGINA

KOMDU STRAX

Nýttu ávísunina!

Komdu strax því ávísunin þín rennur út um helgina.

Ávísunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

ÁVÍSUN
á Sumarauka

LOKA-
ÚTKALL

20%
AFSLÁTTUR
Á VÖLDUM
PLASTHÚSGÖGNUM

Garðstóll
5 stillingar
baki
3899227

VERÐ ÁÐUR 5.490
NÚ 4.390 kr.

Sunset
Tasman 200
3000391

12.900 kr.

LEGSTA
LACA
VERÐ



10.489 kr.

Madrid þriggja manna tjald
3000412

9.279 kr.

Eldhúsnífar
Stálhnífar húðaðir með
lituðu "Non-stick".
2000874

MARGARITA
Verð áður: 1.190 kr.
Nú: 799 kr.

TRJÁPLÖNTUVEISLA Í BLÓMAVALI

ALLIR TOPPAR, ALLIR KVISTIR, RIFSBER,
YMSAR SÍGRÆNAR TEGUNDIR.

ÁÐEINS 999 kr.

LOÐVÍÐIR, GLJÁMISPILL, ALPARIFS

ÁÐEINS 690 kr.

Fjöldi annarra tilboða!



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að kjósa í forsetakosningunum á morgun?

JÁ	87,1%
NEI	12,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér Íslendingar ganga vel um umhverfi sitt?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



FLUGVÉL Samskipti við ómannaðar flugvélar sem notaðar eru í hernaðarskyni eru dulkóðuð en hægt er að ná stjórn á þeim þrátt fyrir það.

NORDICPHOTOS/APP

Hakkarar urðu við áskorun:

Náðu stjórn á ómannaðri vél

BANDARÍKIN Bandarískum tölvunarfræðingum tókst að hakka sig inn í stjórnkerfi ómannaðrar flugvélar af sömu gerð og bandaríska leyniþjónustan notar til loftárása og ná þannig stjórn á flugvélinni.

Með því tóku vísindamennirnir áskorun bandaríska heimavarnarráðuneytisins, sem hafði heitið þeim 1.000 bandaríkjadöllum sem gæti hakkað sig inn í stýrikerfi ómannaðra flugvéla, að því er segir í frétt BBC.

Talið er mögulegt að sams konar tölvuárás hafi grandað ómannaðri flugvél leyniþjónustunnar yfir Íran á síðasta ári.

Deilt um sjúkrahús:

Byggja nýtt og rífa eftir tíu ár

NOREGUR Í Buskerud í Noregi hafa umræður um hvar byggja skuli nýtt sjúkrahús staðið yfir í 20 ár. Nú hafa forstöðumenn sjúkrahússins í Drammen ákveðið að grípa til þeirrar bráðabirgðalausnar að láta reisa tveggja hæða hótél með 24 stofum fyrir sjúklinga, samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins.

Framkvæmdin vegna hótélbyggingarinnar og 70 bílastæða mun kosta 36 milljónir norskra króna, jafngildi um 750 milljóna íslenskra króna. Samkvæmt áætlun á að rífa bygginguna eftir tíu ár. Bílastæðin verða einnig fjarlægð þá.

-ibs

Réttargæslumaður átján ára stúlku segir hana enga ábyrgð bera á mannorðsmissi Egils Einarssonar:

Kæran gegn Agli hvorki röng né að ósekju

LÖGREGLUMÁL Réttargæslumaður átján ára stúlku sem kærði Egil Einarsson og unnustu hans fyrir nauðgun í fyrrihaust segir að sú niðurstaða ríkissaksóknara að fella málið niður þýði hvorki að kæra skjólstæðings hans hafi verið röng né að ósekju.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem réttargæslumaðurinn, Guðjón Ólafur Jónsson, sendi frá sér í gær.

Í yfirlýsingu rekur Guðjón Ólafur nokkur atriði sem bendi til þess að stúlkan hafi upplifað samskipti sín við Egil þannig að hann hefði brotið gegn henni.

Í fyrsta lagi hafi hún horfið í miklum flýti af heimili Egils og skilið þar eftir flíkur, haft samband við vinkonur sínar og sagt þeim að sér hefði verið nauðgað. Staðfest sé að hún hafi þá verið hágrátandi.

Þá hafi túrtappi verið fjarlægður úr leggöngum hennar á neyðarmóttöku og fundist hafi áverkara á kynfærum. Í engu sé vikið að marblettum á handleggjum stúlkunnar í niðurstöðu ríkissaksóknara. Stúlkan kvað þá af völdum Egils. Enn fremur hafi hún verið í meðferð hjá sálfræðingi, sem



KÆRÐUR Egill Einarsson var kærður fyrir nauðgun en málið látið niður falla.

segi hana bera öll einkenni fórnarlamba kynferðisbrota.

„Þrátt fyrir niðurstöðu ríkissaksóknara hlýtur það að vera kærða umhugsunarefni hvers vegna 18 ára stúlka kys að leita beint á Neyðarmóttöku um miðja nótt eftir samskipti sín við hann og kæra hann síðar fyrir kynferðisbrot,“ segir Guðjón Ólafur. Stúlkan geti hins vegar enga ábyrgð borið á mögulegum mannorðsmissi hans. Í þeim efnunum verði Egill að líta í eigin barm.

-sh

Nasa fær að standa áfram við Austurvöll

Niðurstöður hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur voru kynntar í gær. Samkvæmt vinningstillögunni verður ekkert hús rífið eða fært. Nasa mun áfram standa við Austurvöll en verður gjörbreytt frá sem var.

SKIPULAGSMÁL Engin bygging verður rífin niður eða færð til við Austurvöll og Ingólfstorg, samkvæmt tillögu sem fékk fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag á svæðinu. Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar í gær.

Nasa mun áfram standa við Austurvöll, en samkvæmt vinningstillögunni mun húsið verða endurbýgt sem skemmti- og ráðstefnusalur.

„Þetta er tillaga sem miðar að því að byggja markvisst upp í miðbænum, en á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er án þess að rífa nokkuð eða færa nokkur hús. Þannig að öll eldri byggð fær að vera og njóta sín.“


Það sem verður svo byggt nýtt verður annaðhvort í beinu samhengi við þau hús sem fyrir eru eða í samhengi við sögu og anda staðarins,“ segir Páll Hjaltason formaður skipulagsráðs og formaður dómnafndar um nýja skipulagið.

Páll segir tillöguna vera mikla verndunartillögu.

„Húsin á Vallarstræti fá að halda sér og það verður byggt á milli þeirra. Þar verða skrifstofubyggingar og þjónusta. Á jarðhæðinni á að vera verslun. Svo er þessi djarfa hugmynd að endurbýggja á lóð gamla Hótel Íslands. Þar stóð áður hótél sem brann árið 1944.“

Páll segir að götmyndin og götuform muni einnig taka verulegum breytingum og verða í líkingu við það sem var í kringum þarsíðustu aldamót.

„Um leið er verið að endurvekja gömlu göturnar Vallarstræti og



LANDSÍMAREITURINN Gamla gatnakerfið frá þarsíðustu aldamótum verður endurvakið með nýja skipulaginu.

Þetta er tillaga sem miðar að því að byggja markvisst upp í miðbænum.

PÁLL HJALTASON
FORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS

Veltusund. Þessar götur eru í dag endagötur í torgi, en verða aftur að sundum og götum í anda Fischersunds og Bröttugötu,“ segir Páll.

Páll segir að næsta skref sé að eigandi lóðarinnar semji við vinn-

ingshafa um framhald og þróun tillögunnar. Hann vonast þó eftir að framkvæmdir geti hafist sem fyrst.

„Ég myndi óska þess að það væri hægt að hefja uppbyggingu á hótélbyggingunni og Vallarstræti tiltölulega fljótt. En skipulagsmál eru seinleg og gerast hægt.“

Alls bærust 68 tillögur í hugmyndasamkeppni. Fyrstu verðlaun hlutu ASK arkitektar en höfundar vinningstillögunnar voru arkitektarnir Þorsteinn Helgason og Gunnar Örn Sigurðsson.

katrin@frettabladid.is

-bph

Farice hyggst hækka verð:

Internetverð mun hækka

VIÐSKIPTI Farice ehf. hyggst næstum þrefalda verð á þeirri þjónustu sem fyrirtækið veitir. Farice rekur tvo af þremur sæstrengjum sem tengja Ísland við umheiminn. Núgildandi samningur fyrirtæksins við Símann og Vodafone rennur út í október.

Nái verðhækkun Farice fram að ganga þýðir það umtalsverða hækkan á verðlagningu á internetþjónustu til neytenda á Íslandi.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir viðræður hafa staðið síðan í janúar. Hann segir þær enn vera í gangi og að niðurstaða muni liggja fyrir í sumar.

-bph

Vilja vettvang til umræðu:

Síðareglur háðar túlkunum

SVEITARSTJÓRNIR Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar ítrekar athugasemd sína um nauðsyn þess að settur verði á fót vettvangur til umræðu um síðareglur starfsmanna og borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Vinstri grænna og Sjálfstæðismanna í borgaráði.

Fram kemur að innri endurskoðun telji vert að undirstrika mikilvægi þess að aðilar séu vakandi yfir mögulegum hagsmunatengslum í störfum sínum og samskiptum.

Í svarinu segir að reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna séu háðar túlkunum. Því megi velja fyrir sér hvort ferð borgarfulltrúa Besta flokksins í jómfrúarferð WOW falli undir þessi ákvæði eða ekki.

-bph

SPEGLALOUS MYNDAVÉL

OLYMPUS



Olympus EPM1DZKIT

Speglalaus Pen myndavél með 12.3 milljón punkta upplausn. Tvær M.ZUIKO DIGITAL linsur. 4/3" Live MOS flaga. 3" LCD skjár. Super Wave Filter rykhreinsikerfi. Tvíþætt hristivörn. Full HD upptaka með steríó hljóði. Stýður SD/SDHC/SDXC kort. HDMI mini og USB tengi.

TILBOÐ ▶ 89.990

FULLT VERÐ kr. 119.990



STOFNAD 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



Gerðu barnið þitt að betri bílstjóra

Við viljum hvetja unga ökumenn til að tileinka sér ábyrgt aksturslag. Þess vegna bjóðum við öllum ungmennum á bílprófsaldri og foreldrum þeirra að

gera samning sín á milli um öruggan akstur. Það fylgir því ómældur ávinningur að fylgja samningnum eftir.

Kynntu þér málið
á bilprof.tm.is





- 1 Hver eldar með Holta á ÍNN?
- 2 Hver er menntun Unnar Birnu Vilhjálmssdóttur?
- 3 Hver skoraði bæði mörk Ítala gegn Þjóðverjum í undanúrslitum EM í knattspyrnu?

SVÖR

1. Kristján Þór Hlößversson 2. Hlin er lögfræðingur að mennt 3. Mario Balotelli.

Dómari þurfti að bíða eftir verjendum og túlki í máli þriggja Pólverja:

„Dálítið skrýtin uppákoma“

DÓMSMÁL Þrír pólskir menn sem ákærðir eru fyrir að flytja til landsins tæp nú kíló af amfetamíni í sápubrúsum í apríl tóku sér í gær frest fram í næstu viku til að taka afstöðu til ákærunnar.

Mennirnir hafa sætt gæsluvarðhaldi síðan þeir voru handteknir og voru færðir í jarnum fyrir dómara í gær. Í upphafi þinghaldsins var hvorki túlkur né einn einasti verjandi í dómsalnum. „Þetta er nú dálítið skrýtin uppákoma,“ sagði dómari Guðjón Marteinson, en hann þurfti ekki að bíða lengi því í ljós kom að túlkurinn og verjandinn

sem mætti fyrir hönd allra sakborninganna höfðu beðið á röngum stað í húsinu.

Mennirnir hafa játað sök að hluta til við yfirheyrslur hjá lögreglu – gengist við því að hafa flutt til landsins töskur sem innihéldu eitt-hvað misjafnt, en hafa þó ekki viðurkennt að þeir hafi verið upplýstir nákvæmlega um innihald sápubrúanna eða að þeir hafi starfað í sameiningu að innflutningi allra kílóanna nú.

Mennirnir munu mæta fyrir dóminn á miðvikudaginn kemur og taka afstöðu til ákærunnar. - sh



TÓKU SÉR FREST Mennirnir þrír ákváðu að taka sér frest fram í næstu viku til að lýsa sig annaðhvort seka eða saklausa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lokað í viku vegna flutninga: Endurvinnslan á Akureyri flutt

AKUREYRI Endurvinnslustöðin við Réttarhvammi á Akureyri verður flutt að Furuvöllum 11 á næstu dögum. Móttakan lokaði á miðvikudag vegna flutninga og opnar aftur næsta miðvikudag.

Þetta þýðir að ekki verður hægt að koma með endurvinnsluúrgang og sorp til starfsstöðvarinnar í fjóra virka daga.

Frá því er greint á vef Akureyrar vikublaðs að aðstaðan muni batna töluvert við flutningana og mun meðal annars verða mögulegt að flokka þar plast. - sv



FLUG Vélar Icelandair hafa farið um 400 sinnum í loftið á viku undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Icelandair mælist í efsta sæti:

Stundvísast í allri Evrópu

SAMGÖNGUR Icelandair var stundvísast allra evrópskra flugfélaga sem eru í AEA, Evrópusambandi flugfélaga, í langflugi í maí. Flugfélagið var með 91,1 prósent stundvísast og er einnig í efsta sæti þegar fyrstu fimm mánuðir ársins eru skoðaðir, með 89,9 prósent.

Framkvæmdastjóri Icelandair segir í tilkynningu að ánægjulegt sé að fá staðfestingu á því að félagið standi eins framarlega á þessu sviði og raun ber vitni. - sv

Rannsókn Cambridgeháskóla: Uppþvotturinn veitir hamingju

ENGLAND Karlar sem þvo upp og sinna öðrum almennum heimilisstörfum eru hamingjusamari en aðrir karlar. Þetta er niðurstaða könnunar sem starfsmenn við Cambridge-háskólann í Englandi gerði á viðhorfum karla.

Rannsakendur áttu von á að konur sem væru í samböndum þar sem verkaskiptingin á heimilinu væri jöfn væru talsvert hamingjusamari en aðrar konur. Sú var ekki raunin heldur voru það karlarnir í slíkum samböndum sem voru ánægðari en viðmiðunarhópur. - ibs

LÖGREGLUMÁL

Árekstur í Garðabæ

Sjú voru fluttir á slysaðeild eftir þriggja bíla árekstur við Olís í Garðabæ á þriðja tímanum í gær. Hafnarfjarðarvegi var lokað í um klukkustund vegna slyssins.

Vilja setja aflareglur fyrir helstu tegundir

Tillögur að nýtingarstefnu og aflareglu fyrir ýsu liggja á borðinu. Unnið er að því að slík nýtingarstefna verði sett fyrir aðra helstu nytjastofna okkar, eins og gert er ráð fyrir á alþjóðavettvangi. Eftir ýsunni koma ufsi, karfi og loðna.

FRÉTTASKÝRING

Hver er framtíð nýtingar á helstu nytjastofnum sjávar?

Að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hefur Hafnarsóknastofnunin unnið að mótn nýtingarstefnu og aflareglu fyrir ýsu og liggja nú fyrir tillögur sem kynntar hafa verið fyrir ráðuneyti og hagsmunaaðilum.

Á alþjóðavettvangi er gert ráð fyrir því að fyrir hendi séu nýtingaráætlanir fyrir alla helstu fiskistofna. Þorskaflareglan, langtímanýtingarregla fyrir þorsk við strendur Íslands, er dæmi um slíka nýtingaráætlun og framkvæmd hennar.

Þessi aflaregla í þorski hefur reynst afar vel. Um það er ekki deilt. Nú eru að koma inn í viðmiðunarstofninn þrjú meðalsterkir árgangar sem gætu skilað allt að 250 þúsund tonna þorskveiði svo snemma sem árið 2016. 20% aflareglan tók gildi árið 2009, en þeirri aðgerð er helst þakkaður góður árangur uppbyggingarstarfsins. Aflaregla í þorski kom hins vegar til 1995 og hefur verið breytt í fjórgang í grundvallaratriðum.

Stjórnvöld hafa hins vegar verið sein til að koma á fót aflareglum fyrir aðra mikilvæga nytjastofna okkar Íslendinga. Nú hafa stjórnvöld tekið við sér og haft frumkvæði að því að taka upp viðræður við atvinnugreinina um að koma á langtímanýtingarstefnu fyrir fleiri fiskistofna. Þar fer fremst ýsan ásamt ufsa og karfa en verið er að vinna að því að koma á aflareglum fyrir fleiri tegundir.

Það eru stjórnvöld sem eiga að hafa forystu um þetta atriði, enda er það á ábyrgð stjórnvalda að nýtingarstigið sé hæfilegt og skynsamlegt og að nýtingin sé sjálfbær. Það er hins vegar Hafnarsóknastofnunin sem leggur fram tæknilega aðstoð.



GÓÐUR ÞORSKAFLI Aflaregla í sinni einföldustu mynd tengir saman mat á stofnstærð og leyfilegan heildaraffa. 20% aflaregla í þorski tók gildi árið 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISE

Þetta er regla sem er talin standast allar ítrustu kröfur um sjálfbærni og varúðarsjónarmið. Eins að hún gefi hámarks afrakstur til langs tíma litið.

JÓHANN SIGURJÓNSSON FORSTJÓRI HAFRÓ

Nú liggja á borðinu tillaga um aflareglu fyrir ýsuna, þar sem gert er ráð fyrir því að 40% af 45 sentímetra ýsu og stærri séu veidd. Aflaregla er því stærðarháð, ólíkt því sem er í þorski. Það kemur til af því að sveiflur í árgangastærð í ýsu er miklum mun meiri en í þorski. „Þetta er regla sem er talin standast allar ítrustu kröfur um sjálfbærni og varúðarsjónarmið. Eins að hún gefi hámarksafrakstur til langs tíma litið,“ sagði Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, þegar

skýrsla um stöðu nytjastofna okkar og aflahorfur var kynnt fyrir skömmu. Í máli Jóhanns kom fram að stofnunin myndi vinna í samræmi við þessa tillögu þangað til hún, eða önnur aflaregla, yrði samþykkt.

Framreikningar sýna að ýsustofninn mun halda áfram að minnka á komandi árum og líkur á að hann verði nálægt sögulegu lágmarki árin 2014-2015. Komið hafa fram efasemdir um mat fiskifræðinga á ástandi og horfum í stofninum, og farið hefur verið fram á að stofnunin fari aftur yfir ráðgjöf sína í ýsu enda sé ráðlagður aflsamdráttur ekki í samræmi við núverandi ástand.

Á síðustu tveimur árum hefur farið fram greining á hugsanlegum aflareglum fyrir stjórn ufsa-veida. Til að ná hámarksafrakstri úr ufsastofninum til lengri tíma litið er mælt með sams konar aflareglu og notuð er við stjórn þorskveida. svavar@frettabladid.is

Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Mánudaginn 2. júlí gefur Íslandspóstur út tvær frímerkjaradír í tilefni af nýrri þjónustuleið, B-póstur fyrir 0-50g bréf innanlands.

Um er að ræða yfirprentun á frímerkinu „50 ár frá upphafi fyrsta þorskastríðsins“ sem útgefið var 2008 og myndefni hins merkisins er sveppurinn Móhnefla.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050 Fax: 580 1059 Netfang: stamps@postur.is Heimasiða: www.stamps.is



Sumarútsala

20% til 70% afsláttur



Ávaxtatré



Sumarblóm



Fjöloeringar



45

Nr. 45: Við ætlum að endurskipulagja lífvænleg fyrirtæki

AÐGERDIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Endurskipulagning fyrirtækja er mikilvægur áfangi í endurreisn efnahagslífsins.

Landsbankinn þinn er heiti á stefnu Landsbankans. Bankinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við stefnuna. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Yfir þúsund fyrirtæki endurskipulögð

Landsbankinn hefur lokið við endurskipulagningu yfir 1.000 fyrirtækja sem áttu í erfiðleikum eftir hrun. Með því hefur náðst mikilvægur áfangi í endurreisn efnahagslífsins.

Staða fyrirtækja skýrari

Flest öll fyrirtæki sem voru illa stödd eftir hrun þekkja orðið sína stöðu vel. Lífvænleg fyrirtæki búa við mun lægri skuldir en áður og geta gert raunhæfar áætlanir um rekstur sinn til framtíðar og er það von bankans að þau horfi nú fram á bjartari tíma.

Unnið hefur verið að endurskipulagningu fyrirtækja með ýmsum aðferðum, m.a. með Beinu brautinni. Það úrræði er heiti á samkomulagi fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs, Félags atvinnurekenda, fjármálaráðuneytis og efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem undirritað var 15. desember 2010. Í samkomulaginu fólst samræmt átak við að endurskipuleggja skuldir lítilla

og meðalstórra lífvænlegra fyrirtækja sem skulduðu minna en 1.000 milljónir króna.

Á grundvelli Beinu brautarinnar veitti Samkeppniseftirlitið fjármálafyrirtækjum tímabundna heimild til að samræma úrlausnir vegna greiðsluvanda fyrirtækja til 30. júní 2012. Landsbankinn mun samt sem áður halda áfram að leita úrræða fyrir þau fyrirtæki sem þurfa endurskipulagningar við.

Jafnræði að leiðarljósi

Við endurskipulagningu skulda fyrirtækja hefur Landsbankinn haft að leiðarljósi að tryggja að fyrirtæki nýtu jafnræðis. Sú nálgun hefur m.a. byggst á stefnu-



mótun stjórnvalda og lögum frá Alþingi allt frá haustinu 2008, auk viðmiða sem bankinn hefur sett sér eða gilt hafa fyrir fjármálakerfið í heild. Þá hefur Landsbankinn átt gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila sem fylgst hafa með því að öllum reglum sé fylgt. Nánari upplýsingar um úrræði fyrir fyrirtæki má finna á landsbankinn.is.





LENTUR Kínverski geimflugstjórnari Jing Haipeng lenti í Mongólíu eftir að hafa flogið með Shenzhou-9 geimfluginni að fyrirhugaðri geimstöð Kínverja.

NORDICPHOTOS/AFP

Fólki á biðlista eftir félagslegum íbúðum í Kópavogi mundi fækka um 114 væru viðmið söm og í Reykjavík: Kópavogur með hærri tekjuviðmið en Reykjavík

HÚSNÆÐISMÁL Biðlisti eftir félagslegum leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallslega næststýstur í Kópavogi miðað við íbúafjölda. Þá er fjöldi íbúða næstmestur þar á hverja þúsund íbúa af öllum sveitarfélögum landsins.

Fréttablaðið greindi frá því á fimmtudag að biðlisti eftir félagslegum leiguíbúðum væri hlutfallslega lengstur í Kópavogi af öllum stærstu sveitarfélögum landsins sé fjöldi fólks á lista borinn saman við fjölda íbúða. Alls eru 392 íbúðir og 241 á biðlista, eða 61,5 prósent. Meira en 1.300 manns eru á biðlistum eftir félagslegum leiguíbúðum í stærstu sveitarfélögum landsins.

Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ

er misjafnt á milli sveitarfélaga hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að komast á listann, til að mynda varðandi tekjuviðmið og biðtíma.

„Ef Kópavogsbær notaði sömu viðmið og Reykjavík mundi fólki á biðlistum fækka um 114,“ segir Arna Schram, upplýsingafultrúi Kópavogsbæjar. „Það væru þá 170 á biðlistanum í Kópavogi en ekki 284.“

Til að komast á biðlista í Reykjavík þarf íbúi að hafa búið þar í þrjú ár en einungis í sex mánuði í Kópavogi. Tekjuhámarkið í Reykjavík er ríflega 2,8 milljónir en um 3,7 milljónir í Kópavogi. Miðað við það ætti listinn í Kópavogsbæ að stytta til muna væru sömu viðmið notuð og í Reykjavík.



KÓPAVOGSBÆR Tekjuhámark Kópavogsbæjar vegna umsókna á íbúðum er 3,7 milljónir á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SKÓLI Sumir nemendanna hafa ekki verið í skóla í 40 til 50 ár, eða síðan þeir hættu í Heyrnleysingaskólanum.

Símenntun heyrnarlausra:

Fyrsta útskriftin

MENNTAMÁL Útskriftarathöfn Döfmenntaskólans fór í gær. Um er að ræða fyrsta námskeið sinnar tegundar á landinu og snýr að símenntun fyrir heyrnarlaus á þeirra móðurmáli, táknmáli.

Prúnarsjóður framhaldsfræðslu veitti Mími-símenntun styrk til verkefnisins í fyrra til að þróa grunnám fyrir heyrnarlaus í samstarfi við fleiri, að því er segir í tilkynningu.

Tuttugu ár liðin síðan hlutabréf Marel fóru á markað:

Marel hefur vaxið 5.600-falt frá 1983

ATVINNULÍF Hátækniyrirtækið Marel fagnaði því í gær að tuttugu ár eru liðin síðan hlutabréf fyrirtækisins voru skráð á hlutabréfamarkað.

Árið 1983, við formlega stofnun Marel, voru tekurnar 20 milljónir króna. Árið 2011 voru tekurnar 105 milljarðar króna og Marel er nú stærsta skráða félagið á Nasdaq OMX Iceland miðað við markaðsvirði.

Hluthafar Marel eru í dag um 2.200 talsins en þeir voru 242 í lok árs 1992 eða sama ár og félagið var skráð á markað.

Sé litið til veltu fyrirtækisins á þessum árum sést að Marel hefur vaxið meira en 5.600-falt til þessa dags. Það jafngildir

35 prósentu vexti á ári, talið í íslenskum krónum.

Hjá Marel starfa nú rúmlega fjögur þúsund manns um allan heim, þar af um 480 á Íslandi. Marel rekur framleiðslueiningar á sextán stöðum víðs vegar um heiminn og þjónustu- og söluskristofur á þrjátíu stöðum auk þess að hafa um 100 dreifingaradila á sínum snærum.

Marel á rætur sínar að rekja til rannsóknarverkefnis í Háskóla Íslands þar sem þróuð var tölvuvog fyrir íslenskan fiskiðnað. Félagið framleiðir nú hátækni-búnað fyrir marga af stærstu matvælaframleiðendum heims í kjúklinga-, fisk- og kjötiðnaði.

- shá



UMHUGAÐ UM VELFERÐ MANNKYNIS Nancy Kete stýrir Rockefeller-stofnuninni, góðgerðarstofnun sem hefur það að markmiði að stuðla að velferð mannkyns alls.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ísland gott dæmi um þrautseigju

Þrautseigja var þema Poptech-ráðstefnunnar sem lauk í Hörpu í gær. Framkvæmdastjóri Rockefeller-stofnunarinnar segir hana stórt viðfangsefni á nýrri öld. Íslendingar séu gott dæmi um þrautseiga þjóð.

EFNAHAGSMÁL „Við gengum í eina sæng með Poptech í þetta skipti sérstaklega til að kynna hugmyndina um þrautseigju, sem hefur mikið gildi einmitt um þessar mundir og mun gera áfram á 21. öldinni,“ segir Nancy Kete, framkvæmdastjóri Rockefeller-stofnunarinnar í New York, sem er helsti bak-hjarl Poptech-ráðstefnunnar sem lauk í Hörpu í gær.

John D. Rockefeller setti Rockefeller-stofnunina á fót fyrir 99 árum til að vinna að góðgerðarmálum. „Við höfum haft sama markmið frá upphafi: að stuðla að velferð mannkyns,“ segir Kete. „Og um þessar mundir erum við einkum að reyna að auka velferð í heiminum með því að yta undir þrautseigju og hagvöxt sem allir samfélagshópar njóta.“

Forsvarsmáður Poptech vinnur nú að bók um hugtakið þrautseigju (e. resilience) og því ákváðu Rockefeller-stofnunin og Poptech að vinna saman að ráðstefnum með þrautseigju sem meginþema. En hvers vegna varð Ísland fyrir valinu sem vettvangur þeirrar umræðu?

„Fólk getur rætt um þrautseigju í mörgu ólíku samhengi sem hvert eitt virðist kannski standa sér á báti en á þó þegar betur er að gáð mjög mikið sameiginlegt hvert með öðru. Undanfarnir ár höfum

við helst fjallað um þrautseigju í samhengi við efnahagsmál – hvort hagkerfi og fjármálastofnanir séu þrautseigar og eigi auðvelt eða erfitt með að mæta óvæntum áföllum.“

Ísland hefur verið í forgrunni þessarar umræðu og fólk hefur fylgst náið með því hvernig Ísland hefur hafið sig upp úr erfiðleikum sem fylgdu bankahruninu. Það er ein ástæða,“ segir Kete.

„Svo er Ísland líka einstætt vistkerfi. Hér er eldvirkni – og það er ekki líkingamál – og hér geta óvæntir atburðir gerst í náttúrunni sem breyta landslaginu til frambúðar, í bókstaflegri merkingu. Þess vegna er Ísland gott dæmi um land með þrautseigum íbúum sem eru vanir því að þurfa að laga sig að nýjum aðstæðum.“

Kete kom ekki að því að velja ræðumennina á ráðstefnunni en þeir höfðu mjög ólíkan bakgrunn, eins og hefur tíðkast á fyrri ráðstefnum Poptech. „Bakgrunnur þeirra er ólíkur en málflutningur þeirra á samt margt sameiginlegt. Langflestir tala um þrautseigju, og þá gildir einu um hvers konar kerfi er rætt – manneskju, samtök, fyrirtæki eða vistkerfi – alltaf snýst þetta um hvort kerfið er fært um að bregðast við álagi eða áfalli og halda samt helstu einkennum sínum og virkni.“

stigur@frettabladid.is

Húseiningar

sem stilla má saman á ýmsa vegu

Fágætt kaup-tækifæri

„fyrir félagasamtök, starfsmannafélög, sveitarfélög, bændur/bændagistingu, fjárfesta og einstaklinga“

Ótal möguleikar - stuttur afgreiðslutími

Standard eining = 36,4 m²

Hægt er að fá hús allt frá 36 - 3000 m²

„Úr húseiningunum má skapa hótél, gistiheimili, hostel, skólastofur, starfsmannaaðstöðu, bráðabirgða skólastofur, golfskóla, skrifstofur, sumarhús, parhús, einbýlishús o.fl.“

„Við seljum standard húseiningar með inniföldum rúmmum, borðum, gluggatjöldum og rafmagnsfoðum í hverju herbergi.“

317 m²

Einingahúsin uppfylla íslenska byggingareglugerð

2 standard einingar + 1 gangaeining = 92 fm



Nýttu þér þetta kaup- og/eða fjárfestingatækifæri

www.stracta.is

822-2222
Hreiðar Hermannsson
hreiðar@stracta.is

822-7303
Eiríkur Hilmarsson
eiririkur@stracta.is

660-7761
Stefán Antonsson
stefan@tingholt.is


898-4477
Viðar Marínsson
vidar@tingholt.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR ÁFANGASTAÐUR FRAMUNDAN: KAUPTÚNI



VERIÐ VELKOMIN Í TOYOTA KAUPTÚNI

Toyota flytur um helgina alla starfsemi sína frá Kópavogi undir eitt þak í Kaupþúni 6, Garðabæ, við hliðina á Ikea. Við bjóðum alla velkomna til Toyota í Kaupþúni, mánudaginn 2. júlí. Við tökum vel á móti þér, eins og alltaf. Á flunku-nýjum stað.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Hjálpuðum við ekki bönkum í vandræðum?

Við borgum líka

Sú mýta er vinsæl, ekki sízt í útlöndum, að íslenzkir skattgreiðendur hafi ekki þurft að punga neinu út til að halda bönkum á floti, eins og almenningur í ótal mörgum öðrum ríkjum þarf að gera. Þetta á víst að vera ein skýringin á nýja, íslenska efnahagsundrinu. Ýmsir málsmetandi fulltrúar íslenzkrar stjórnmalástéttar hafa ýtt undir mýtuna, sem draga má saman í fleygum orðum: Við borgum ekki skuldir óreiðumanna.

Vissulega ábyrgðist íslenska ríkið ekki skuldir bankanna, enda var það ósköp einfaldlega ómögulegt; þær námu nifaldri landsframléiðslu. Erlendir lánveitendur bankanna voru látnir taka á sig gríðarlegt högg. Hins vegar er það vægast sagt ofmælt að íslenzkir skattgreiðendur hafi ekki þurft að gjalda fyrir vitlaugar ákvarðanir í bankakerfinu fyrir hrun.

Ríkisendurskoðun gaf í vikunni út skýrslu um fyrirgreiðslu ríkisins við fjármálafyrirtæki og -stofnanir eftir hrun. Hún er samantekt á upplýsingum um fjárútlát, lán og ábyrgðir skattgreiðenda vegna fjármálafyrirtækja í vandræðum. Ríkisendurskoðun bendir á að þessar skuldbindingar skattgreiðenda séu svo ólíks eðlis að ekki sé hægt að nefna eina samtölu um það hvað sameiginlegur sjóður landsmanna hefur lagt út í þágu fjármálafyrirtækjanna, það myndi gefa villandi mynd af stöðunni. Út úr samantektinni má þó lesa að við borgum dágóðan slatta fyrir óreiðumenn.

Eiginfjárframlag skattgreiðenda til nýju bankanna þriggja nemur 138,2 milljörðum og víkjandi lán til þeirra 57,3 milljörðum. Þessum peningum var sennilega skynsamlega varið til að halda bankastarfsemi gangandi og líklegt er að ríkið nái þeim til baka í gegnum arð og sölu á hlut sínum í bönkunum.

Aðrar ákvarðanir, sem hafa reynzt skattgreiðendum fokdýrar, eru umdeilanlegri. Seðlabankinn og ríkissjóður töpuðu 267 milljörðum vegna lána til bankanna fyrir hrun (þegar Seðlabankinn vissi, að eigin sögn, að þeir voru á leiðinni á hausinn). Ríkisendurskoðun telur enn ekki unnt að meta hvort eitthvað innheimtist af kröfum á móti þessum töpuðu peningum.

Við töpum 25 milljörðum á SpKef og 1,7 milljörðum á minni spari-sjóðum. Kröfur á VBS, Aska og Saga Capital, samtals 52 milljarðar, telur Ríkisendurskoðun tapaðar. Þessum fyrirtækjum kom ríkið til aðstoðar með einum eða öðrum hætti eftir hrun en tókst ekki að bjarga neinu þeirra. Er þá margt ótalið úr samantektinni.

Önnur vinsæl mýta er að með því að hafna tveimur Icesave-samningum sem forseti Íslands vísaði til þjóðaratkvæðagreiðslu hafi íslenzkir skattgreiðendur komið af sér þeirri áþján að borga fyrir óreiðumennina sem settu Landsbankann á hausinn. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur það rétta skýrt í ljós: Icesave-málinu er ekki lokið. „Þar sem ekki tókst að ljúka málinu með samningum mun niðurstaða þess ráðast fyrir EFTA-dómstólnum. Aðilar munu engu að síður þurfa að semja sín á milli um endurgreiðslu og vexti verði niðurstaða málsins íslenskum stjórnvöldum í óhag,“ segir Ríkisendurskoðun.

Úrslit síðustu atkvæðagreiðslu þýða að Ísland hefur ekki lengur stjórn á niðurstöðunni með samningi, heldur getur nú brugðið til beggja vona. Ísland gæti unnið mikið á dómniðurstöðunni og líka tapað miklu. Þeir sem réðu því að málið er komið í þessa stöðu eru ekki hetjur heldur fremur fjárhættuspilarar með fé skattgreiðenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÝ BÓK FRÁ HUGLEIKI

EMM FLEIRI ISLENSK MEGUR LÖG

HUGLEIKUR ÞAGSSON

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Ármaður Íslands

Pólítísk málefni hafa verið dregin inn í forsetakjör með óvenju afgerandi hætti á þessu sinni. Samt er ólíklegt að draga megi ákveðnar pólitískar ályktanir af úrslitunum. Að einhverju leyti eru kjósendur að senda skilaboð um hvers konar forsetaembætti þeir vilja hafa. En fyrst og fremst er þetta persónuleikakjör.

Margir virðast vera sáttir við hvernig forsetinn hefur látið í embætti og sumir hæstánægðir. Hugmyndin um forsetann sem einingartákn virðast blandast óskum um að í honum megi finna eins konar



ÞORSTEINN PÁLSSON

ármann Íslands þegar mest liggur við. Þrátt fyrir allt sem á undan er gengið hefur forsetanum tekist að ná eyrum margra með þá kenningu að nú sé óvissir tímar og hann sé rétti ármaðurinn.

Þetta á fyrst og fremst rætur í ánægju margra með hvernig hann hefur beitt sér gegn tveimur ólík-

um ríkisstjórnnum. Þeir sem kætast mest nú vönduðu forsetanum hins vegar ekki kveðjurnar 2004. Þeir sem helst atyrða hann í dag voru kampakátir 2004.

Að baki þessu áli á forsetanum liggur því lítil staðfesta og óljós grundvallarviðhorf. Þar virðast miklu fremur ráða pólitísk lögmál kennd við vindhana. Ýmsum, en alls ekki öllum, finnst sem forsetinn hafi beitt fyrir sig háleitum hugmyndum um ármann Íslands á Bessastöðum þegar hann var í raun og veru að láta reyna á vogarafi valdanna í eigin þágu.

Fallin burst

Ófsagt væri að segja að embættið væri ónýtt. Nær lagi er að líkja því við fallna burst. Vafamál er hvort unnt er að endurreisa hana að óbreyttum stjórnskipunarlögum. Þrátt fyrir málefnalega framgöngu hafa þeir forsetaframþjóðendur sem helst hafa skírskotað til klassískra hugmynda um forsetaembættið ekki með sannfærandi hætti náð að sýna fram á að það sé unnt. Sennilega þarf meira til en góðan vilja.

Brýnt er því að marka þjóðhöfðingjaembættinu skýrt hlutverk í stjórnarskrá. En það meginmál hefur varla verið rætt. Þessu marki er unnt að ná með litlum en

áhrifaríkum breytingum. Ein er sú að flytja málskotsréttinn sem svo er nefndur til minnihluta þingmanna.

Þetta má líka gera með því að halda synjunarvaldi forsetans en kveða á um að kjósa skuli að nýju til Alþingis falli lög í þjóðaratkvæði en verði þau samþykkt skuli kjósa um forsetaembættið að nýju. Þar með fylgdi meiri ábyrgð þessu valdi. Í reynd væri verið að stjórnarskrárbinda upphaflega túlkun fræðimanna á þessu ákvæði. Aukin ábyrgð ætti að minnka líkurnar á að embættið verði virkur þátttakandi í refsáká stjórnmalanna.

Róttækasta breytingin er sú að

taka upp bandaríska kerfið með valdajafnvægi milli löggjafar- og framkvæmdavalds. Sambland af því kerfi og þingræði er hins vegar versti kosturinn.

Einnig má viðhalda hinu klassíska einingarhlutverki með því að færa forsetanum ný stjórnskipuleg verkefni. Forsetanum þarf að ætla nægan starfa. En verkefni verða á hinn bóginn að vera þess eðlis að hann geti staðið ofan við dægurþras stjórnmalanna. Nýfengin reynsla sýnir að það getur leitt embættið í ógöngur þegar sá sem því gegnir þarf að ákveða hlutverk sitt sjálfur. Enn allt veltur þetta þó á endanum á dómgreind þess sem hlutverkinu gegnir.

Þingforsetastarfinu bætt við forsetaembættið

Ein leið til að ná því tvíþætta markmiði að endurheimta hugmyndina um einingarhlutverkið og gefa forsetanum stjórnskipulegt verkefni við hæfi er að bæta hlutverki forseta Alþingis við þjóðhöfðingjaembættið. Forseti lýðveldisins yrði þá æðsti maður löggjafarvaldsins en ekki framkvæmdavaldsins eins og nú er. Það er í góðu samræmi við þá nútíma-hugmynd að löggjafarþingið sé æðra framkvæmdavaldinu.

Um leið og sík breyting yrði

gerð á stjórnskipulaginu væri eðlilegt að fella niður þá úreltu skipan að framkvæmdavaldið staðfesti ný lög. Forseti Íslands myndi eftir þá sem æðsti maður löggjafarvaldsins undirrita lög til staðfestingar um að þau hefðu verið sett með stjórnskipulega réttum hætti.

Mikilvægt er hins vegar að halda þeim möguleika opnum að leggja mikilvæg þingmál fyrir þjóðina. Það má gera með því að viðhalda synjunarvaldinu en heimila forsetanum því aðeins að beita því að ákveðinn minnihluti þing-

manna hafi lagt það til. Pólítíska ábyrgðin liggur þá á þeim vettvangi.

Með því að forsetinn yrði áfram þjóðkjörinn er líklegt að slík nýskipan myndi styrkja stjórnskipulega stöðu Alþingis. Hún myndi einnig stuðla að betra valdajafnvægi á Alþingi því stjórnarmeirihluti á hverjum tíma gæti þá ekki ráðið hver færri með æðstu stjórn þingsins. Þannig má slá tvær flugar í einu höggi: Reisa burst forsetaembættisins og efla virðingu Alþingis.

Alltaf lágt verð



EASY CAMP TJALD METEOR 300

Gott tjald í útileguna. Svefnpláss fyrir 3.
Stærð að utan: (60 + 210) x 200 x 120 cm
Stærð að innan: 210 x 180 x 110 cm
Ytra efni: 180T Polyester PU húðað.
Innra efni: Öndunarefni úr polyamid
Stangir: Fiberglass 7,9 mm.
Gólfefni PE
Stærð pakkað 59 x 17 cm
Þyngd 3,6 kg.

5.995,- !

EASY CAMP TJALD STAR 200

Frábært útivistartjald með góðu geymsluplássi. Svefnpláss fyrir 3.
Stærð að utan: 360 x 150/125 x 115/95 cm
Stærð að innan: (210 + 140) x 130/105 x 105/85 cm
Ytra efni: 180T Polyester PU húðað.
Innra efni: Öndunarefni úr polyamid
Stangir: Fiberglass 8,5 mm.
Gólfefni PE.
Stærð pakkað 64 x 18 cm.
Þyngd 3,9 kg.

15.495,- !



TJALDSTÓLL MEÐ GLASAHALDARA

Góður tjaldstóll með örmum og glasaðaldara. Hægt að leggja saman.

1.595,- !



EASY CAMP ÚTILEGUTEPPI

Frábært tvöfalt útilegu teppi með vatnsþéttum botn. Framhlíð 100% Akrylfiber. Stærð 140 x 170 cm

1.995,- !



EASY CAMP BAKPOKI

Góður 20 L bakpoki í útileguna eða sumargönguna. Stillanlegt bak með góðri mittisól. Endurskin og hólfi fyrir vatnsflöskuna. Þyngd 450 gr.

2.495,- !

EASY CAMP SVEFNPOKI COSMOS 150

Ytra byrði: 190T 100% pólýester. Innra byrði: 80% pólýester/20% bómull. Stærð: 210 x 75 x 50 cm. Líkamsleidd: 190 cm. Stærð poka: 37 x 16 cm. Þyngd: Ca. 980 g



2.595,- !

Outwell

LOFTDÝNA

Sjálfupplásanleg. Stærð 183 x 51 x 3 cm. Þyngd 1,2 kg.



3.495,- !

Kids Club

Krakkar, Komið og hittið Krakkaklúbbsmaurinn milli kl. 12 og 17 á laugardaginn.



Útilegan og ferðalagið byrjar í BAUHAUS

í Garðalandi færðu allt fyrir útileguna á góðu verði. Tjöld í mörgum stærðum og gerðum, bakpokar, vindsængur, svefnpokar, útilegustólar, kælibox og fullt af aukahlutum sem koma að góðum notum í útilegunni. Njóttu þess að koma til okkar í BAUHAUS og láttu okkur koma þér á óvart með ótrúlegu vöruúrvali.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 28. júní til og með laugardagsins 30. júní 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

Ráðhúsið

Kjörsvæði

1

norður



1. kjördeild

Aðalstræti
Amtmannsstígur
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bárugata
Bergstaðastræti 3-51

3. kjördeild

Frakkastígur
Framnesvegur 1-54
Framnesvegur 56-56a
Framnesvegur 58-58b
Freyjugata
Garðastræti
Grettisgata 2-86
Grjótagata
Grundarstígur
Haðarstígur

2. kjördeild

Bergstaðastræti 52-86
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarkargata
Bjarnarstígur
Blómvallagata
Bókhliðustígur
Bragagata
Brattagata
Brávallagata
Brekustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Egilsgrata
Eiríksgata
Fischersund
Fjólugata
Fjölnisvegur

4. kjördeild

Hallveigarstígur
Hávallagata
Hellusund
Höfsvallagata 1-23
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut, sléttar tölur
Hverfisgata

5. kjördeild

Ingólfsstræti
Kárástígur
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 5-100

Leifsgata

6. kjördeild

Lindargata
Ljósvallagata
Lokastígur
Lækjargata
Marargata
Miðstræti
Mímisvegur
Mjóstræti
Mýrargata
Njarðargata
Njálsgata 1-87
Norðurstígur
Nýlendugata

7. kjördeild

Nönnugata
Óðinsgata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skóthúsvegur
Skólaláur
Skólastræti
Skólavörðustígur
Skúlagata 10-46

8. kjördeild

Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut, sléttar tölur
Sóleyjargata
Sólavallagata
Spítalastígur
Stýrimannastígur

Suðurgata 3-37
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Týsgata
Unnarstígur

9. kjördeild

Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vítastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata
Ægisgata
Öldugata

10. kjördeild

Erlendis búsettir lengur en 8 ár
Erlendis búsettir skemur en 8 ár
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

Laugardalshöll

Kjörsvæði

2

norður



1. kjördeild

Auðarstræti
Austurbrún
Álfheimar
Álftamýri 2-36

2. kjördeild

Álftamýri 37-75
Ármúli
Ásholt
Ásvegur
Barðavogur
Bolholt
Bollagata
Borgartún
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Brekkuhákur
Brúnavegur

3. kjördeild

Bugðulákur
Dalbraut
Dragavegur
Drekavogur
Dugguvogur
Dyngjuvegur
Efstasund
Eikjuvegur
Einholt
Engjateigur
Fellsmúli 2-17

4. kjördeild

Fellsmúli 18-22
Ferjuvogur
Flótagata
Glaðheimar
Gnoðarvogur
Goðheimar
Grensásvegur 14
Grettisgata 90-98
Guðrúnargata
Gullteigur
Gunnarsbraut

5. kjördeild

Háaleitisbraut
Háteigsvegur
Hátún
Hjallavegur
Hjálmholt
Hlunnavogur
Hofteigur
Hólmasund
Hólsvegur
Hraunteigur
Hrefnugata

7. kjördeild

Hrisateigur
Höfðatún
Jökulgrunn
Kambsvegur

Karfavogur
Karlsgata
Kirkjusundur
Kirkjuteigur
Kjartansgata
Kleifarvegur
Kleppsvegur 2-54

8. kjördeild

Kleppsvegur 56-144
Kleppsvegur Hrafnista
Kleppur starfsmannahús
Langahlíð
Langholtsvegur 1-115

9. kjördeild

Langholtsvegur 116-208
Laugalákur
Laugarásvegur
Laugarnestangi
Laugarnesvegur

10. kjördeild

Laugateigur
Laugavegur 103-162
Ljósheimar
Mánagata
Mánatún
Meðalholt
Miðtún

11. kjördeild

Mjölhisholt

Mörkin
Njálsgata 90-112
Njörvasund
Norðurbrún
Nóatún
Nökkvavogur
Otrateigur
Rauðalákur

12. kjördeild

Rauðarstígur
Reykjavegur
Safamýri
Samtún
Selvogsgrunn
Siglúvegur
Sigtún
Silfurteigur
Síðumúli
Skafthlíð 1-28

13. kjördeild

Skafthlíð 29-42
Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skeiðarvogur
Skipasund
Skiptaholt

14. kjördeild

Skúlagata 52-80
Snekkjuvegur

Kjörstaðir í Reykjavík

við forsetakosningar 30. júní 2012

Hvar kýst þu

Hagaskóli

Kjörsvæði

1

suður



1. kjördeild

Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Álagrandi
Bauganes
Baugatangi
Bárugrandi
Birkimelur
Boðagrandi
Dunhagi
Eggertsgata 2-8

5. kjördeild

Keilugrandi
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Lynghagi
Meistaravellir
Melhagi
Neshagi
Nesvegur
Oddagata
Rekagrandi

2. kjördeild

Eggertsgata 10-34
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálgagata
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur 55 og 57
Framnesvegur 59-68

6. kjördeild

Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Skeljagrandi
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata 100-121

3. kjördeild

Frostaskjól
Gnitanes
Góugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Hagamelur 2-40

7. kjördeild

Sörlaskjól
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormódsstaðvegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisíða
Öldugrandi

4. kjördeild

Hagamelur 41-53
Hjarðarhagi
Höfsvallagata 49-62
Hringbraut, oddatölur
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur

8. kjördeild

Erlendis búsettir lengur en 8 ár
Erlendis búsettir skemur en 8 ár
Óstaðsettir í hús
Sendiráðsstarfsmenn

Hlíðaskóli

Kjörsvæði

2

suður



1. kjördeild

Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð 1-33

3. kjördeild

Mávahlíð 32-48
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Stakkahlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vesturhlíð
Viðihlíð

2. kjördeild

Drápuhlíð 34-48
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð 1-31

Ölduselsskóli

Kjörsvæði

4

suður



1. kjördeild

Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkuasel
Dalsel
Dýnskógar
Engjasel 1-83

3. kjördeild

Hálsasel
Heiðarsel
Hjallasel
Hléskógar
Hnjúkasel
Holtasel
Hólmasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel 1-48

2. kjördeild

Engjasel 84-87
Fífusel
Fjarðarsel
Fljútasel
Flúðasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel

4. kjördeild

Kambasel 49-85
Kleifarasel
Klyfjasel
Kögursel

Lambasel

Látrasel
Lindarsel
Ljárskógar
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut
Síðusel
Skagasel
Skógarsel

5. kjördeild

Skríðusel
Staðarsel
Stafnasel
Stallasel
Stapasel

Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel
Tjarnarsel
Tungusel
Vaðlasel
Vaglasel
Vatnasel
Vogasel
Ystasel
Þingasel
Þjóttusel
Þrándarsel
Þúfusel
Þverársel

Breiðagerðisskóli

Kjörsvæði

3

suður



1. kjördeild

Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði

2. kjördeild

Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Efstaleiti
Espigerði
Fossvogsvegur

3. kjördeild

Furugerði
Garðsendi
Gautland

Geitland
Giljaland
Goðaland
Grensásvegur 24-60
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði

4. kjördeild

Heiðargerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hlyngerði
Hólmgarður
Hulduland

Hvammargerði
Hvassaleiti 1-37

5. kjördeild

Hvassaleiti 38-157
Hæðargarðurur
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kringlan
Kúrland

6. kjördeild

Kvistaland
Langagerði

Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Miðleiti
Mosgerði
Neðstaleiti

7. kjördeild

Ofanleiti
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Seljugerði
Skálagerði

Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur

8. kjördeild

Snæland
Sogavegur
Steinagerði
Stjórnugróf
Stóragerði
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Viðjugerði
Vogaland

Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

Kjörsvæði

3

norður



1. kjördeild

Austurfold
Baughús
Básbryggja
Bláhamrar
Brekkuhús
Dalhús
Dverghamrar
Dyrhamrar
Eldshöfði
Fannaafold 1-157

4. kjördeild

Leiðhamrar
Logafold
Miðhús
Naustabryggja

5. kjördeild

Neshamrar
Rauðhamrar
Reykjafold
Salhamrar
Smiðshöfði
Sporhamrar
Stakkhamrar
Suðurrhús
Svarthamrar
Sveighús
Vallarhús
Vegghamrar
Veghús
Vesturfold
Vesturhús
Vesturlbr. Keldur

3. kjördeild

Geithamrar
Gerðhamrar
Grundarhús
Hamarshöfði
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Hlíðarhús
Hverafold
Höfðabakki
Jöklafold
Krosshamrar

Vættaskóli Borgir

(áður Borgaskóli)

Kjörsvæði

4

norður



1. kjördeild

Álfaborgir
Bakkastaðir
Barðastaðir
Berjarimi
Breiðavík 1-16

4. kjördeild

Hulduborgir
Hvannarimi
Jötnaborgir
Klukkurimi
Laufengi
Laufrimi
Ljósavík

2. kjördeild

Breiðavík 17-89
Brúnastaðir
Disaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Fífurimi
Flétturimi
Fróðengi 1-9

5. kjördeild

Lyngrimi
Mosarimi
Mururimi
Reyngi
Rósarimi
Smárarimi
Sóleyjarimi 1-23

3. kjördeild

Fróðengi 10-20
Garðsstaðir
Gautavík
Goðaborgir
Grasarimi
Gufunesvegur
Gullengi
Hamravík
Hrísrimi

6. kjördeild

Sóleyjarimi 33-123
Stararimi
Starengi
Tröllaborgir
Vallengi
Viðarimi
Vættaborgir
Æsuborgir

Ingunnarskóli

Kjörsvæði

5

norður



1. kjördeild

Andrésbrunnur
Biskupsgata
Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Gerðarbrunnur
Gissurargata
Grænlandsleið
Gvendargeisli, oddatölur
Haukdælabraut
lðunnarbrunnur
Jónsgeisli

Kapellustígur
Katrínarlind
Klausturstígur

2. kjördeild

Kristnibraut, oddatölur
Lambhagavegur
Lofnarbrunnur
Marteinslaug
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Skyggisbraut
Urðarbrunnur

Úlfarsbraut
Úlfarsfellsvegur
Vesturlandsbraut Engi
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lambhagi
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlbr. Tjarnarengi
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3
Vesturlandsbraut Víðimýri
Þórðarsveigur

Klébergsskóli

Kjörsvæði

6

norður



1. kjördeild

Álfnes og önnur bæjarnöfn
Búagrund

Esjugrund
Furugrund
Helgugrund

Höfsbraut
Jörfagrund
Víkurgund



Reykjavíkurlkjördæmi norður


Reykjavíkurlkjördæmi suður

Íþróttamiðstöðin Austurbergi

Kjörsvæði

5

suður



1. kjördeild

Arahólar
Asparfell
Austurberg
Álftahólar
Blikahólar
Blöndubakki

Depluhólar
Dúfnahólar
Dvergabakki
Erluhólar
Eyjabakki
Fannarfell
Ferjubakki
Fornistekkur

Gaukshólar
Geitastekkur
Gilsárstekkur
Grýtubakki 2-12

3. kjördeild

Grýtubakki 14-32
Gyðufell
Hamraberg
Haukshólar

2. kjördeild

Brúnastekkur
Fýlishólar

Háberg
Heiðnaberg
Hjaltabakki
Hólaberg
Hólustekkur
Hrafnhólar
Hraunberg
lðufell
Írabakki 2-24

4. kjördeild

Írabakki 26-34
Jórufell
Jörfabakki
Keilufell
Klapparberg

Kóngsbakki
Kriuhólar
Krummahólar 1-8

5. kjördeild

Krummahólar 9-59
Köttlufell
Lambastekkur
Lágaberg
Leirubakki
Lundahólar
Mariubakki
Máshólar
Möðrufell
Neðstabergr
Norðurfell

Núpabakki
Nönnufell
Orrahólar
Ósabakki
Prestbakki

6. kjördeild

Réttarbakki
Rituhólar
Rjúpufell
Skriðustekkur
Smyrilshólar
Spóahólar
Staðarbakki
Starrahólar
Stelkshólar

Suðurrhólar
Súluhólar
Torufell 1-32

7. kjördeild

Torufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

Suðurrhólar
Súluhólar
Torufell 1-32

7. kjördeild

Torufell 33-50
Trönuhólar
Tungubakki
Ugluhólar
Unufell
Urðarbakki
Urðarstekkur
Valshólar
Vatnsveituvegur
Vesturberg 1-94

8. kjördeild

Vesturberg 95-199
Vesturhólar
Víkurbakki
Völvufell
Yrsufell
Þangubakki
Þórufell
Þrastarhólar
Æsufell

Ingunnarskóli

Kjörsvæði

7

suður



3. kjördeild

Gvendargeisli, sléttar tölur
Kirkjustétt
Kristnibraut, sléttar tölur
Laxalón
Mariubaugur

4. kjördeild

Ólafsgesli
Prestastígur
Vesturlbr. Grafarholt
Þorláksgesli

Hægt er að slá inn kennitölu á www.kosning.is og fá upplýsingar um hvar viðkomandi er á kjörskrá.

Árbæjarskóli

Kjörsvæði

6

suður



1. kjördeild

Álakvísl
Árbæjarblettur
Árkvörn
Birtingakvísl
Bjallavað
Bleiðkúskvísl
Brautarás
Brekubær
Brúarás
Bröndukvísl
Búðavað
Deildarás
Disarás
Elliðavað
Eyktarás

Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Helluvað
Hestavað
Hlaðbær
Hólavað
Hólmvað
Hraunbær 1-13

Laxakvísl
Lindarvað
Lyngháls
Lækjarás

5. kjördeild

Lækjarvað
Malarás
Melbær
Móvað
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rafstöðvarvegur
Rauðavað
Rauðás
Reiðvað

2. kjördeild

Fagribær
Ferjuvað
Fiskakvísl
Fjarðarás

4. kjördeild

Hraunbær 111-198
Kambavað
Klapparás
Kleifarás
Kólguvað
Krókavað

6. kjördeild

Reykás 26-49

Rofabær
Sandavað
Seiðakvísl
Selásblettur
Selásbraut
Selvað
Silungakvísl
Sílakvísl
Skógarás
Stangarhýlur
Suðurrás

7. kjördeild

Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkúrásl
Vorsabær
Ystibær
Þingás
Þingvað
Þverás
Þykkvísl

Athugaðu þetta:

- Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum
- Kjörfundur hefst laugardaginn 30. júní kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00
- Kjörskrá er aðgengileg á vefnum www.kosning.is
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavíkurlkjördæmi norður veittar í síma 411-4915 og í Reykjavíkurlkjördæmi suður í síma 411-4925
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkurlkjördæmis norður mun á kjördegi hafa aðsetur sitt í Ráðhúsi Reykjavíkur, en yfirkjörstjórn Reykjavíkurlkjördæmis suður í Hagaskóla
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum



Skrifstofa borgarstjórnar



Í HAGANUM Þórdís Katla, Atli og Kolbrún heilsa upp á litla folaldið sem fæddist nóttina áður og móður þess, Hugsýn frá Stóra-Sandfelli 2. Hinn hreinræktaði íslenski fjárhundur Leiru Þórshamar Týri fylgir með.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er bara ævintýramennska

Aðeins tvö býli eru í byggð af þeim níttján sem merkt eru á kort af Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Mánaskál nefnist það eina í norðanverðum dalnum. Þangað fluttu **Kolbrún Ágústa Guðnadóttir** og **Atli Gunnarsson** í fyrrasumar frá Reykjavík ásamt dótturinni Þórdísi Kötlu. **Gunnþóra Gunnarsdóttir** ákvað að athuga hvernig þau kæmu undan vetri.

Þetta er náttúrulega bara ævintýramennska. Við sáum fram á ódýra búsetu hér í stað þess að leigja fyrir sunnan," segir Atli Gunnarsson brosandí um búsetuna að Mánaskál, eina bænum sem býið er á í norðanverðum Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu. Sambýliskonan Kolbrún Guðnadóttir tekur undir það. „Við vorum ekki brunnin inni með eitt hvert húsnæði sem við vorum bundin yfir og þegar maður er ekki að drukkna í húsnæðislánum er hægt að leika sér aðeins.“

Atli er frá Kirkjubæjarklaustri og Kolbrún úr Reykjavík. Hún erfði jörðina Mánaskál fyrir nokkrum árum ásamt bróður sínum og keypti hans hlut. „Afi og amma bjuggu hér og ég var alltaf ákveðin í að flytja hingað, hélt bara að það yrði ekki fyrr en ég yrði komin á ellilaun en þegar Atli gat fengið launalaust frí í sinni vinnu í tvö ár stukkum við á tækifærið og fluttum norður.“

Rafstöð við bæjarlækinn

Mánaskál stendur uppi á dálitlum böltu spölkorn frá veginum sem liggur eftir hluta dalsins. Húsið er snoturt. Inn í það er gengið af nýlegum palli með útihúsgögnum á en blaðamanni og ljósmyndara er boðið upp á kaffi í hlýlegu eldhúsinu. Dóttirin Þórdís Katla situr ýmist í fangi föður síns eða er að sýsla við sitt dót í stofunni sem er þar inn af. Kolbrún segir endurbætur á húsinu hafa verið hafnar áður en þau fluttu. „Við vorum búin að klæða hluta af húsinu og útbúa íbúðarhæf herbergi í kjallaranum," nefnir hún sem dæmi. „Já, það er ótrúlega drjúgt sem býið er að gera á staðnum þó mikíð sé eftir, hér voru til dæmis engar girðingar," segir Atli. Nú hefur verið bætt úr þeim málum og býið er að sá í flög á sléttlendinu fram undan bænum. „Okkur langar að stækka aðeins túnið," segir Kolbrún og hrósar Atla sem ekki aðeins hefur sinnt þeirra jörð þetta vorið heldur líka unnið upp tún og borið á fyrir aðra bændur.

Ein aðalframkvæmdin á svæðinu er þó litla rafstöðin við bæjarlækinn sem Atli

á mestan heiðurinn að og náðist að taka í notkun í fyrrahaust. Húsið er hitað upp frá rafstöðinni og þar er dúndurhiti þó allir gluggar séu opnir. „Vatnið kemur úr uppsprettu þannig að rennslið er nokkuð jafnt en dettur þó aðeins niður á haustin. Nú erum við komin með varmaðælu svo við getum aukið nýtnina," útskýrir Atli. „Það var rafstöð hér í gamla daga, áður en ríkisrafmagnið kom," segir Kolbrún. „Við erum meira að segja með túrbínuna úr henni, einn frændi minn á Skagaströnd fékk hana á sínum tíma og það var fyrir hans varðveislu sem við fengum hana til baka. En annar frændi minn á Skagaströnd smíðaði túrbínuna upp-haflega. Draumurinn er að framleiða meira

Ekkert gemsasamband er í Mánaskál og sjónvarpsskilyrðin eru slæm en fjölskyldan hefur netsamband í gegnum 3G. Malarvegur liggur að bænum, greiðfær á sumrin en hvernig var að komast um hann í vetur? „Það var óneitanlega erfitt í skammdeginu," viðurkennir Kolbrún og heldur áfram. „Ég var svo óheppin að vera hér að mestu ein með stelpuna þegar versta færðin var. En ég fékk mokstur þegar ég þurfti á að halda þannig að við urðum ekkert innlyksa í marga daga. Það er hins vegar ekki fært upp að bænum þegar allt fer á kaf, þannig að ég þurfti ansi oft að labba neðan af vegi og það var misgaman með innkaupapokana og barnið í skafrenningi og myrkri. Svo klikk-

til Reykjavíkur og sá að það hafði bara snjóað á Laxárdal og Holtavörðuheidi.“

Þó vissir erfíðleikar hafi fylgt vetrinum er litla fjölskyldan ánægð í Laxárdal. „Okkur finnst þetta vöðu eðlilegt. Það er frekar að aðrir furði sig á veru okkar hér," segir Kolbrún og Atli tekur undir það. „Það er frábært að vera svona út af fyrir sig en samt stutt frá annarri byggð. Það eru bara um 15 kílómetrar út á Blönduós. Við erum ekkert afskekkt þó við séum aðeins út úr.“

Á litla ljóta traktorum

Hlutur í Laxá í Refasveit fylgir Mánaskál og það eru hlunnindi því áin er leigð út og ábúendurnir fá arðgreiðslur en þeir mega ekkert veiða. Spurður í gríni hvort þau geti ekki læst í ána á nóttunni svarar Atli: „Það er sjálfsagt allt hægt en ég held við förum ekki að láta grípa okkur við þannig iðju. Veiðihúsið er líka í okkar landi og íbúar þess mundu sjá til okkar.“

Bústofninn er nú hross. „Ég hef lengi verið að skottast í hestum, það var bóndi á Neðri-Mýrum sem sá um þá fyrir mig. Hann hætti að búa á síðasta ári og nýi ábúandinn aðstoðaði okkur við gjöf í vetur þegar við vorum að heiman," segir Kolbrún. Hún kveðst aðeins vera að fíkta í ræktun. „Hestamennska er mitt áhugamál og það er ekki hægt að hætta. Atli hefur minna gaman af hrossunum en ég en hann er góður í verklegum framkvæmdum svo hann lendir í þeim.“ Atli upplýsir að þau séu að velta fyrir sér að fá sér nokkrar lífgimbrar í haust ef leyfi fáiast og telur að gaman væri að fara út í búskap ef hann borgaði sig. „Hér eru engin útihús þannig að við þyrftum að byggja ef um alvöru búskap yrði að ræða, því er það talsverð ákvörðun," útskýrir Kolbrún. „En ég væri alveg til í það og hefði mjög gaman af því.“ Ein gömul Zetor-dráttarvél fylgdi jörðinni að sögn Atla en þau keyptu aðra til að hafa tvær í heyskapnum. Kolbrún hefur sínar skýringar á því. „Það var nú aðallega af því Atla finnst svo gaman að sjá mig á litla, ljóta Zetorum. Hann gerir í því að láta mig vera á honum bara til að geta hlegið að mér!“



Kolbrún: Ég þurfti ansi oft að labba neðan af vegi og það var misgaman með innkaupapokana og barnið í skafrenningi og myrkri. Svo klikkaði rafstöðin líka...

rafmagn og finna hvað við getum nýtt það í. Svo á að fara að bora eftir heitu vatni í Skrapatungu og ef það finnst látum við kannski leita hjá okkur líka.“

Sjónvarpsskilyrðin slæm

Kolbrún starfar hjá Vinnuálastofnun á Skagaströnd. Þar er greiðslustofan sem borgar út atvinnuleysisbætur á öllu landinu með tuttugu og þrjú starfsmenn. Þórdís Katla er á leikskólanum Barnabóli á Skagaströnd og þær mæðgur keyra rúmlega 20 kílómetra leið á hverjum morgni í vinnu og leikskóla.

Atli er í oftast í heimaverkum en er líka með eigið fyrirtæki sem flytur inn varmaðælu og fleira. „Svo er ég í flugvéla viðhaldi en það er ekki alveg nógu mikíð að gera í því hér í Laxárdalnum svo ég fer stundum suður og sinni því," segir hann.

að rafstöðin líka þegar við mæðgur vorum hér einar, lækurinn fór upp úr farvegi sínum og það var smá vesen.“

„En er það ekki ástæða þess að Laxárdalur fór í eyði að hann er snjóakista?“ spyr Gunnar V. Andrésson ljósmyndari, sem hefur upplifað það ævintýri að taka þátt í stóðsmölu í dalnum og reka hundruð hrossa í Skrapatungurétt. „Jú, það er rétt," svarar Kolbrún. „Þabbi ólst hér upp við harða vetur og hann var búinn að tala um það í mörg ár að hann skyldi fara með mig í Laxárdal að sýna mér alvöru snjó, en svo hafa ekkert verið snjóþungir vetur undanfarið. Sá síðasti var 1995. En það er oft talsverður munur á snjóalögum og kulda hér í dalnum annars vegar og á svæðinu í kring hins vegar. Einn morguninn var jeppinn rafmagnslaus og ég treysti mér ekki á fólksbílnum út dalinn vegna snjóá og lélegs skyggis. Síðar um daginn fór ég samt

Fylgstu með kosningunum

í beinni á stærsta

3G neti landsins



siminn.is | #forseti

Stærsta 3G net landsins
frá stofnun lýðveldisins

Þú þarft ekki að missa af beinni útsendingu frá kosningunum þó að þú sért á ferð um landið. Farðu inn á siminn.is/forseti og fáðu upplýsingar um hvernig þú horfir á sjónvarpið í beinni í snjallsímanum eða spjaldtölvunni.

Tökum þátt í umræðunni á [#forseti](https://twitter.com/forseti)

Síminn 



Lokaorð forsetaframbjóðenda

Í dag er gengið til kosninga. Einn frambjóðenda mun standa uppi sem forseti en hinir yfirgefa sviðsljósið. Af þessu tilefni setti *Katrín Tinna Gauksdóttir* sig í samband við forsetaframbjóðendurna og bað þá um nokkur lokaorð fyrir þá sem enn eiga eftir að gera upp hug sinn.



Andrea Jóhanna Ólafsdóttir

Er lýðræðið hættulegt?

Andrea hvetur kjósendur til að kjósa eftir eigin sannfæringu og í samhengi við það samfélag sem þeir vilja sjá á Íslandi í framtíðinni.

Mig langar til að hvetja alla landsmenn til að spyrja sig fyrir alvöru þessarar spurningar – því lýðræðið er kjarninn í mínu framboði, hvort sem það er í gegnum málskotsréttinn eða með því að leggja fram meirihlutafrumvarp þjóðarinnar fyrir þjóðþingið. Mér virðist sem fjölmiðlum hafi tekist að sá því fræi í huga fólks að ég sé einungis að kynna málstað eða undirbúa þingframboð. Hvoru tveggja er rangt.

Mig langar til að hvetja ykkur til að spyrja ykkur sjálf þegar þið eruð búin að sjá ýmsa aðila stíga fram og segja með beinum orðum að lýðræðislegar hugmyndir séu hættulegar, hvort þeir séu í raun að verja valdakerfið, flokksræðið – eða hvort þeim sé í raun alvara? Í hverju liggur hættan? Stjórnarskrá lýðveldisins er skrifuð með þeim snildarlega hætti að hér getur aldrei orðið einræði – nema þá þingið ákveði það – því ¾ hlutar þings geta farið fram á að forseti viki – en endanleg ákvörðun er í höndum þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Getur verið að stjórnarfar hér verði vand- aðra og lýðræðislegra ef við kjósum okkur fulltrúa í embætti forseta sem er tilbúinn að beita sér fyrir meirihlutavilja fólksins ef hann nær ekki fram að ganga í gegnum Alþingi? Getur verið að stjórnvöld á hverjum tíma myndu



Nú gengur þjóðin til kosninga og ég vil hvetja alla til að kjósa með hjartanu og sannfæringu sinni.

vanda betur til verka ef það væri manneskja á vaktinni sem væri tilbúin að veita þeim aðhald innan ramma stjórnarskrárinnar?

Mig langar að hvetja fólk til að opna hugann og spyrja sjálf sig að því hvort það geti verið hættulegt samfélagssáttmálanum okkar að við látum það viðgangast að ráðherrar sem brjóta lög og sinna ekki skyldum sínum gagnvart almenningi – að tryggja það að stórfellt tjón almenningis sé leiðrétt í samræmi við niður- stöðum dóma – sitji áfram í skjóli þess að þeir hafi meirihluta á þingi? Þannig að ef kemur

til þess að meirihluti á þingi er tilbúinn að brjóta gróflega gegn réttindum og hagsmunum almennings – að þá er það í lagi af því að meirihluti þings ákveður það? Væri það mögulega eðlilegra og heilbrigðara fyrir okkur að veita slíkum ráðherrum lausn? Þá verðum við að huga að því að ráðherrar eru ekki kjörnir til þess að vera ráðherrar – heldur eru þeir kjörnir inn á löggjafarþingið.

Annað sem hefur komið fram í umræðunni er að það sé beinlínis hættulegt að þjóðkjörinn fulltrúi stjórnskipunar landsins láti sér detta í hug að leggja fram frumvarp í samráði við meirihluta þjóðarinnar og í samræmi við ákvæði í stjórnarskrá. Í hverju liggur hættan? Hvað ef kosningaréttur kvenna hefði ekki náð fram að ganga á Alþingi? Er það mögulega hættulegra fyrir lýðræðið og traust okkar á Alþingi að meirihlutavilji þjóðarinnar nái ekki fram að ganga áratugum saman vegna tregðu þingsins og sterkra tengsla þingmanna við sér- hagsmunaöfl?

Nú gengur þjóðin til kosninga og ég vil hvetja alla til að kjósa með hjartanu og sannfæringu sinni. Að hugsa með sér með igrund- uðum hætti, hvað er það sem við sem samfélag þurfum á að halda núna?



Ari Trausti Guðmundsson

Nú er lag

Ari Trausti segir forsetann eiga að vera sameiningarafl og telur að tími sé kominn á nýjan forseta.

Íslendingar eru fámenn þjóð og dugmikil. Þeir sameinast um dýr- mætt tungumál í gjöfulu landi með fallettri náttúru. Líkt og aðrar þjóðir þarfnast þeir öflugra þjóðhöfðingja sem getur kallað fram sam- kennd og samstöðu.

Hvers konar Ísland blasir við ungrri kynslóð eftir 5-10 ár? Það gæti verið þjóðfélag þar sem ósætti þrífst vel, fylkingar takast á í hatrömmum deilum og mikil óeining ríkir, jafnvel um embætti þjóðkjörna trúnaðarmannsins, forsetans, sem á að vera samein- ingarafl og ekki deiluefni. Sumir forsetar lýðveldisins hafa haldið trúnaði langflestira landsmanna og teljast farsælir allan sinn feril. Við viljum varla verðlauna hat- rammur deilur og dökkan munn- söfnuð í kosningum sem eiga fyrst og fremst að tryggja traustan og öflugan verndara lýðræðisins í sessi? Í embætti sem Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir gegndu með sóma og héldu sem friðarstóli. Mun svo verða eftir

komandi kosningar? Hver eru skilaboðin til æskunnar ef full- orðna fólkið hegðar sér svona? Ef sigurvegurinn verður sá sem getur talað mest og hæst eða sá sem hræðir mest eða sá sem eyðir mestu fé? Erum við þá sáttt við þessar kosningar og kjörið sem fylgir? Eða verður sigurinn beiskur kaleikur þeim sem vinnur?

Svo getur farið að sigurvegurinn og margir kjósendur hans vakni við vandan draum. Samein- ingartákninu hefur verið fórnað í óvæginni baráttu við að halda HINUM frambjóðandanum frá embættinu. Sumir kjósa af sann- færingu. Það er mjög virðing- vert. En allt of margir ætla að kjósa á móti en ekki með. Því miður. Meirihluti kjósenda gæti staðið frammi fyrir forsetaemb- ættinu, rúnu trausti, að nokkr- um árum liðnum, spyrjandi sig og aðra: Hvernig gat þetta farið svona? Hvert fór álitnið á þessu embætti, líkt og traustið á Alþingi?

Auðvitað á að ganga til forseta- kjörs með hag meginþorra þjóð- arinnar að leiðarljósi. Og kjósa samkvæmt sinni hjartans sann- færingu þann sem kjósaandinn telur að geti leitt þjóðina saman – ekki bara hluta hennar. Hann á og verður. Hin leiðin minnir á óábyrga afstöðu sem við kynnt- umst svo oft fyrir efnahagshrun- ið.

Tími er kominn til að kjósa nýjan, sjálfstæðan, lítt umdeildan og traustan forseta; forseta sem getur jarðtengt embættið og maka hans með mikla hæfni í samskipt- um við fólk. Öll erum við fram- bjóðendurnir sex ólík og mishæf. Sérhverjum kjósenda er falin sú ábyrgð að sýna rétta mynd af raunverulegu fylgi hvers okkar og gefa heim hæfasta umboðið. Allt annað tryggir frambjóðanda embættið á röngum forsendum. Ég hvet alla til að velja af innstu sannfæringu og setja markið á heiðarleika, trygglyndi og sam- stöðu.



Tími er kominn til að kjósa nýjan, sjálfstæðan, lítt umdeildan og traustan forseta.



Hannes Bjarnason

Reynslan hingað til...

Hannes segist vera venjulegur borgari og segir venjulegt fólk best til þess fallið að sitja á forsetastóli.

Upphaf framboðs míns, eða rétt- ara sagt okkar Charlotte, er sprottið út frá einfaldri og hreinni hugsun. Ósk um það að þjóna landi og þjóð. Vissulega er þetta djörf hugsun og margir hafa dregið í efa ástæðu þess að við ákváðum að fara í framboð. Við höfum heyrt raddir sem vilja meina að fram- boðið sé undanfari þess að fara út í pólitík. Nú eða þá að hér sé á ferð athyglissjúkur einstaklingur. Eða að hér sé kominn maður sem er knúinn svo mikilli framþrúnaði að hann verði að hafa forsetatitil á ferilsskrá sinni.

Ekkert af þessu er rétt. Það er innri þrá sem knýr mig áfram – mig langar að láta gott af mér leiða og þjóna þjóðinni. Flokka- pólitík höfðar lítið til mín, aftur á móti tel ég forsetaembættið góðan grundvöll þess að vinna fyrir þjóðina. Það eru engir bak- bankar hvað framboðið varðar. Ef við náum ekki takmarki okkar þá gerum við ráð fyrir því að hverfa til fyrri starfa og til þess lífs sem

við lifðum fyrir kosningar.

Vissulega kem ég fram í sviðs- ljósið óþekktur. Vissi að hverju ég gekk hvað varðar bæði aðgengi að fjölmiðum og þar sem andlitnið var ekki þekkt þá væri baráttan ennþá strangari. Samt viðurkenni ég fúslega að þetta hefur verið ennþá strangara en við höldum.

Það sem hefur komið okkur mest á óvart er að fólk telur sig persónulega þekkja einstaklinga sem það hefur aldrei átt orðastað við, en hefur bara séð til gegnum sjónvarp eða aðra fjölmiðla. Þetta á við um alla þá frambjóðendur sem hafa þekkt andlit úr fjölmið- um. Þá hefur það komið okkur á óvart hversu sterk átök hafa verið milli gamalgróinna átakalína (að mínu mati) og hvernig þau birtast í þessum forsetakosningum.

EKKI er laust við að við höfum mætt háðsglotti hér og þar á ferð okkar um landið. Sennilega frá þeim sem telja sig betur vita. Þeim sem líklega telja sig vita það að óþekktur maður á enga mögu-

leika á því að verða forseti. Þeim sem telja sig vita það að alþýðu- maður af götunni verður aldrei nógu góður í forsetaembætti. Þeim sem telja sig vita það að forseti á að vera hafinn yfir hinn venjulega borgara. Þeim sem telja sig vita það að forsetaefni þarf að koma úr einhverjum virðulegum stöðum eins og úr pólitík, sjón- varpi eða háskóla. Þeim sem telja sig vita það að alþýðumaður er og verður alltaf alþýðumaður og ekkert annað.

Enn og aftur – öllu þessu er ég ósammála. Gjörsamlega ósam- mála. Hver er sú persóna betur til þess kjörin að gegna embætti forseta en einmitt hinn venjulegi borgari? Venjulegur borgari sem sér venjulegt fólk eins og það er? Óháð því hvar það er stadd í lífi sínu? Athugið lesendur góðir að ég er ekki hér að hampa framboði sjálfs míns. Sennilega erum við öll sem erum í framboði alþýðu- fólk – kannski bara misjafnlega mikið.



Það er innri þrá sem knýr mig áfram – mig langar að láta gott af mér leiða og þjóna þjóðinni.

OPIÐ Í DAG

KOSNINGAKAFFI OG REYNSLUAKSTUR



RENAULT MEGANE

Verð frá 3.490.000 kr.

Í HÁTÍÐARSKAPI

Við erum hátíðarskapi í dag og bjóðum þér aðstoð við að kjósa rétta bílinn sem sameinar fjölskylduna og leiðir hana á vit nýrra ævintýra. Hafðu samband við sölumenn okkar.

Með báða tanka fulla af eldsneyti getur þú ekið Santa Fe rúmlega **1.000 km.**

HYUNDAI SANTA FE METAN

Verð 5.990.000 kr.

Verð áður ~~6.990.000 kr.~~



NÝR QASHQAI DÍSIL

Ný disilvél eyðir aðeins frá **4,6 l/100 km** sem er með því allra lægsta sem þekktist í fjórhjóladrifnum sportjeppum.
Verð frá 4.990.000 kr.

HYUNDAI i30

Verð frá 3.190.000 kr.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



HYUNDAI ix35

Verð frá 5.590.000 kr.

HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsgöðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan bíl. Komdu í heimsókn og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.



FORSETA KOSNINGAR

2012

Í dag ganga Íslendingar til forsetakosninga um allt land. Mismunandi er hversu lengi kjörfundur stendur yfir á hverjum stað. Upplýsingar um kjörstaði má finna á Kosning.is eða á heimasíðum sveitarfélaga. Vefurinn Kosning.is geymir upplýsingar um hvar hver og einn kjósandi á að greiða atkvæði. Á kjörskrá eru íslenskir ríkisborgarar sem skráðir voru með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár 9. júní 2012 og fæddir eru 30. júní 1994 og fyrr. Kosningavaka hefst í sjónvarpi og útvarpi klukkan 22.00 í kvöld.



Herdís Porgeirsdóttir

Verið hugrökk!

Herdís segir erfitt að standa gegn valdinu en hvetur kjósendur til að sýna hugrekki.

Þessar forsetakosningar eru mikilvægar. Atkvæði þitt getur ráðið því hvort við kveðjum Ísland hruns og forheimskunar; Ísland útrásarvíkinga og vitleysu; ástand þar sem sumir urðu vellauðugir í bólu, sem við flest og börnin okkar verðum að greiða dýru verði með sköttum, vöxtum og verðtryggingu.

Við stöndum á tímamótum og það er í okkar höndum að ákveða hvernig samfélag við viljum endurreisa á rústum hrunsins. Það þarf hugrekki til að segja: Hingað og ekki lengra. Það þarf hugrekki til að standa gegn þeim virkjum sem peningaöflin reisa með ítökum sínum í pólitík og pressu sem síðan hafa jafnvel áhrif á prófessora og ritfæra penna. Skyldi því nokkurn undra að almenningur sé áttavilltur.

Ekki vera hrædd.

Valdið kann að virðast ógnvekjandi. Valdið byggir á ótta og þöggun. Valdið treystir því að enginn þori að andmæla þeim boðskap sem það

lætur út ganga; á vinnustöðum og í fjölmiðlum. Valdið treystir því að allir dásami það einum rómi og í því felst það. Valdið hæðir og spottar þann sem fer gegn því en það þorir ekki að horfast í augu við hann. Valdið er lúmskt og lævist og það notar aðrar aðferðir en heiðarleika, heilindi og sannleika þótt það skreyti sig með alls konar merki- miðum þegar á þarf að halda.

Verið hugrökk.

Hugrekki er kjarni þess að vera frjáls. Tjáningarfrelsið sem er verndað í flestum stjórnarskrám og öllum alþjóðlegum mannréttindasamningum er frelsið til að hafa skoðun og tjá hana án ótta um afkomu sína.

Valdinu stendur ekki meiri ógn af nokkru en skoðanafrelsi sem jafnvel dregur lögmæti þess í efa. Þá sendir valdið út varðhunda sína og segir urrdan bítt'ann.

Jafnvel kletturinn Pétur brást lærimeistara sínum á ögurstundu af

því að hann óttaðist hið veraldlega vald. Hann afneitaði vináttu sinni við Jesú þrisvar þá sömu nótt og Jesú var svikinn. Dæmi um þöggun valdsins.

Hugrekkið felst í því að fylgja samvisku sinni og treysta á það réttlæti sem er jafnvel ofar réttlæti þessa heims – en sá sem fylgir samvisku sinni og sannfæringu, hann er frjáls í hjarta sínu – um hann flæðir vellíðan líkt og endorfín í líkama hlaupara – hann verður andlega sterkur á meðan þýlyndið framkallar þunga og slen þess hvers sál er í fjötrum ótta og þöggunar.

Viljum við vera frjálsir borgarar sem tjá skoðanir sínar án ótta eða erum við þegar þýlyndis, þrælar óttans? Því fleiri sem fylla fyrri hópin því meiri líkur eru á að kraftmiklir borgarar nái tökum á lýðræðinu eins og hlauparar sem skara fram úr því þunglamalega hlasi sem valdið byggir tilvist sína á.

Kjösum af sannfæringu. Valdið er í okkar höndum.



Við stöndum á tímamótum og það er í okkar höndum að ákveða hvernig samfélag við viljum endurreisa á rústum hrunsins.



Ólafur Ragnar Grímsson

Bjartsýn og sókndjörf

Ólafur segir forsetann málsvara þjóðarinnar á alþjóðavettvangi og segir þjóðina horfa fram á bjartari tíma.

Forsetakosningar eru í senn lýðræðishátíð og þakkar- gjörð til kynslóðanna sem færðu okkur sjálfstæði.

Þjóðfundir á Þingvöllum, málþing í byggðum landsins, samstaðan sem mótaði helstu áfanga baráttunnar, allt frá útgáfu Fjölneis og Nýrra félagsrita til stofnunar lýðveldis, báru í sér þá sýn að grundvöllur íslenskrar stjórnskipunar ætti að vera vilji fólksins. Þjóðin færi með hið æðsta vald; hvorki stofnanir né ráðamenn.

Samræðan að undanförunu – á vinnustöðum, heimilum og förnum vegi – hefur gert þessa arfleifð að virku afli, leiðarljósi nýrra tíma. Lýðræðið sem lýðveldið hvílir á býr í vitund og verkum okkar allra.

Íslendingar eru nú á vegamótum. Að baki eru erfið ár. Í vændum ákvarðanir um stjórnarskrá og tengsl okkar við önnur ríki í Evrópu. Enn er ólga í efnahags-

málum álfunnar og á mörgum sviðum. Því þarf rödd Íslands að hljóma skýrt.

Forsetinn er á alþjóðavettvangi málsvari þjóðarinnar í sókn og vörn. Hann á einnig að leggja lið í glímu hennar við hin stærstu mál; þau sem í áratugi munu ráða örlögum Íslendinga.

Það hefur líka verið okkur hjónum gleðiefni að geta á undanförunum árum tekið þátt í að efla hagsæld og velferð, rétta ungu fólki hjálparhönd og hvetja til nýsköpunar og góðra verka í atvinnulífi, listum, menningu og fræðastarfi.

Í aðdraganda kosninganna höfum við notið þess að eiga samræður við þúsundir landsmanna og fá í veganesti á hverjum stað góð ráð og heillaóskir.

Við þökkum ykkur öllum og hvetjum landsmenn til að halda á kjörstað, bjartsýn og sókndjörf.



Enn er ólga í efnahagsmálum álfunnar og á mörgum sviðum. Því þarf rödd Íslands að hljóma skýrt.



Þóra Arnórsdóttir

Kjósum sátt

Þóra segir tækifæri til að breyta stefnunni, hún vill nýja tíma endurreisnar og uppbyggingar.

Í dag eiga Íslendingar þess kost að brjóta blað í sögu þjóðarinnar. Taka saman gömlu spilinn og gefa á nýjan leik. Veita ný tækifæri. Hleypa inn ferskum anda. Með reynslu liðinna ára sem dýrkeyptan lærdóm getum við risið upp, rétt úr bakinu og sagt: Látum þennan dag verða upphaf nýrra tíma.

Bein völd forseta eru takmörkuð, en áhrifamáttur hans er mikill. Sem forseti mun ég, nái ég kjöri, leitast við að leiða saman mismunandi sjónarmið í okkar samfélagi og stuðla að því að menn tali saman, hlusti hver á annan og virði ólíkar skoðanir. Við eigum að geta tekið á og rökrætt án þess að grípa til ókvæðisorda, hvort sem er á þingi eða í bloggheimum. Setjum sjálfsvirðinguna í fyrirrúm. Tölum við aðra eins og við viljum að þeir tali við okkur.

Forsetinn byggir brýr. Forsetinn opnar dyr. Embættið er lykill að tækifærum og getur þjónað bæði menningu, íþróttum og atvinnulífi með því að beita sér í þeirra þágu. Það þarf að gera af yfirvegaðri skynsemi og gæta þess að fara ekki út fyrir þann ramma sem embættinu hæfir. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis var þeim tilmælum beint til embættis forseta Íslands að það setti sér siðareglur. Ekki hefur orðið af því, en ég tel sjálfsgagt að það sé gert og mun sem forseti láta það verða eitt af mínum fyrstu verkum.



Ef við stöndum saman og virðum hvort annað, þá eru lítilli þjóð allir vegir færir.

Innganga Íslands í Evrópusambandið hefur verið mörgum hugleikin í kosningabaráttunni. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að aðildarsamningur að ESB eigi að fara í bindandi þjóðaratkvæði – ekki ráðgefandi heldur bindandi. Þetta er mál svo mikils háttar að það kemur ekki til greina annað en að þjóðin eigi um það síðasta orðið. Sem forseti get ég tryggt að svo verði. Ef Alþingi og ríkisstjórn skyldu bregðast þeirri skyldu að láta þjóðina skera úr um aðild að ESB, tel ég einboðið að forseti beiti 26. grein stjórnarskrárinnar og framkalli með því þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hins vegar tel ég brýnt að gefa í stjórnarskrá þjóðinni sjálfri möguleika á að kalla fram þjóðaratkvæði. Núverandi skipan með 26. greininni er alls ekki fullnægjandi. Hún fjallar aðeins

um synjun laga og er undir vilja og mati einnar manneskju komin. Þessu þarf að breyta.

Við höfum fulla ástæðu til að líta björtum augum til framtíðar. Um aldamótin 1900 voru Íslendingar ein fátækasta þjóð Evrópu. Á einni öld hafa orðið ótrúlegar framfarir fyrir tilstuðlan kynslóða tuttugustu aldarinnar. Það var fólk sem átti sér hugsjón og vann að henni hörðum höndum. Ósérhlífð, heiðarlegt og rétt-sýnt. Engan hefði grunað í upphafi 20. aldar að Ísland yrði ein ríkasta þjóð heims við næstu aldamót.

Við eigum einstakt land og gnægd auðlinda, ekki aðeins sjávarnyttja og orku, heldur líka drykkjarvatns, hreins umhverfis, víðáttu og náttúrufegurðar. Stærsta auðlindin er þó fólgin í þjóðinni sjálfri, menntun hennar og menningu.

Það eru forréttindi að vera Íslendingur. Ég vil vinna að því að börnin okkar vilji búa á Íslandi. Vilji eiga Ísland að sínum heimavelli, þótt þau eigi tækifæri um allan heim.

Í dag höfum við tækifæri til að breyta. Breyta stefnunni, breyta orðræðunni, breyta andanum sem ríkir. Ef við stöndum saman og virðum hvert annað, þá eru lítilli þjóð allir vegir færir. Hefjum tímabil endurreisnar og uppbyggingar með bros á vör. Leyfum okkur að vera glöð. Ef við kjósum sátt er framtíðin björt.

Forsetakosningar 2012

Ari Trausti
Guðmundsson



Hvernig Ísland
kýst þú ?

// Ísland klofinna fylkinga
eða rökræðu sem leiðir til niðurstöðu?

// Ísland sem leiðir þá til metorða sem ala á ótta og eyða mestu
eða þá sem koma fram af hógværd og skynsemi?

*Kjóstu þekkingu, reynslu, heiðarleika og traust
- kjóstu Ara Trausta*

<http://www.facebook.com/aritrausti2012> // www.aritrausti.is

Ari Trausti



KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

FRÁBÆRT á grillið



LAMBALÆRI - fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönu-berja og eplamarinerað!



1398 kr. kg

Piparmarinerað lambalæri

35% afsláttur



30% afsláttur

1098 kr. kg

Verð áður 1598 kr. kg
Grisahnakkasneiðar, úrbeinaðar, kryddaðar eða ókryddaðar



2298 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



2989 kr. kg

Verð áður 4848 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

DÚNDUR-VERÐ

TAKTU KASSA með í útileguna!

56 stk. í kassa



20 í pk.

349 kr. pk.

Allra grænir frostpinnar, 20 stk. í pk.



25% afsláttur

4 í pk.

299 kr. pk.

Verð áður 398 kr. pk.
X-Ray, 4 í pk.

998 kr. kassinn

Prince Polo, 56 x 18 g stk. í kassa



EXPO • www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabreytingu



Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

- komdu og gerðu frábær kaup!



Grillpenna bragðast betur með



KRÓNAN

Grillbomba



1 flaska af Coca-Cola 2L



1 bakki af Grillpennu



SNÖGGI GRILLARINN



2L COKE FYLGIR MED



1598 kr./kg

STEIKAR-GRILLARINN



2L COKE FYLGIR MED



1998 kr./kg

FLOTTI GRILLARINN



2L COKE FYLGIR MED



2198 kr./kg



4 í pk.

698 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.



6 í pk.

1198 kr. pk.

Goða hamborgarar, 6x120 g



10 í pk.

398 kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g



2 fyrir 1

Myllu sólkjarnabrauð, 7 sneiðar í pk.



299 kr. pk.

Haribo sælgæti í úrvali



79 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa
gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Opið alla helgina frá kl. 10 til 18

Samkvæmt skoðanakönnun Stöðvar 2 borgum við betur

Verið velkomin



Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík

■ HAUKUR INGVARSSON

Stritast við að sitja



Hæstið 2009 fékk ég í fyrsta skipti tækifæri til að skrifa óslitið í lengri tíma, nánar tiltekið sex mánuði. Ég hafði lagt drög að skáldsögu en var dauðhræddur um að ná ekki marki. Ég sótti stafla af bókum á bókasafnið um það hvernig átti að skrifa og skipuleggja sig. Ég opnaði þykkustu bókina og las fyrstu línuna: „Margir halda að það sé nóg að skrifa eina blaðsíðu á dag í nokkra mánuði svo úr verði skáldsaga. Sú er ekki raunin.“ Ég lokaði bókinni og hugsaði með mér, best að skrifa eina blaðsíðu á dag í sex mánuði og sjá hvað ég hef í höndunum. Ég sat við, stundum fram á nótt og leitaðist við að standa upp frá borðinu þegar ég var sjálfur orðinn spenntur, þegar mig klæjaði í fingurna að halda áfram, hlakkaði til að setjast niður næsta dag. Auðvitað leiddist ég út í vitleysu öðru hvoru, prófaði t.d. að skrifa með svefngrímu eftir að hafa lesið viðtal við Jonathan Franzen. Það hafði lítil áhrif á skrifin en skemmti kærustunni minni talsvert. Að stritast við að sitja, ætli það sé ekki eina ráðið sem ég kann.

■ SINDRI FREYSSON

Finn sköpunarfríð á nóttunni



Ég segi stundum að ég hafi næturgen og það kemur berlega í ljós við skriftir, sérstaklega í Haga í Aðaldal. Þar hef ég mjög góða aðstöðu til skrifa, eftirsóknarvert næði frá áreitinu sem fylgir borgarlífinu og gríðarfallegum umhverfi sem örvar bæði sköpunargleðina og verkviljann. Fyrri hluta dags les ég og fer í röska göngu um jörðina og nágrennið og tek síðan til við skriftir um miðjan dag. Ég sit við fram á níunda tímann en útbý mér þá einfalda máltíð og tek aftur til starfa um tíuleytið og sit við tölvuna fram undir bíti. Á þeim tíma vaki ég einn og get stólað á að síminn hringi ekki, enginn komi í heimsókn og ekkert stangi athyglina í netheiminum. Stundum hætti ég um fimmleytið, stundum nær sjö – um það leyti sem margir eru að skrifa fram úr. Þá les ég stundum nokkrar blaðsíður til að kúpla mig niður og sofna síðan þegar dagsskíman lætur á sér kræla. Nóttin skilar besta árangrinum.

■ ANDRI SNÆR MAGNASON

Best að flýja land

Ég hef almennt mikla ósiði við skriftir, drasla mig út af öllum skrifstofum. Skrifa 200 blaðsíður af óreiðu sem ég er síðan marga mánuði að raða upp í skynsamlega byggingu. Best er að koma sér til útlanda í nokkrar vikur vegna þess að á Íslandi vill hugurinn verða heltekinn af því sem tröllríður landinu þá stundina. Ég get verið lengi að fara í gang eftir hverja bók. Ég hef farið til Sikileyjar nokkrum sinnum til að komast úr net- og símasambandi. Bókin sem ég er að ljúka við í sumar fór ekki almennilega í gang fyrr en ég dvaldi í New York einn mánuð, fékk mér Siggi's skyr og botnaði Röyksopp Trentemøller rímix af Who Else Is There sungið af The Knife á milli espressó-bolla. Að endingu fara öll verk hjá mér í svokallaðan vondkonulestur. En það er afar vond hreinskilin kona sem les handritið. Það er sársaukafullt tímabil – en gott eftir á, hefur tryggt bæði sölu og langlífi nokkurra verka.



■ AUÐUR JÓNSDÓTTIR

Taktföst tónlist

Það er tvennt sem ég get ekki verið án við skriftir: kaffi og tónlist. Þegar ég byrja á morgnana finnst mér best að hlusta á örvandi tónlist, stundum píkupopp eða eitthvað með sterkum ryþma. Þannig skrifaði ég heila skáldsögu með hljómsveitadúettinn Tatu og Rammstein á rípi. En svo er líka gott að hlusta á klassíska tónlist. Mér hefur til dæmis alltaf þótt gott að skrifa við Rachmaninoff. Aftur á móti get ég skrifað hvar sem er og hvenær sem er. Ég get skrifað í kuðli uppi í sófa, úti á götu, með barn á brjósti og á ferð í bíl.



Kaffi, Rammstein og svefngrímur

Til að skrifa heila bók þarf ekki aðeins góða hugmynd heldur líka sjálfsaga og staðfestu að sitja við dag eftir dag og fylgja henni eftir. Margir rithöfundar koma sér upp ákveðnum verkreglum eða venjum sem þeir ýmist hafa til hliðsjónar eða fylgja út í ystu æsar. *Bergsteinn Sigurðsson* guðaði á glugga nokkurra rithöfunda og spurði hvaða meðulum þeir beita til að halda sér við efnið.

■ STEFÁN MÁNI

Ekkert væl – farðu að vinna

Mín aðalregla er sú að setjast niður á morgnana til að skrifa, hvort sem ég nenni því eða ekki, langar það eða ekki og hvort sem ég er „tómur“ eða ekki. Þessi regla hefur fleytt mér langt og komið lesendum mínum til góða því ég hef komist að því að ég get alltaf skrifað eitthvað ef ég sest á rassinn, kveiki á tölvunni og byrja – mismikið eftir dögum en alltaf eitthvað og úthaldið og andagifin hefur verið að aukast með árum og reynslu, ef eitthvað er. Stutt og einfalt og gildir fyrir allt vinnandi og metnaðarfullt fólk: Hættessu væli og farðu að vinna!



■ KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

Semur á fastandi maga

Mér finnst ég ætíð vera að berjast við þetta skipulag sem lýtur að ritstörfunum, en þó held ég að mér hafi tekist að koma mér upp sæmilegum takti á morgnana. Vakna snemma, hugsa eða les í hálf tíma áður en ég fer fram úr, drekk tvo kaffibolla, les dagblöðin. Þá er ég komin í gang. Hef enga matarlyst fyrr en í hádeginu. Enda heimskulegt að semja og hugsa með magann fullan af morgunmat. En þegar ég er að vinna ein úti á landi eða í útlöndum, hunsu ég alla rútínu, sef og borða þegar mér hentar og ég man eftir, hef slökkt á öllum fjarskiptum. Hef líka fullt í fangi með að halda uppi samræðum við persónur mínar. Og þá gengur mér best að skrifa. Get þá horfið inn í þann heim sem ég er að skapa. Mér leiðist aldrei þar.



■ GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Hver bók kallar á sína venju

Þegar ég var að skrifa *Valeyrrarvalsinn* hafði ég við höndina tvítýngda útgáfa af ljóðum Neruda. Ég las alltaf eitthvert ljóð vel áður en ég byrjaði á nýrri sögu og leyfði því að móta þar andrúmsloftið. Ég held að þetta hafi hjálpað mér að losna við skúm úr höfðinu, verða aftur nýr. Ég notaði Jóhannes úr Kötlum á svipaðan hátt í *Náðarkrafti* og þannig koll af kalli. Hver bók kallar á sína venju. Annars engar reglur: bara múskin til að hræra geðið og veiðieðlið – að fanga mannleg hjörtu í orðanet – bakklóran og nóg af kaffi.



■ AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR

Óreiðan eina venjan

Ég drekk ekki neskaftið mitt úr bolla merktum Frankfurter Buchmesse eða neitt slíkt, það er bara hafragrautur handa rithöfundu eins og hinum. Það má segja að óreiðan sé eina venja mín við skriftir; óreglulegur vinnutími á ómögulegum tímum sólarhrings. Samt er maður alltaf að skrifa og líka áður en maður skrifar. Það sem kom mér upphaflega á mitt spor var miði á vegg sem á stóð – og nú man ég ekki eftir hverjum er haft: „Ég hélt ég væri fátækur af því að ég átti enga skó. En svo sá ég fólk sem ekki hafði fætur.“



■ BRYNDÍS BJÖRGVINDSÓTTIR

Í leit að töfraformúlunni

Ég fylgi engum reglum varðandi skriftir, nema þá málfræði- og stafsetningarreglum – og varla það. Það eru þó ekki þess konar reglur sem auðvelda mér skriftir né auka á þá löngun að sjá fleiri orð prentuð á niðurhoggin, kolefnisjöfnuð tré. Það gerir hins vegar sú tilfinning að ég hafi eitthvað áhugavert eða mikilvægt að segja. Ég er hins vegar áhugasöm um að vita hvað aðrir gera til að koma sér að verki. Ég gæfi mikið fyrir til-tölulega hættulausa töfraformúlu sem nota mætti eins og sítrónupressu á hug og hönd. Þess vegna ætla ég að lesa vel það sem hinir segja hér allt í kring.



■ YRSA SIGURÐARDÓTTIR

Aldrei hugmyndalaus í háttinn

Eitt af því sem hefur reynst mér hvað best í skriftatörn er að sofna ekki á kvöldin án þess að vera búin að hugsa það vel út sem ég ætla að skrifa daginn eftir. Ef um er að ræða nýjan kafla vil ég einnig ákveða nákvæmlega hvernig ég ætla að byrja hann. Með þessu móti sest maður niður og byrjar strax að skrifa, í stað þess að góna andlaus á hvítan skjáinn í einhvers konar mini-ritstíflu.



■ HALLGRÍMUR HELGASON

Úr heimsóknarfæri með góða nettengingu

Aðalreglan er að byrja klukkan 09.00 og skrifa til 17.00, með hádegishléi 12.00-13.00, lagningu 14.00-14.05 og kaffitíma 15.15-15.30. Mikilvægt að halda takti, aldrei missa dag úr, og skrifa á stað þar sem ekki er von á neinum í heimsókn. Þá ertu kominn á flug eftir tvær, þrjár vikur. Gott er þó að hafa góða nettengingu, því netið getur alltaf hjálpað. Ef þú lætur glepjust af því um of þýðir það bara að bókin sem þú ert að skrifa er minna spennandi en Internetið.



FERÐIR

LAUGARDAGUR 30. JÚNÍ 2012

Kynningarblað

Strönd fræga fólksins,
á slóðum Harrys Potter
lautarferð í lofti.



Akstur í framandi landi

Akstri erlendis þarf ekki að fylgja nein áhætta ef fólk gætir þess að fara að lögum og reglum og hafa í huga að ákveðnar umferðarreglur eru breytilegar frá einu landi til annars. FÍB hefur haldið námskeið um akstur og ferðalög erlendis. Einnig er hægt að finna upplýsingar á vef Umferðarstofu.

Löglegt eða ólöglegt

Umferðarlög á Evrópska efnahagssvæðinu hafa verið samræmd að miklu leyti á undanföllum árum, þó er umtalsverður munur á milli þeirra í ýmsum veigamiklum atriðum. Hámarkshraði er til dæmis breytilegur eftir veðri í sumum löndum og viðurlög og refsingar eru mismunandi.

Misjafnar kröfur um búnað

Reglur um búnað sem öikumönnum ber að hafa meðferðis í bílnum geta verið mjög breytilegar eftir löndum. Misjafnt er hvort þurfi viðvörðunarþríhyrning meðferðis eða skærilit öryggisvesti, hvort varadekk skuli vera í bílnum, eða hvort skuli eða megi aka á negldum vetrardekkjum að vetrarlagi eða ekki. Í sumum löndum er krafist merkinga á bíla með farangur sem skagar út fyrir fram- eða afturenda bílsins, líkt og reiðhjólatastífl. Í öðrum löndum eru slíkur farangur og jafnvel merkingar ólöglegar. Reglur um farangur af þessu tagi gilda í flestum tilvikum um húsbíla, húsvagna og tjaldvagna.

Torskilin umferðarmerki

Flest algengustu umferðarskiltin, til dæmis sem gefa merki um hámarkshraða, stöðvunarskyldu, biðskyldu og fleira, eru nokkurn veginn hin sömu eða svipuð í öllum löndum. Öðru máli getur gegnt um hvers konar upplýsinga- og leiðbeiningarskilti með nöfnum borga og bæja og upplýsingar um áttir og stefnur. Blár og grænn litur er ýmist notaður til að tákna hraðbrautir eða þjóðvegi og stundum er texti hafður á leiðbeiningarskiltum í stað auðskiljanlegra merkja, sem er bagalegt ef maður skilur ekki orð í viðkomandi tungumáli.



Pitt að skilja reglurnar

Ýmis merki geta verið breytileg frá einni evrópski borg til annarrar, jafnvel innan sama lands. Merki sem tákna takmarkanir á hvar, hvenær og hvernig má leggja eru yfirleitt nokkuð skýr. Öðru máli gegnir um útskýringar í rituðu máli um tímalengdir og takmarkanir sem geta verið ill- eða óskiljanlegar öðrum en heimamönnum. Lögregla og stöðuverðir eru í mörgum evrópskum borgum iðnir við að ýmist setja læsingar á bíla sem er ólöglega lagt eða jafnvel fletja þá. Sú staðreynd að þú sért útlendingur og skiljir ekki framandi fyrirmæli á skiltum veitir þér engan rétt og oft þarf fólk að greiða háar sektir vegna brota sem ekki reyndist unnt að sjá fyrir.

Ökuskírteini

Íslenskt ökuskírteini er tekið gilt í löndum Evrópusambandsins. Annars staðar gilda yfirleitt þær reglur að ferðamenn geta notað ökuskírteini heimalands hafi það verið gefið út eftir 15. ágúst 1997 sem eru ökuskírteinin sem eru á stærð við kreditkort. Stærri eldri gerðin er ekki í samræmi við reglugerð EES staðla og því geta handhafar þeirra lent í vandræðum. Ítarlegar upplýsingar um akstur í hverju landi fyrir sig er að finna á vef Umferðarstofu, www.us.is.



Costa Smeralda er vinsæl strönd hjá snekkjueigendum.


Þangað flykkist fræga fólkið

Porto Cervo á norðausturhluta Sardiníu hefur verið að sækja í sig veðrið sem einn vinsælasti ferðamannastaður fræga og ríka fólksins. Einkapotur og lúxussnekkjur eru algeng sjón á þessum fallega stað.

Porto Cervo er við strönd sem ber nafnið Costa Smeralda en hún var sköpuð af milljarðamæringnum prins Aga Khan IV árið 1962. Khan var eiginmaður Ritu Hayworth en þau skildu árið 1951. Silvio Berlusconi á glæsilega villu á þessum stað þar sem hann hefur haldið íburðarmiklar veislur. Stórstjörnur á borð við Sean Connery, Madonna, Richard Gere, Gwyneth Paltrow, Helen Mirren, Denzel Washington, Lenny Kravitz, Bruce Willis, Claudiu Schiffer og Evu Herzigova hafa sést á lúxusveitingahúsum og börum við ströndina. Snekkja Stevens Spielberg hefur þar að auki legið við höfnina.

Á Costa Smeralda er sjöunda dýrasta hóteli í heimi, Hotel Cala di Volpe, en nóttin kostar rúmar fjórar milljónir króna. James Bond kvikmyndin The Spy Who Loved Me var meðal annars tekin þar.

Dýrasti tíminn í Porto Cervo er í júlí, ágúst og fram í september. Almennir ferðamenn koma í dagsferð á þennan dýra stað þar sem björglasið kostar um 3000 krón-



Það er fallett í bænum Porto Cervo og þar eru hátískubúðir.

ur og í verslunum er lúxusfatnaður frá frægustu hönnuðum heims. Algengt verð á kventöskum hleypur á milljónum. Það er því tæpast fyrir venjulega launþega að dvelja í Porto Cervo.

Þegar prins Aga Khan kom til Sardiníu árið 1962 heillaðist hann af grænu Miðjarðarhafinu sem umlykur Porto Cervo en

svæðið var þá lítt þekkt. Hafið minnti hann á smaragða og fékk hann leyfi til að gefa ströndinni nýtt nafn, Costa Smeralda. Hann fékk færustu arkitekta til að hanna staðinn og stofnaði bæði einkaklúbb fyrir golfara og snekkjueigendur. Rainier prins var meðal þeirra fyrstu sem skráðu sig í klúbbinn.

Besta myndavél í heimi gerir ekkert gagn ef hún er ekki með!

Kynnum með stolti Fujifilm X seríuna, myndavélar sem þú skilur ekki eftir heima.

Frábærlega vel hannaðar
Léttleiki og lítil fyrirferð
Framúrskarandi myndgæði

X10 – 99.900
X100 – 199.000
X-Pro 1 – 269.000 (án linsu)



X100 TIPA verðlaunin 2011 og X Pro 1 TIPA verðlaunin 2012

FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31, sími 568-0450

ljosmyndavorur.is

BETRI MYNDIR!



Nú geta margir látið draum sinn rætast og geyst um á mótorfák í Denver meðan rykið þyrlast um slóð.

PAKKA FERÐIR ICELANDAIR

Icelandair býður upp á pakkaferðir af ýmsum toga, allan ársins hring. Innifalið í þeim er flug og gisting. Ásdís Ásgeirsdóttir og Svava Hjartardóttir eru verkefnastjórnar Icelandair Holidays sem sér um pakkaferðirnar. Þær segja pakkaferðirnar almennt vinsælar en undanfarið hafi mjög margir keypt pakkaferð á Ólympíuleikana sem eru haldnir í London og því stutt og auðvelt að koma sér þangað. Bæði er boðið upp á pakkaferðir og staka miða á leikana.

Vinsælustu borgarferðirnar á haustin eru Boston, Washington, New York, London, París, Kaupmannahöfn, Glasgow og Þýskaland en þá er fólk gjarnan að fara í verslunar- og menningarferðir.

Margir velja þennan kost, að bóka pakka, þægindanna vegna: „Fólk finnst oft betra að bóka flugið og hótelið á sama tíma, það einfaldar hlutina,“ segir Svava.

Pakkaferðirnar eru einnig flokkaðar eftir áhugamálum og sem dæmi má nefna golf ferðir, íþróttarferðir, tónlistarferðir, sólarferðir og borgarferðir. Auk þess eru alltaf sérstakar tilboðsferðir í gangi.



Denver. Í borginni er að finna mörg söfn sem tengjast villta vestrinu.

Nýjasti áfangastaður Icelandair er Denver og er boðið upp á pakkaferðir þangað en þar er allt til alls. Denver er fræg fyrir bjórbruggun og vinsælt er að skoða brugghúsin þar. Vínrækt er einnig stunduð í kringum borgina og hægt er að bregða sér í vínsmökkun rétt fyrir utan borgarmörkin. Eftir 20 mínútna akstur frá Denver er komið að rótum Klettafjalla og þar opnast ótal möguleikar til útivistar, náttúruskoðunar, gönguferða, „rafting“, kajakróðurs og fjallaklifurs svo ekki sé minnst á frábæra golfvelli og golfstaði eins og Broadmoor Resort eða skíðasvæðin, þar sem Aspen er frægast.

Þess ber að geta að í pakkaferðunum eru flug og gisting innifalinn en fólk þarf alljafna að koma sér sjálft til og frá flugvelli nema um sérferð sé að ræða. Fólk er í frii á eigin vegum og ekki er boðið upp á skipulagðar skoðunarferðir. Ef fólk hefur áhuga á slíku er Icelandair með annan kost en það eru sérferðirnar.

MARGS KONAR SÉRFERÐIR

Auk þess að bjóða upp á pakkaferðir til fjölda áfangastaða skipuleggur Icelandair svokallaðar sérferðir til vel valinna staða. Innifalið í sérferðunum er flug, gisting, rútuferðir og leiðsögn um svæði, borgir og söfn.

Nýjasti áfangastaður flugfélagsins er Denver en þangað hafa verið skipulagðar tvær sérferðir í haust. Önnur kallast Haustlitir á hjóli en þá er ferðast um sveitirnar við rætur Klettafjalla þar sem haustlitirnir eru þá í hámarki. Gist

verður í smábænum Frisco sem er frá tímum gullæðisins um 1879. Fimm skipulagðar dagsferðir út frá bænum eru í boði í þessari ferð. Hin ferðin er með Sigmari B. Hauksyni til Denver sem er tilvalin fyrir útivistarfólk og sækera sem vilja kynna því sem Denver hefur upp á að bjóða.

Vinsælustu sérferðir Icelandair hafa verið til margra ára eftirfarandi: Upplifðu París, St. Pétersborg með Péttri Óla og ferð á Pakkargjörðarhátíð til Boston en nú í fyrsta sinn verður farið til Washington

yfir Pakkargjörðarhátíðarhelgina. Sólveig Baldursdóttir, fyrrverandi ritstjóri Gestgjafans, mun ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Hrafnssyni, leiða hópinn.

Sérferðir Icelandair eru alltaf vel sóttar. Í þeim er boðið upp á úrval skoðunarferða um hverfi borganna, söfn og kirkjur.

Ferðirnar eru afar fjölbreyttar og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem þeir hafa áhuga á bílasýningum, verslunarferðum, borgarmenningu eða tónlistarhátíðum.



75 | ÁR Á FLUGI



BORGARFERÐIR

NJÓTTU ÞESS AÐ SJÁ ÞIG UM Í HEIMINUM MEÐ ICELANDAIR

Borgarferðir

Þú færð ekki betra tækifæri til þess að lyfta þér upp. Þú getur valið á milli allra áfangastaða Icelandair, austan hafs og vestan. Hver er uppáhaldsborgin þín? Hún biður.

Tilboðsferðir

Spennandi tilboðsferðir. Einstök tækifæri í sumar og í haust. Fylgstu með á vefnum og taktu flugið án þess að hika. Ævintýrin gerast enn.

+ Kynntu þér möguleikana á icelandair.is

ICELANDAIR 

KLASSÍSK TÓNLIST Í SUMAR

Ýmsar frægar og fjölsóttar rokkónlistarhátíðir eru áberandi yfir sumar-tímamann í Evrópu. Þeir sem kjósa klassíska tónlist hafa líka úr ýmsu að moða í sumar. Fjölmargar stórar og smáar tónlistarhátíðir eru í Evrópu í sumar sem stíla inn á unnendur klassískrar tónlistar.

Ítalía:

Vinsæl óperuhátíð er haldin í ítölsku borginni Verona dagana 22. júní til 2. september. Hátíðin er mjög vinsæl og sækja um 16.000 manns hverja uppsetningu. Fyrsta ópera hátíðarinnar er hin sívinsæla Don Giovanni eftir Mozart. Aðrar sýningar í sumar eru meðal annars Carmen eftir franska tónskáldið Bizet og Aida eftir Verdi.



Höfuðborgin Róm hýsir einnig óperuhátíð dagana 30. júní til 7. ágúst þar sem óperuhúsið Teatro dell'Opera setur upp óperur undir beru lofti. Meðal verka má nefna Aida eftir Verdi, Tosca eftir Puccini og ballettinn Svanavatnið.

Tónlistarhátíð til heiðurs tónskáldinu Puccini verður haldin í Torre del Lago, nálægt fæðingarbæ tónskáldsins. Hátíðin fer fram dagana 21. júlí til 25. ágúst. Meðal verka verða klassísku verkin La Traviata, Tosca, Madama Butterfly og La Bohème.

Þýskaland:

Wagner-hátíðin í Bayreuth verður dagana 25. júlí til 28. ágúst í óperuhúsinu Festspielhaus sem Wagner byggði sjálfur. Fjölmörg verk meistarans verða flutt þar, meðal annars Niflungahringurinn, Hollendingurinn fljúgandi og Tristan og Ísold.



Austurríki:

Heimabær Mozarts, Salzburg, hýsir Salzburg-tónlistarhátíðina dagana 20. júlí til 2. september. Meðal verka sem þar verða flutt eru Parsífal og Lohengrin eftir Richard Wagner. Auk þess munu Filharmóníusveitin í Vínarborg og Sinfóníuhljómsveit Lundúna flytja verk á hátíðinni auk annarra flytjenda.

Á söguslóðum Harrys Potter

Þeir sem eru á leiðinni til Skotlands í ágúst þegar Edinborgarhátíðin er haldin þar hátíðleg geta nú fengið leiðsögn um gamla hluta borgarinnar þar sem farið er á slóðir Harrys Potter.

Leiðsögumenn í kuflum með galdrastafi leiða fólk um hverfið þar sem J.K. Rowling skrifaði fyrstu Harry Potter-bækurnar. Á göngunni er meðal annars komið við á kaffihúsinu þar sem Rowling sat ásamt dóttur sinni og skrifaði fyrstu bókina, Harry Potter og vaskusteinninn.

Áhrif Edinborgar á sögusvið Harry Potter-bókanna er áberandi eins og leiðsögumenn munu sýna þátttakendum fram á.

Farið er í Greyfriars-kirkjugarðinn þar sem gróf Thomas Riddle og sonar hans, sem hét sama nafni, er.

Í kvikmyndinni var það staðurinn þar sem Lord Voldemort endurfæddist en í bókinni heita bæði faðir og afi Voldemort og hann sjálfur Thomas Riddle. Einnig er farið á slóðir skáldsins William McGonagall sem aðstoðarskólustýra Hogwarts-skólans, Minerva McGonagall, er nefnd eftir.

Gangan er farin tvisvar á dag og tekur um 90 mínútur. Kostn-



Harry Potter-söguganga verður farin um götur Edinborgar í ágúst í sumar.

aðurinn ætti ekki að sliga neinn þar sem ókeypis er í hana og ganga leiðsögumennirnir út frá því að þátttakendur séu rausnarlegir á þjórfé í lok hennar. Ekki er nauðsynlegt að þekkja Harry Potter-sögurnar til þess að njóta leiðsagnarinnar þó það sé ótvírætt skemmtilegra.

Lofað er líflegri og skemmtilegri leiðsögn þar sem fróðleik um Harry Potter er blandað saman við staði, byggingar, bókmenntir, listir og persónur frá Edinborg.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um gönguna á www.pottertrail.com.

Stórkostleg sautján daga Indlandsferð

Úrval Útsýn býður upp á glæsilega sérferð til Indlands í október.

Indland er heill heimur út af fyrir sig. Landið hefur að geyma merkilega menningu, fallega náttúru, tilkomumiklar byggingar og litríka sögu. Í landinu er að finna hundruð þjóðarbrotta sem og tungumál, trúarbrögð og guði. Landið kemur stöðugt á óvart og ferðalag um þetta ótrúlega land er mikil upplifun sem seint gleymist. Úrval Útsýn býður upp á glæsilega sautján daga ferð um Indland 17. október. Daði Guðjónsson, markaðsstjóri Úrvals Útsýnar, segir ferðina vera mikið ævintýri sem seint gleymist. „Hver viðkomustaður í ferðinni hefur sitt sérkenni og kemur ferðamanninum stöðugt á óvart. Þetta er ferð sem enginn ætti að missa af.“ Flogið er með Icelandair til og frá London. Þaðan er flogið með Virgin Atlantic til og frá Indlandi. Ferðin hefst í Delí þar sem dvalið verður í tvær nætur. Farið verður í skoðunarferðir um nýja og gamla hluta borgarinnar. Eftir dvölinna þar er haldið í hefðbundna menningarferð um Norður-Indland, eða gullna þríhyrninginn svokallaða. Um er að ræða borgirnar Jaipur, Agra, Khajuraho og Varanasi. Farið verður í ógleymanlegar skoðunarferðir í öllum þessum borgum en í för verður íslenskur fararstjóri, Soffía Halldórsdóttir. „Auk þess verða innlendir leiðsögumenn henni til aðstoðar sem fylgja hópnum allan tímann. Á hverjum áfangastað verður einnig innlendir leiðsögumaður sem leið-



Daði Guðjónsson, markaðsstjóri Úrvals Útsýnar.



ir farþega um sérkenni hvers staðar,” segir Daði.

Ferðast verður milli áfangastaða með rútum, flugi og lestum. Lestarferð á Indlandi er upplifun sem enginn getur látið fram hjá sér fara, segir Daði. „Í lok ferðarinnar er farið til Suður-Indlands og dvalið í fimm nætur við hina guðdómlegu strönd Goa. Þar mun hópur-

inn dvelja á glæsilegu fimm stjörnu hóteli sem stendur við litla einka-strönd. Gist verður í svítum sem allar snúa út í glæsilegan garðinn. Auk þess verður dvalið á mjög góðum hótelum allan tímann.“

Innifalið í verðinu eru allar skoðunarferðir samkvæmt dagskrá, allur akstur, flug, lestarferð, hádegis- og kvöldverður í ferðinni um Norður-Indland og morgunverður í Goa, íslenskur og innlendir fararstjóri. Þá er innifalinn lokakvöldverður fyrir hópinn.

„Við bjóðumst einnig til að skipuleggja Indlandsferðir fyrir smærri hópa, til dæmis útskriftarhópa, sem vilja fara á öðrum tímum.“ Hægt er að lesa nánar um ferðina á heimasíðu Úrvals Útsýnar www.urvalutsyn.is



Jújú, auðvitað er gaman að slæpast um í sumarfri og sólbaði en gamanið kárnar fljótt ef sólin nær að brenna hold og sljógva haus með miskunnarlausum geislum sínum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Heilsuhraust á ferðalagi

Ferðalangar kannast margir við þá ónotalegu tilfinningu að verða lasnir í framaðri landi. Oftast verður mallakúturinn ósáttur við ferðakostinn en einnig ber að varast sólina, skordýr og fleira. Hér eru ráð sem gagnast í happdrættinu um góða heilsu á ferðalaginu.

- Sterkt ónæmiskerfi er öflugt vopn gegn sýklum og bakteríum. Sofið því nóg, stundið reglulega hreyfingu og borðið fullt af ávöxtum og grænmeti.
- Hafið hugfast að sólin er lúmsk þótt ljúf sé. Notið góða sólarvörn og sólhúfu til að forðast sólbruna og sólsting.
- Ferðalög til sumra framaðri landa útheimta bólusetningar nokkru áður en haldið er af stað svo forðast megi sjúkdóma eins og gulu og malaríu.
- Vandíð valið þegar kemur að mat og drykk í ókunnu landi. Leiki vafi á að vatn úr krananum sé drykkjarhæft er best að nota átappað vatn til drykkjar, tannburstunar og skolunar á matvælum. Forðist ísmola nema úr átöppuðu vatni og allan hráan mat. Hrár fiskur og skelfiskur geta verið einkar varhugaverðir.
- Munið að hvílast vel þótt gaman sé á ferðalaginu. Preytt manneskja er móttækilegri fyrir veikindum en úthvíld.
- Drekkíð nóg af vatni til að forðast ofþornun, einkum í heitum löndum.
- Verjið hendur og fætur að morgni og kvöldi til að forðast skordýrabít og það að verða hýsill fyrir sníkjudýr. Notið flugnafælur í híbýlum ykkar og slökkvið ljós að nóttu til því skordýr sækja bæði í ljós og skæra liti.

LAUGARDAGUR 30. JÚNÍ 2012

SPARNEYTNIR

BÍLAR

Kynningarblað umhverfisvænir bílar, Strætó endurnýjar flotann, sparnaður í bílarekstri..



Chevrolet AVEO: Draumabíll foreldra

Nýlega greindi bílavefmiðillinn www.vroomgirls.com frá niðurstöðum sínum eftir ýtarlega úttekt á því sem aðstandendur miðilsins nefna bestu unglingsbíla. Horft var til margra þátta, svo sem sparneytni, verðs, útlits, innra rýmis, notagildis og öryggis. Sex bílar komust í úrslit: Chevrolet AVEO, Kia Rio, Toyota Yaris, Volkswagen Golf, Scion XB og Honda Fit. Allir höfðu bílarnir margt til síns ágætis og skoruðu mishátt með tilliti til ólíkra viðmiða í flokkunum.

Chevrolet AVEO hlaut viðurnefnið „Draumabíll foreldra“. Þar réði valinu umhyggja foreldra um öryggi barna sinna á vegunum. AVEO er nefnilega fyrsti smábíllinn sem fengið hefur hámarkseinkunn, fimm stjörnur, á árekstrarprófum bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Það er þó fjölmargt fleira sem er eftirsóknarvert við Chevrolet AVEO fyrir unga öikumenn og foreldra þeirra, til dæmis sparneytnin. Nú er fánlegur Chevrolet AVEO ECO dísil sem eyðir aðeins 3,6 l/100 í blönduðum akstri, við bestu skilyrði. Chevrolet AVEO svarar því hátt og skýrt kröfum nútímans um öryggi og sparneytni.



Chevrolet AVEO

Veljið sparneytinn bíl peninganna vegna

Sparneytnir bílar eru hagkvæmir fyrir budduna og umhverfisvænir. Nýir bílar gefa frá sér brot af þeim óæskilega útblæstri sem kemur frá gömlum bílum.

Sparneytni og umhverfismildi fer saman og leiðist hönd í hönd. Ef bílar eru sparneytnir eru þeir um leið umhverfisvænir. Því minna sem þeir brenna af eldsneyti því minna af koldíoxíði og öðrum heilsuspillandi lofttegundum losa þeir út í umhverfið. Í raun tákna þetta að allir bílar sem að hluta eða öllu leyti keyra á etanóli, rafmagni og gasi, sem og tvinnbílar, teljast vera umhverfisvænir. „Svía flokka bíla þannig að þeir bílar sem eru með útblástur CO2 undir hundrað grömmum á kílómetra eru umhverfisvænir,“ segir Stefán Ásgrímsson, starfsmaður FÍB.

„Allir bílar sem eru með hundrað grömm eða minna í útblástur eru um leið sparneytnir, þeir eyða um fimm lítrum eða minna á hundraðið. Þessir sparneytnu og umhverfisvænu bílar eru miklu stærri og verklegri en þeir voru áður fyrir. Það er líka úr fleiri bílum að velja heldur en var fyrir um það bil tíu árum síðan. Á þessum áratug er talið að eyðsla bíla hafi farið



Allir bílar sem eru með hundrað grömm eða minna í útblástur eru um leið sparneytnir, þeir eyða um fimm lítrum eða minna á hundraðið. NORDIC PHOTO/GETTY

niður um 25-30 prósent og mengunin farið niður um 90 prósent. Framleiðendur bíla hafa mætt mjög vel kröfum um sparneytni og umhverfisvernd,“ segir hann.

Nýir bílar gefa aðeins frá sér brot af þeim óæskilega útblæstri sem kemur frá gömlum bílum. Til dæmis er losun kolsýrings, vetnis-kolefna og köfnunarefnisoxíða í útblæstri bíla frá tíunda áratugnum innan við tíu prósent af los-

uninni frá samsvarandi bílategundum sem framleiddar voru um 1970.

Velja á sparneytinn bíl fyrst og fremst peninganna vegna að mati Stefáns. „Umhverfisþátturinn skiptir líka mjög miklu máli. Einn bíll segir ef til vill lítið fyrir allan þennan mokstur af koltvísýringi sem fer út í loftið en safnast þegar saman kemur. Þetta er allt spurning um hugarfar.“

Metanbíll er hagkvæmur kostur

Vélamiðstöðin sérhæfir sig í að breyta hefðbundnum bensínbílum í metanbíla. Magnús Ninni Reykdalsson sölustjóri segir helmingi ódýrara að reka metanbíll miðað við bensínbíll. Munurinn getur numið hálfri milljón á ári eftir stærð og akstri á ársgrundvelli.

Vélamiðstöðin er í eigu Íslenska gámafélagsins og breytti fyrsta metanbílnum á Íslandi árið 2007. Síðan þá hefur hundruðum bíla verið breytt og eftirspurnin vaxið með hverju ári sem líður. Magnús Ninni Reykdalsson, sölustjóri Vélamiðstöðvarinnar, segir metanbreytta bíla bæði hagkvæma og umhverfisvæna.

Sparnaður

„Það er auðvitað sparnaðurinn ásamt umhverfisþættinum sem hvetur fólk til að breyta bíl í metanbíll. Enda er metangas um helmingi ódýrara en bensín um þessar mundir,“ segir Magnús Ninni. Vörugjöld eru endurgreidd af nýjum metanbreyttum bílum og að hluta til af sex ára gömlum bílum og yngri auk þess sem bifreiðagjöld eru mun lægri.

„Ef keyptur er nýr bíll geta vörugjöld numið allt að 1.250 þúsund krónum. Það eina sem þarf að gera við kaup á nýjum bíl er að óska eftir honum sem metanbíll. Vegna niðurfellingar vörugjalda fæst hann oftast á sama verði eða ódýrar en óbreyttur bíll.“

Fjárhagslegur ávinningur af því að reka metanbíll getur numið allt að helmingi miðað við bensínbíll. Bíll sem eyðir 10 lítrum á hundraði og er ekið 20 þúsund kílómetra á ári notar bensín fyrir 500 þúsund krónur en metanbíll notar metangas fyrir um 260 þúsund krónur. Sparnaðurinn er því 240 þúsund krónur. „Við erum með reiknivél á heimasíðunni okkar Metanbill.is þar sem hægt er að sjá sparnaðinn.



Snyrtilegur hnappur er inni í bílnum með metanmæli og rofa þar sem hægt er að slökkva og kveikja á metanbúnaðinum.



Metankútur er komið fyrir á snyrtilegan máta undir bílnum.

Þar er fljótséð að það margborgar sig að aka um á metanbíll.“

Geta allir bílar orðið metanbílar?

Hægt er að breyta nánast öllum bílum í metanbíla sem eru framleiddir eftir 2000.

„Settur er metankútur í bílinn, tölva, takki, gasleiðslur, þrýstiminnskari og smurkerfi til að smyrja ventlasætin. Við þetta þyngist bíllinn frá einhverjum tugum kílóa til allt að 200 kílóum, fer eftir stærð bílsins.“ Aksturseginnleikar bílsins breytast að öðru leyti ekki mikið og hann vinnur eins og hann sé að keyra á bensíni.

Get ég keyrt um á bensíni?

Eftir metanbreytingu er alltaf hægt að aka um á bensíni eins og



Magnús Ninni Reykdalsson sölustjóri við Chevrolet Cruze sem verið er að vinna við.

áður, þar sem engu er breytt í bílnum heldur aðeins búnaði bætt við. „Áður en farið er út á land þar sem ekki eru metanstöðvar er gott að fylla bílinn af metani fyrir langferðina. Þegar metanið klárast skiptir bíllinn sjálfkrafa yfir á bensín. Inni í bílnum er hnappur sem hægt er að ýta á og skipta yfir í bensín hvenær sem er. Á hnappnum er líka mælir sem segir til um metanmagnið á kútunum.“

Umhverfi og efnahagur

Metanið sem notað er í dag kemur með lögn frá ruslahaugunum í Álfsnesi í áfyllingarstöð N1 Ártúns-

höfða. Eins er áfyllingarstöð í Hafnarfirði og stefnt er að opnun á Akureyri í mars árið 2013. „Metan er óumhverfisvænt þangað til búíð er að brenna því í bílnum. Með því að aka á metanbíll er því verið að breyta mengandi gasi í umhverfisvæna lofttegund. Eins má ekki gleyma því að við erum að nota innlendan orkugjafa sem sparar okkur gjaldeyri.“

Framtíðarsýn

Aðspurður um framtíð orkugjafa segir Magnús að bensín og dísel verði áfram notað á Íslandi ásamt metani í auknum mæli. „Ég vona

að rafmagnsbílar komi sterkar inn á næstu árum. Aðalmálið er að við séum að nota okkar innlendu orku. Varðandi metan og metanforða þá er Metanorka að kortleggja Ísland með metanframleiðslu í huga. Mér kæmi það ekki á óvart að metanorkuver risi á Íslandi innan 2ja ára auk þess sem gamlir ruslahaugar verða nýttir til metanframleiðslu.“

Tilboð í júlí

Vélamiðstöðin býður þeim sem panta metanbreytingu í júlí 50% afslátt af tíu fyrstu áfyllingunum af metani.

Notaðu Citroën
bráðvantar á söluskrá.
Nýttu gott tækifæri.
Skiptu gamla uppí nýjan.

Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8. Opið virka daga kl. 9-17.



Kjóstu Citroën C3 Lýðræðið er franskt

Nýttu borgaraleg réttindi þín og skoðu franskan valkost. Komdu í Brimborg Bildshöfða 8 og prófaðu flottan og sparneytinn Citroën C3 dísil.

Citroën C3 er ekta franskur bill. **Sparneytinn.** Citroën C3 dísil fær **fritt í stæði** í 90 mínútur í Reykjavík vegna þess að hann er vishæfur. Start-Stop spartækni sparar pening á hverju rauðu ljósi. Ötrúlega sparneytinn – aðeins **3,6 lítrar á hundraðið** í blönduðum akstri. Fáðu lægri bifreiðagjöld með minni losun CO₂, aðeins 93 g/km. **Fallegur.** Citroën C3 dísil er sérstaklega vel hannaður. Sjáðu hvernig aukabúnaður eins og Zenith framrúðan opnar þér nýjan heim og hvernig frönsk fagurfræði nýtur sín í innanrýminu. Þægilegur. Citroën C3 dísil er frábærlega þægilegur bill, **þægilegur** á hátt sem aðeins Citroën getur státað af. **Vel útbúinn.** Kynntu þér hjá ráðgjöfum okkar ítarlegan staðalbúnað og forvitnilegan aukabúnað í Citroën. Undirstrikaðu persónuleika þinn með sérsniðnum Citroën.



Aðeins 93g CO₂
Fáðu fritt í stæði
í Reykjavík

Citroën C3 Seduction
5 dyra, 1,6 eHDI 92 hestöfl og 5 gíra
Kaupverð 2.890.000 kr.
Mánaðargreiðsla 29.886 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar 8,66%



Tökum allar tegundir notaðra
bíla upp í nýjan Citroën

Mundu. Citroën er leiðandi í framleiðslu dísilvéla og framleiðir dísilvélar fyrir marga bílaframleiðendur. Kjóstu C3 og fáðu fallega hönnun og rekstrarhagkvæmni í einum og sama pakkanum.



**Sjáðu Citroën. Spyrðu um
fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.**

Kosningar eru fyrir fólkið. Með lýðræðinu var fullveldi einvaldsins hafnað og fjölbreytni samfélagsins tryggð. Fagnaðu fjölbreytileikanum, kjóstu frumlegan, fallegan, öruggan og sparneytinn Citroën C3 dísil. Hafnaðu hjarðhegðuninni. Kjóstu lýðræðið. **Veldu franskt.**



50% lægri lántökugjöld*

Ergo vill aðstoða þig við að eignast farartæki

Með því að lækka lántökugjöld um 50% vill Ergo auðvelda þér að taka lán fyrir farartækinu sem þig dreymir um.

Á ergo.is finnur þú nánari upplýsingar um bílalan, græn lán og ferðavagnalán.

Reiknaðu með Ergo.

*Tilboðið gildir til 15. júlí

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is



Ergo er einn af stærstu lántökumarkaðum í landinu.



Illt er að stranda straumlaus á ferðalagi. Gott er að hafa startkapla alltaf með í för.

Leiðbeiningar um hvernig tengja á startkapla

Mörgum vex í augum að gefa straum enda nauðsynlegt að fara varlega. Aðgerðin er þó ekki flókin ef rétt er að farið. Eftirfarandi upplýsingar eru unnar upp úr vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Þar er einnig að finna skýringarmynd sem sýnir í hvaða röð kapalklemmurnar eru tengdar.

1. Þegar startkaplar eru tengdir milli bíla og annar bíllinn er með fullhlaðinn rafgeymi en hinn með tóman neistar á milli þegar síðasta kapalklemman er tengd. Á því augnabliki getur orðið allt að 3000 volta yfirspenna sem getur skaðað rafeindabúnað bílsins.
2. Skynsamlegt er að fjarlægja lykla úr kveikilásnum bílanna áður en startkaplarnir eru tengdir.
3. Fyrst skal klemma í plúspólinn á tóma rafgeyminum og svo í plúspólinn á fulla geyminum. Plúspólinn er yfirleitt merktur með rauðu. Svo skal tengja í mínuspólinn á fulla geyminum en síðasta kapalklemman er klemmd við ómálaðan málm eins langt frá geyminum og kostur er. Ástæðan er sú að í tómu rafgeymi getur verið bráðeldfimt vetni sem snöggkviknar í og geymirinn getur sprungið ef neisti myndast þegar fjórða kapalklemman er tengd of nærri geyminum.
4. Þegar startkaplarnir eru tengdir við báða bílana skal setja hjálparbílinn í gang og síðan skal starta straumlausa bílnum.
5. Athugið að mesta hættan á því að skemma rafkerfin í bílnum við straumgjöf skapast þegar aftengja skal startkaplana. Þegar bíllinn með tóma geyminum er kominn í gang skulu startkaplarnir vera tengdir saman um stund til þess að jafna út spennumismuninn milli tóma og fulla geymisins.
6. Startkaplarnir eru svo fjarlægðir í öfugri röð.

Heimild: www.fib.is.



Fáðu áminningu

Skráðu þig á póstlistann okkar þegar þú kemur í skoðun og veldu í hvaða mánuði þú vilt að við minnum þig á að láta skoða bílinn á næsta ári.

Þú gætir unnið 200 lítra bensínúttekt hjá Atlantsolíu eða 50.000 kr. úttekt hjá Pústþjónustu BJB.

Vinningar verða dregnir út mánaðarlega úr skráningum á póstlistann.

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 17 ár



HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Þau eru þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!**

www.adalskodun.is

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

FÓLK

KYNNINGARBLAD



FJÖR Í EYJUM

Um eitt þúsund fótboltastrákar eru nú mættir til Eyja til að taka þátt í Shell-mótinu. Mótið var sett í gær. Gert er ráð fyrir að um þrjú þúsund manns verði í Eyjum um helgina til að fylgjast með strákunum.

EITT LAG ENN

STÓRAFMAELI Stórtónleikar verða haldnir í Háskólabíói í júlí í tilefni 50 ára afmælis Sigu Beinteins. Fjöldi góðra gesta syngur með afmælisbarninu.

Söngkonan ástsæla Sigríður Beinteinsdóttir, sem flestir þekkja auðvitað sem Sigu Beinteins, verður fimmtug í júlí. Af því tilefni mun hún halda stórtónleika í Háskólabíói á afmælisdaginn sinn, fimmtudaginn 26. júlí. Söngkonan fagnar einnig þrjátíu ára starfsafmæli sínu í ár. Hún segist ekki hafa átt von á því, þegar hún hóf tónlistarferil sinn árið 1982, að þrjátíu árum síðar ætti hún eftir að syngja enn á sviði og vera hvergi nærri hætt. „Það var alltaf draumur minn að starfa við tónlist en á þeim tíma átti ég aldrei von á því að endast svo lengi í bransanum. Tíminn hefur svo sannarlega liðið hratt og stundum jafnvel of hratt.“

Á tónleikunum mun Siga syngja lög frá 30 ára ferli sínum sem hófst með hljómsveitinni Kikk. Hún vakti fyrst verulega athygli hérlandis þegar hún söng lagið „Vertu ekki að plata mig“ með HLH flokknum árið 1984 og eftir það varð ekki aftur snúið. Við tók farsælt tímabil með hljómsveitinni Stjórninni, sem var ein vinsælasta hljómsveit landsins um árabíl, þátttaka í Eurovision-keppninni auk fjölda annarra verkefna.

Fjöldi góðra gesta syngur með Sigu á tónleikunum. Þar má meðal annars nefna Björgvin Halldórsson, Grétar Örvarsson, Friðrik Ómar, Reginu Ósk og Pál Óskar Hjálmtýsson.

En hvað skyldi standa upp úr á þrjátíu ára ferli Sigu? Hún segir Eurovision-keppnirnar skipa stóran sess enda tók hún fjórum sinnum þátt; þrisvar sem sólsöngkona og einu sinni sem bakraddasöngkona. „Síðan er auðvitað Stjórnin stór og eftirminnilegur þáttur í ferlinum. Við vorum ein vinsælasta hljómsveit landsins um árabíl og þetta var virkilega skemmtilegur tími. Það sem gerði það tímabil svo skemmtilegt var að þá ferðuðumst við í rútu um landið og spiluðum á sveitaböllum. Sveitaböllin eins og þau voru í gamla daga eru ekki til lengur og það var gaman að ná því tímabili.“

Það er meira á döfinni hjá Sigu en



stórtónleikarnir. Í haust opnar hún eigið söngstúdíó þar sem hún mun kenna söng. „Ég hef rekið eigin söngskóla í Noregi frá árinu 2003 en hef lengi gælt við að kenna aftur söng hér á Íslandi. Nú læt ég loks þann draum verða að veruleika.“

Sumarið hefur að mestu farið í undirbúning afmælistónleikanna og stofnun söngskólans. Það verður því lítið um sumarfrí næstu vikurnar hjá Sigu og fjölskyldu. „Við tókum þó smá forskot á sæluna og eyddum tveimur vikum á Spáni í upphafi sumars. Þessa dagana fer hins vegar mesta orkan í tónleikana. Við ætlum líka að gera þetta svolítið skemmtilegt. Það verða sýndar myndir og myndbrot á tónleikunum og í anddyri Háskólabíós verða til sýnis ýmsir munir sem tengjast ferlinum, til dæmis búningar, ljósmyndir og blaðagreinar.“

■ starri@365.is

AFMÆLISBARN

Sigríður Beinteinsdóttir á þrjátíu ára starfsferil að baki og fagnar fimmtíu ára afmæli í júlí.

MYND/ERNIR

UPPLIFDU OG NJÓTTU!

Fimm stjörnu ferðafrelsi

MEÐ ÞÝSKUM **LMC** HÁGÆÐAHJÓLHÝSUM



Ótrúlegt verð á nýjum og notuðum hjólhýsum og húsbílum. Sjón er sögu ríkar!

Verið velkomin í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

Sími: 517-5200

pkarlsson@pkarlsson.is

www.pkarlsson.is

www.lmc.is



P. KARLSSON ehf.

Opnunartímar:

Mán-fös: 10-18

Laugardaga: 12-16

Sunnudaga: 13-17

**SUMAR
ÚTSALAN
ER HAFIN
20-50%
AFSLÁTTUR**

laugavegi 49 s:552 2020

vera

Úrval af fallegum sumarfatnaði



sandwich_

INFRA-RAUÐIR SAUNA KLEFAR

- Ný sending komin til landsins



Verð: 330.000kr

Stærð: 150 x 150 x 210 cm

ShopChina.is

Dekraðu við þig
Hreinsun – slökun – vellíðan

ShopChina ehf | Sími: 7720409 | info@shopchina.is

ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLOTUM



AB REYKJAVÍK
ER FLÚTT Í
FUNAHÖFÐA 9.
STÆRRI GLÆSILEGRI
VERSLUNI!

AB VARAHLUTIR Sími: 567 6020 - WWW.AB.IS

NU Á PREMUR STÖÐUM

REYKJAVÍK

REYKJANESBÆR

AKUREYRI

- ALLTAF BETRI



GLÆSILEG Unnur Arngrímsdóttir er glæsileg kona. Hún heldur í þá hefð að klæða sig upp á á kjördag og spóka sig í borginni af því tilefni. MYND/GVA

FER Í SPARIFÖTIN Á KJÖRDAG

Áður fyrr mætti fólk prúðbúið á kjörstað en færri halda í þá hefð í dag. Unnur Arngrímsdóttir er ein af þeim sem klæðir sig upp í tilefni kosninga.

Kosningadagur er ákveðinn hátíðisdagur í huga margra. Áður fyrr tíðkaðist að fólk klæddi sig upp á þegar það fór að kjósa og svo voru haldin kaffiboð um daginn og jafnvel haldið á kosningavöku um kvöldið. Unnur Arngrímsdóttir segir allt verða miklu virðulegra ef fólk klæðir sig í betri fötin en að því miður tíðkist það ekki lengur hjá flestum að gera það. „Foreldrar mínir báru alltaf mikla virðingu fyrir kjördegi og fóru vel klædd til að kjósa. Það var alltaf spennan í loftinu því ég veit að þau kusu ekki alltaf það sama,“ segir hún.

Unnur sjálf segist alltaf fylgjast vel með kosningamálum. „Mín skoðun er að allir eigi að kjósa og nýta sinn kosningarétt. Hver og einn þarf að vera búinn að kynna sér um hvað málið snýst og mynda sér ákveðna skoðun. Ég hlakka alltaf til að fara á kjörstað, sýna mig og sjá aðra og finna spennuna í loftinu. Þegar ég er komin í betri fötin á annað borð langar mig að ganga um borgina mína í fallegu veðri og njóta þess að vera með kosningarétt.“

■ lilja.bjork@365.is



BRAUT KLÓSETT-BURSTANN

ÍBÚÐASKIPTI Hjónin Birna Guðrún Baldursdóttir og Rögnvaldur Bragi Rögnvaldsson segja íbúðaskipti hentugan kost fyrir fjölskyldufólk.

„Þetta var ekki eingöngu hagstæðara heldur fannst okkur líka ótrúlega þægilegt að vera með fjölskylduna inni á venjulegu heimili,“ segir Birna Guðrún Baldursdóttir iðjuþjálfari en hún bjó ásamt fjölskyldu sinni í þrjár vikur í heimahúsi í bænum Olv-Olen í Belgíu síðasta sumar. Belgíska fjölskyldan bjó á meðan í húsinu þeirra á Akureyri.

Þrátt fyrir talsverðan undirbúning segir Birna fyrirhöfnina við skiptin vel þess virði. Eftir að hafa reynt íbúðaskipti einu sinni ætla þau örugglega að gera það aftur.

HREINGERÐU VEL

„Það þarf að undirbúa heimilið, þrifa og tæma nokkrar hillur og skúffur í fataskápnunum. Við fórum reyndar ofari í hreingerningunni og skrúbbuðum með tannbursta í hornin. Svo þrifum við svo svakalega húsið þeirra að við brutum klósettburstann,“ segir hún hlæjandi og ætlar ekki að stressa sig eins á þrifunum næst. „Eins þurftum við að útbúa upplýsingar um heimilið, hvar rafmagnstaflan var staðsett og útvega tengilið sem gestirnir geta hringt í ef eitthvað kemur upp á. Sá þarf einnig að hafa aukalykil að húsinu.“

BÍLLINN Í LAGI

Tryggingar á bílnum þurfa að vera í lagi og svo gæti verið sniðugt að setja hámark á kílómetrafjölda sem keyra má á fjölskyldubílnum,“ bendir Birna á en belgíska fjölskyldan hafði keyrt duglega um landið meðan á dvöl þeirra stóð. „Þau voru líka mjög hrifin af Íslandi,“ segir hún spök.

Birna segir undirbúninginn líka hafa orðið til þess að þau drifu í ýmsum framkvæmdum sem setið höfðu á hak-

anum. Til dæmis máluðu þau grindverkið og skiptu um eldhússtóla. „Þannig var líka mjög gaman að koma heim aftur. Svo beið okkar skondinn glaðningur í frystinum heima en báðar fjölskyldur eiga að skilja eitthvað matarkyns eftir í ís-skápnunum. Belgarnir höfðu útbúið gullas úr hangikjöti handa okkur, sem var ansi spes.“

GÓÐ SAMSKIPTI

Birna segir einnig að skynsamlegt sé að vera í reglulegu tölvupóstsambandi við skiptifjölskylduna áður og kynnast aðeins. Misjafnt sé hversu mikið fólk er til í að koma til móts við óskir.

„Við vorum svo heppin að þau voru þaulvön íbúðaskiptum og reyndust okkur frábærlega. Til dæmis redduðu þau reiðhjólum handa okkur öllum og líka barnapíu einn dagspart. Svo höfðu þau fengið nágrannastelpu til að koma í heimsókn með froska til að sýna strákunum. Upplýsingarnar sem þau gáfu okkur um afþreyingu í nágrenninu reyndust okkur líka mjög vel og við gerðum ýmislegt sem okkur hefði annars ekki dottið í hug.“

SKEMMTILEGT ÆVINTÝRI

„Svona fyrirkomulag getur verið púsluspil og leit að skiptifjölskyldu sem passar getur leitt mann á aðrar slóðir en maður ætlar í upphafi. Við hefðum til dæmis aldrei farið til Olv-Olen nema vegna þess að þau pössuðu okkur alveg. Fyrir vikið varð ferðalagið bara skemmtilegra og uppfyllt af ævintýrum,“ segir Birna.

Birna og Rögnvaldur skráðu sig á síðuna www.intervac.com. Þá má einnig benda á www.homeexchange.com og www.homeswapping.com.

■ heida@365.is

Í GARÐINUM

„HEIMA“ Birna Guðrún með Styrmí í fanginu og Kormákur gæðir sér á grillsteik. Henni fannst þægilegt að vera með fjölskylduna inni á venjulegu heimili.



ALLIR FENGU HJÓL

Rögnvaldur með Rökkva, 13 ára, Kormáki, 7 ára, og Styrmí, 3 ára, í hjólaferð.



KVEÐJUSKREYTING

Strákarnir kreyttu krítartöflurnar vel á belgíska heimilinu sínu í kveðjuskyni.



Nýtt Mentos tyggjó

ego dekor



SILVIA TV samstæða
Hnota / hvítt matt - Breidd: 240cm
Verð: 178.000,-



ERIC TV skenkur
Hnota / hvítt matt - Breidd: 210cm
Verð: 139.900,-

FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



TIFFANY
19.800,-



ARIANA
29.900,-



TORINO
16.900,-



MONET
19.900,-



TRENT
12.800,-



TESS
18.900,-



DAKOTA leðursófi
Stærð: 277X165
Verð: 328.000,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
Tilboðsverð: 179.100,-



FOREX tungusófi
Stærð: 270X160
Tilboðsverð: 186.150,-



AMBER tungusófi
Stærð: 290X165
Verð: 242.000,-
Tilboðsverð: 193.600,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

BÍLAR & FARATÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



VICTORY Vegas 8-ball v06ab26ca. Árgærd 2006, ekinn 2 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.490.000. Rnr.132798. Hjólið er á staðnum. uppl síma 517-1111



DYNAMIC CHOPPERS Softail . Árgærd 2007, ekinn 3 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 3.190.000. Rnr.133310. Hjólið er á staðnum. Allar upplýsingar og gögn á www.bilaborg.is uppl síma 517-1111 eða 696 1001

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>

bilfang.is
S. 567 2000



Honda Accord Elegance 2.0 L árg 01/2009 ek aðeins 38 þ.km perluhvítur, sjálfskiptur, álf ofl verð 3290, skipti möguleg, verð 3290 (um helgina 8648989)

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

ISBAND.IS
BILANNPLUTNINGUR



NÝTT COLEMAN SEDONA 8 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábaera verði aðeins 1.789.800kr, Komdu og skoðuðu,



NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábaera verði aðeins 2.389.800kr, Komdu og skoðuðu,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00
<http://www.isband.is>

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



FLEETWOOD Americana bayside. Árgærd 2007, markísa, græjur, ísskápur, lækkað verð 1.790.000. Rnr.260732.



PALOMINO Yearling iy-4102. Árgærd 2007, sólarsetla, fortjald, grill ofl. Lækkað verð 1.290.000. Rnr.102971.



BMW X5 3.0i. Árgærd 2003, ekinn 143 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. skoðar skipti á ódyrari Rnr.205295.



PALOMINO Colt. Árgærd 2005, fortjald, 2 rafgeymar, lækkað verð 990.000. allt að 100% lán Visa Euro Rnr.103063.

Bilakaup
Korputorgi, 112 Reykjavík
Sími: 577 1111
<http://www.bilakaup.com>

BÍLALIND.IS



HONDA CIVIC 2.0 TYPE „R“ 07/2002, ekinn 144 þ.km, 6 girar, flottur græjur. Sumartilboð 990.000. stgr. Raðnr. 283953 - Er á staðnum fyrir gæja og þæjur!



FORD FOCUS SJÁLFSKIPTUR 02/2001, ekinn 147 þ.km, sjálfskiptur, fallegt eintak! Verð 690.000. Raðnr. 192649 - Sá skynsami er á staðnum!



CITROEN C3 SX 06/2004, ekinn 105 þ.km, sjálfskiptur, aukafelgur m. vetrardekkjum. Fallegur bíll! Tilboðsverð 770.000. Raðnr. 321745 - Sá sæti er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

bifreidar.is
bifreida- & vinnuvélanetsalan
577 4777



PALOMINIO Bronco 800 pallhýsi camper. Árg 2009, rafmagn, Gas . Verð 1.7 millj, skipti athugandi. Rnr.153281.

bifreidar.is
Réttarhás 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
<http://www.bifreidar.is>

KTM



KTM 690 EXC R árg. 2012 Frábært ferðahjól, aðeins 140 kg. Tilboðsverð: 1.769.900,-

KTM og Husaberg umboðið
Rofabæ 7, 110 Reykjavík
Sími: 586-2800 / 893-2098
www.ktm.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Palomino Yearling 4120 árg 2006 12 fet, fortjald, svefntjöld, ný dekk, gaskútur, motta í fortjald, borð og stólar. verð 1590þús, TILBOÐ 1200þús. birting á morgun.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

bilauppbod.is

Parftu að kaupa eða selja bíl?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

bíll.is
bestir í bílum...



MMC Endeavor Is awd. Árgærd 2004, ekinn 92 þ.km. Miilur snyrtilegur bíll, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.134830.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



BMW M5 E60. Árg 2005, ek 137 þ.km V10 507hp. Verð 6.500þ - Flottur bíll - Rnr.154130. Óskum eftir bílum á skrá og á staðinn www.hofdabilar.is



PALAMINO Yearling y-4120. Árgærd 2005 Verð 1.390þ Rnr.103141. Vantar allar gerðir bíla og tækja á söluskrá og á staðinn.



MMC Pajero DID Árgærd 2005, ekinn 137 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390þ - Er að leita að 2007-2008 Pajero- Rnr.103165. Vantar allar gerðir bíla og tækja á söluskrá og á staðinn.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn www.hofdabilar.is

HÖFÐAHÖLLIN



PALOMINO I-COLT 10/2007, fortjald ofl. aukahlutir Helgartilboðsverð aðeins 1.290.000. Raðnr. 270093 - Langar þig í útilegu núna?



BMW X5 3.0D E70 08/2007, ekinn 53 þ.km, dísel, sjálfskiptur, umboðsbíll, einn eigandi. Verð 6.990.000. Raðnr. 290042 - Jeppinn sparneytni (9,3) er í salnum!



PORSCHE CAYENNE TURBO 09/2007, ekinn 45 þ.km, Umboðsbíll, tveir gangar af álfelgum og dekkjum. Verð 13.490.000. Raðnr. 270753 - Glæsivagninn er í salnum!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

100 bílar.is



NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábaera verði aðeins 2.389.800kr, Komdu og skoðuðu,



FORD F350 King Ranch 4x4. Árg 2005, ek 156 þ.km, dísel, sjálfsk, 35", Vel búinn og alveg klár fyrir Camper, Gott eintak og einn eigandi, Ásett verð 2.750.000. Rnr.142108. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00.
Lokað á laugardögum
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Subaru Legacy 2005 model. Ekinn 114þús. Ásett verð 1580þús. Uppl í síma 823 9000



Skoda Oktavia Combi. Árg. 2007, ek 120 þús. Dísel, 5 girar. Dráttarbeiðisli og ný vetrardekk á felgum. Vel með farinn, einn eigandi, Verð 1.990.000. stgr. Sími 862-1512

Fullkomin reiknivél á ergo.is



Til sölu Toyota Rav4 árg'01 ek.146þ. 4X4. SSK. Vel búinn aukahlutum. Ný dekk. V.1050P. Engin skipti. Uppl í síma 861-9064



Citroen Berlingo árg. 2005, ekinn 133þ. í góðu standi, verkfærahillur, rennihurðir báðum megin, toppluga, tímareim ekin 30þ. Verð 600 þúsund. Uppl. s: 862-0900



Diesel 4x4
Skoda Octavia 4x4 diesel. Árg'08 ek.103.þ.km Beinsk. m.dráttarkúlu Nýleg tímareim. Mjög fallegt eintak Ásett verð kr.2.790.000 Tilboðsverð kr.2.590.000 Uppl í síma: 820-9044



Audi A 4 árg. 95
Nýskoðaður. Ek. 167 þkm. ssk. Gott eintak. V. 390 þ. Uppl. í s. 8206558



TILBOÐ 250 Þ.
Volvo S40, árg. '97, ek. 164 þ. sjálfsk. nýsk. 13. mikið af nýjum varahl. og CD. Verð 300 þ. S. 8651655



Til sölu Trans am árg 95. í frábæru standi. Verð 1,7mil. Uppl 612 7879



LÆKKAD VERÐ!
Opel Zafira 1800. árg. '03. 7 manna. Ek. 150 þ. Sjálfsk. Dráttarkrókur, álfelgur, góð heilsársdekk. Verð 590 þ. S. 840-1602.

GOLFBÍLAR



TILBODSVERÐ!
G29E Rafmagnsbíll
kr. 1.495.000,-
Gerðu betur!
YAMAHA



Toyota Avensis, árg. 2001, sjálfsk., ekinn 184 þús, skoðaður án athugs. s:847-0631



VILT ÞÚ STARFA Í EINU AF UNDRUM VERALDAR?

FRAMREIÐSLUMAÐUR/FRAMLEIÐSLUMEISTARI Í FRAMTÍÐARSTARF

Um er að ræða spennandi starf með framsæknu veitingateymi. Viðamikil veitingastarfsemi er hjá Bláa Lóninu á veitingastaðnum LAVA, Blue Cafe og Lagoon bar. Glæsilegir funda- og ráðstefnusalir eru einnig í Bláa Lóninu og í Eldborg í Svartsengi. Innan raða Bláa Lónsins starfa úrvals starfsmenn sem búa yfir mikilli hæfni í mannlegum samskiptum, eru agaðir og fagaðir í framkomu og sinna starfi sínu af mikilli samvirkusemi.

Við leitum að faglærðum framreiðslumanni/framreiðslumeistara með:

- Frumkvæði og vilja til þess að veita framúrskarandi þjónustu
- Hæfni til þess að skipuleggja og stjórna vöktum
- Hæfni til þess að stýra skipulagi á stórum veitinga og fundaviðburðum
- Metnað og getu til þess að starfa á vöktum undir álagi

Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa að jafnaði 200-250 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veita Hulda Gísladóttir, mannauðsstjóri, í netfanginu hulda@bluelagoon.is eða í síma 420-8838 og Magnús Héðinsson, rekstrarstjóri veitingasviðs, í netfanginu magnush@bluelagoon.is eða í síma 420-8822 virka daga

Umsóknarfrestur er til 16. júlí og eru umsækjendur beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Bláa Lónsins: www.bluelagoon.is/Um-fyrirtaekid/Atvinna/



Spennandi tímar framundan



Sérfræðingur

Verksvið:

- Umsjón með verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og mannauðsmála
- Verkefni í framhaldsfræðslu
- Verkefni í raunfærnimati og ráðgjöf

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar
- Reynsla af því að greina fræðsluþarfir og þróa nám
- Góð tungumálakunnátta – íslenska, enska og eitt Norðurlandamál
- Ritfærni, vandvirkni, samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð

Sérfræðingur

Verksvið:

- Þriggja ára þróunarverkefni á sviði raunfærnis-mats sem og náms- og starfsráðgjafar
- Önnur verkefni fyrir Fræðslumiðstöðina

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í náms- og starfsráðgjöf
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Mjög góð hæfni til að starfa í teymisvinnu og reynsla af að bera ábyrgð á verkefnum.

Blaðamaður

Verksvið:

- Greinaskrif í norrænt rit um fullorðinsfræðslu
- Þátttaka í ritstjórnarfundum með samstarfsaðilum frá Norðurlöndum

Hæfniskröfur:

- Reynsla af greinarskrifum á norrænum tungumálum
- Þekking á fullorðinsfræðslu á Íslandi


Blaðamaður er ráðinn í verkefnavinnu og ritar 6-10 greinar ár hvert. Blaðamaður situr árlega tvo ritstjórnarfundum með norrænum samstarfsaðilum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), BSRB, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ, SA, BSRB, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu.

Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk.

Umsóknir með greinargóðum upplýsingum um fyrri störf og menntun ásamt kynningarbréfi óskast sendar til Nathalíu Druzín Halldórsdóttur hjá nathalia@radum.is og Hildar Erlu Björgvinsdóttur hjá hildur@radum.is. Nánari upplýsingar um störfin eru veittar hjá Ráðum í síma 519 6770.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál



**STERK SJÁLFSMYND
HEILBRIGÐI
GLEÐI
VÍÐTÆK ÞEKING
FÆRNI**

**ÁBYRGÐ
VIRKNI
VÍÐSÝNI
LÝÐRÆÐI
FJÖLBREYTNÍ**

**SAMÞÆTTING
NÝBREYTNÍ
FAGMENNSKA
FORYSTA
HVATNING**

VILTU MÓTA FRAMTÍÐ MEÐ OKKUR?

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR óskar eftir fólki til starfa næsta vetur við fjölbreytt störf með börnum og unglíngum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmönnum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Í boði eru heilsdagsstörf og hlutastörf.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á:
WWW.REYKJAVIK.IS/STORF




Störf í boði við sameinaðan leikskóla Flúðir/Pálmholt

Sameinaður leikskóli Flúðir/Pálmholt óskar eftir að ráða til starfa:

- **Deildarstjóra**
- **Leikskólakennara**
- **Leikskólasérkennara eða þroskaþjálfara**
- **Aðstoðarmatræð**

Sameinaður leikskóli er fyrir 140 börn. Skólarnir eru grænfánaskólar, þeir vinna með SMT- styðjandi skólafærni og leggja áherslu á læsi í leikskóla og tákni með tali.

Nánari upplýsingar um störfín er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt
Umsóknarfrestur er til 8. júlí 2012



Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • Bréfasími 460 1001

Grunnskóli Fjallabyggðar auglýsir

Náms- og starfsráðgjafi óskast til starfa við Grunnskóla Fjallabyggðar í 50% starfshlutfall. Starf námsráðgjafa fer fram á þremur starfsstöðvum skólans, á Ólafsfirði og tveimur á Siglufirði.



Helstu verkefni

Náms- og starfsráðgjafi Grunnskóla Fjallabyggðar er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda. Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda og veita ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur. Náms- og starfsráðgjöfin er hugsuð sem hjálp og stuðningur til að auka sjálfstæði og sjálfsvitund nemenda. Náms- og starfsráðgjafi tekur þátt í samstarfi innan og utan skólans.

Hæfniskröfur

- Starfsréttindi sem náms- og starfsráðgjafi
- Geta starfað sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og frumkvæði

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og KÍ. Nánari upplýsingar veitir Jónína Magnúsdóttir skólastjóri 845-0467 eða jonina@fjallaskolar.is

Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar

Starf aðstoðardeildarstjóra á bráðaöldrunarlækningadeild er laust til umsóknar. Deildin er 21 rúma og sérhæfir sig í meðferð og hjúkrun eftir bráðainnlögn. Starfið veitist frá 1. september eða eftir samkomulagi til tveggja ára með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- » Er leiðandi í klínisku starfi og framþróun hjúkrunar á deildinni
- » Vinnur í samráði við hjúkrunardeildarstjóra að skipulagningu á starfsemi deildar
- » Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin

Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Starfeynsla
- » Stjórnunarþekking og leiðtogaþæfni

Nánari upplýsingar

- » Framlengdur umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2012.
- » Starfshlutfall er 90 – 100% og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi til tveggja ára með möguleika á áframhaldandi ráðningu.
- » Upplýsingar veitir Sigrún Lind Egilsdóttir, deildarstjóri, siglind@landspitali.is, sími 543 9404.
- » Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferliskrá ásamt afriti af prófskránum og hjúkrunarleyfi.
- » Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



BYLGJAN
989

Sprengisandur kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Capacent Ráðningar

AÐSTOÐARMAÐUR
FORSTJÓRA

Icelandic Water Holdings ehf. sem framleiðir Icelandic Glacial vatn, er leiðandi fyrirtæki á íslenskum vatnsmarkaði. Fjögur stærstu markaðssvæði félagsins eru Bandaríkin, Kína, Rússland og Kanada en alls flytur félagið vatn til 10 markaðssvæða. Hjá félaginu og dótturfélögum þess starfa 45 manns í 5 löndum. Höfuðstöðvar eru að Hlíðarenda í Ölfusi.

Við leitum að ritara/aðstoðarmanni fyrir forstjóra Icelandic Water Holdings. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í lifandi og síbreytilegu umhverfi. Viðkomandi verður að vera tilbúinn til að vinna aukavinnu um kvöld og helgar á álagstímum. Starfsaðstaða er alla jafna að Hlíðarenda í Ölfusi en einnig í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Ef þú sem einstaklingur:

- Hefur þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Ert heiðarlegur og stundvís
- Ert verkefnadrifinn, ábyrgur og afkastamikill
- Getur starfað undir álagi
- Býrð yfir frumkvæði og metnaði
- Hefur góða íslensku- og enskukunnáttu og færni til að tjá þig í ræðu og riti
- Hefur góða tölvukunnáttu, m.a. reynslu og góða þekkingu í Outlook, Exchange, Excel, Word og Power Point

Þá bjóðum við þér:

- Fjölbreytt verkefni og krefjandi vinnuumhverfi
- Þátttöku í spennandi verkefnum á alþjóðavettvangi
- Tækifæri til að auka þekkingu þína á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi

Ef þú ert rétti einstaklingurinn fyrir okkur bjóðum við þig velkominn í ört vaxandi hóp starfsmanna IWH.

Meðal helstu verkefna eru:

- Skrifstofuaðstoð við forstjóra
- Ferða- og dagbókarskipulagning
- Náin samvinna með forstjóra við skipulagningu dagskrár og funda
- Bréfaskriftir og svörun erinda
- Utanumhald skjalakerfis
- Ótal sérverkefni sem tengjast starfi forstjóra bæði hérlendis og erlendis

Umsjón með umsóknarferlinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGAR Í
KJARAMÁLUM

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti. www.reykjavik.is.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir laus störf deildarstjóra og lögfræðings í kjaradeild. Næsti yfirmaður deildarstjóra er fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og er deildarstjóri hluti af stjórnendateymi fjármálaskrifstofu. Næsti yfirmaður lögfræðings er deildarstjóri kjaradeildar.

Kjaradeild er ný deild innan Fjármálaskrifstofa sem sett var á laggir í tengslum við endurskipulagningu á miðlægrri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Þessar breytingar taka formlega gildi 1. september nk. og miðast ráðning í störfum við þann tíma.

DEILDARSTJÓRI KJARAEILDAR

Helstu verkefni og ábyrgð kjaradeildar:

- Túlkun kjarasamninga
- Samskipti við stéttarfélag
- Eftirlit með framkvæmd kjarasamninga
- Launaafgreiðsla og frádráttarskil
- Ábyrgð og umsjón með upplýsingakerfum (Oracle) vegna mannaúðsmála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í lögfræði eða annarri grein sem nýtist í starfi
- Æskileg menntun og/eða reynsla á sviði kjarasamninga og vinnuréttar
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Reynsla á starfssviði kjaradeildar
- Leiðtogaþæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur um eina viku eða til og með 9. júlí nk.

Um laun og starfskjör í störfum fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfum á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

RAFHOLT

Smiðjuvegur 8 Kópavogur / Njarðarbraut 3 Reykjanesbær.

Starfsmaður óskast á skrifstofu Rafholts Smiðjuvegi 8 í Kópavogi Um er að ræða 50-70% starfshlutfall og þarf starfsmaður að geta hafið störf sem fyrst

Starfssvið:

- Launaútreikningur
- Verkbókhald
- Greiðsla reikninga
- Umsjón með eldhúsi - innkaup
- Símsvörun og önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af dk hugbúnaði kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Umsækjendur sendi upplýsingar um menntun og starfsreynslu á helgi@rafholt.is.
Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2012.

www.rafholt.is
Sími 517 7600

Rafholt ehf. er framsækið fyrirtæki sem starfar á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Boðið er upp á mjög góða aðstöðu fyrir starfsmenn. Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu.

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

Starfsmaður í mötuneyti

Ferskar kjöttvörur hf. óska eftir að ráða starfsmann í mötuneyti.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 8. júlí.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Ásmundsson í síma 588-7580 frá kl. 10:00 til 14:00 virka daga og á netfangið gunnaras@ferskar.is

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

Viðskiptafræðingur

Nýsköpunarfyrirtæki, sem að standa fjársterkir aðilar, óskar eftir viðskiptafræðingi í bókhald og önnur tengd verkefni. Um hlutastarf (50-75%) er að ræða fyrst um sinn. Spennandi tækifæri.

Rafmagnsverkfræði

Höfum verið beðin um að leita að rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræðingi fyrir traust fyrirtæki. Nýlega útskrifaðir koma vel til greina.

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is



Rangárfing eystra

Sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustusviðs og markaðs- og kynningarfulltrúi

Í Rangárfingi eystra búa tæplega 2000 manns. Sveitarfélagið er mikið landbúnaðarhérað en jafnframt er ferðaþjónusta vaxandi atvinnugrein.

Þar er að finna einstakar náttúruperlur og þekkt sögustaði eins og Þórsmörk, Tindfjöll, Eyjafjallajökull, Skógarfoss, Seljalandsfoss og Paradísarhelli.

Sögusvið Brennu-Njáls sögu teygir sig um allt svæðið. Þar er einnig afþreying af ýmsu tagi og hentar öllum aldurshópum s.s. söfn, sýningar, sundlaugar, hestaleigur, gönguleiðir, íþróttamiðstöð, golf, gallerí, veiði o.fl.

Hvolsvöllur er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er stjórnarsýslan ásamt grunnskóla og leikskóla, heilsugæslu, apóteki, sundlaug, íþróttahúsi, verslun, banka, veitingastöðum o.fl. Helstu atvinnuvegir eru iðnaður, verslun og þjónusta.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess www.hvolsvollur.is

Sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustu

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra framkvæmda- og þjónustusviðs sveitarfélagsins Rangárfings eystra. Um er að ræða 100% starf í stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Starfið heyrir beint undir sveitarstjóra Rangárfings eystra.

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sviðsstjóra framkvæmda- og þjónustusviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

Starfssvið

- Öll verkefni sem lúta að veitingu byggingarleyfa
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar á Hvolsvelli, Eignasjóði, fráveitu og leiguíbúðum
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við verkstjóra áhaldahúss, skrifstofustjóra og sveitarstjóra
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Umsjón með lóðum og lendum sveitarfélagsins
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í rekstrar-, verk- eða tæknifræði sem nýtist í starfi
- Hafi réttindi byggingafræðingur
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogaþæfni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Þekking á sviði framkvæmda er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnarsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Laust er til umsóknar starf markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélagsins Rangárfings eystra. Um er að ræða 100% starf í stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Starfið er með nýjum og breyttum áherslum og heyrir beint undir sveitarstjóra Rangárfings eystra.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi um þróun samfélags í Rangárfingi eystra og starfsemi sveitarfélagsins. Starfið felur í sér yfirumsjón ofangreindra tveggja málaflokka hjá sveitarfélaginu. Auk þess mun starfið fela í sér vinnu við önnur tilfallandi verkefni innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Starfssvið

- Yfirumsjón með markaðs- og kynningarmálum á öllum sviðum sveitarfélagsins
- Eftirfylgd með samningum sveitarfélagsins við ríki, stofnanir, einstaklinga, fyrirtæki og félagsamtök
- Utanumhald og ritstjórn á vef sveitarfélagsins og stuðningur við stofnanir við upplýsingamiðlun til íbúa
- Mótar stefnu í skjalavistun fyrir sveitarfélagið í heild og styður við stofnanir þar að lútandi
- Mótar leiðir til efla íbúalýðræði og hefur umsjón með framkvæmd þeirra og úrvinnslu
- Þátttaka í tilfallandi vinnuhópum og teymisvinnu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er æskilegt
- Góð þekking á sveitarstjórnarstiginu og stjórnarsýslu er æskileg
- Skipulagshæfileikar, ríkur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í tölvumálum
- Góð íslenskukunnátta og færni í að koma frá sér efni í rituðu og töluðu máli.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Reynsla af stjórnun er æskileg

Nánari upplýsingar um störfina veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 16. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starf þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Hvaleyarskóli

Hvaleyarskóli auglýsir eftir leikskólakennara/deildarstjóra til að stýra fimm ára deild sem starfrækt verður í skólanum á komandi skólaári 2012-2013.

Kennt verður samkvæmt aðalnámskrá leikskólans en lögð sérstök áhersla á skapandi starf og tengsl við fyrstu bekkni grunnskólans. Dvalartími barnanna tekur mið af starfi leikskólanna.

Í Hvaleyarskóla fer fram metnaðarfullt og frjósamt skólastarf. Lögð er áhersla á að allir aðilar skólasamfélagsins vinni saman að því markmiði að gera góðan skóla enn betri.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf við undirbúning sem allra fyrst því leikskólabörn mæta í skólann 9. ágúst.

Nánari upplýsingar veita Helgi Arnarson, skólastjóri í síma 664-5893, netfang: helgi@hvaleyarskoli.is og Marsibil Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 664-5869, netfang: marsibil@hvaleyarskoli.is. Lítið einnig við á vefsíðu skólans <http://www.hvaleyarskoli.is>, en þar er að finna ýmsar upplýsingar um það starf sem fram fer í skólanum

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FÍL fyrir deildarstjóra leikskóla.

Umsóknir berist á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 220 Hafnarfjörður eða í tölvupósti til skólastjór-nenda fyrir 8. júlí 2012.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



**Veðurstofa
Íslands**



Eldfjallasérfræðingur

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun og heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.

Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlis-þættir jarðarinnar: Loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, úrvinnslu- og rannsóknasviði, og fjármála- og rekstrarsviði. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is.

Starfið heyrir undir Eftirlits- og spásvið sem hefur m.a. það hlutverk að samþætta rauntímavöktun og útgáfu viðvarana og spáa vegna náttúruvá. Undir samþætta rauntímavöktun fellur eftirlit með jarðvá, veðurvá, vatnavá, ofanflóðum og sjávarflóðum. Auk þessa veitir sviðið alþjóðlegri flugstarfsemi flugveðurþjónustu innan íslenska flugstjórnarsvæðisins.

Starfssvið

- ▶ Leiðandi hlutverk í verkefnum og rannsóknum tengdum eftirliti með eldfjöllum
- ▶ Þróun og uppbygging eftirlits og spáa varðandi náttúruvá vegna eldgosa
- ▶ Tengiliður við alþjóða flugmálastofnunina (ICAO), ráðgjafarmiðstöð um gjöskudreifingu (London VAAC) og aðra hagsmunaaðila varðandi málefni tengd eldfjöllum
- ▶ Uppbygging og vinna við kortlagningu eldfjalla á Íslandi
- ▶ Samskipti við innlenda og erlenda eldfjallasérfræðinga
- ▶ Aðkoma að hættumati vegna eldfjalla á Íslandi
- ▶ Þátttaka í jarðvæfingum

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólapróf á sviði náttúru- og raunvísinda
- ▶ Framhaldsmenntun nauðsynleg á sviði eldfjallafræði
- ▶ Þekking og farsæl reynsla af stjórnun verkefna innan náttúru- og raunvísinda
- ▶ Farsæl reynsla á sviði úrvinnslu mæligagna
- ▶ Kunnátta í ensku mikilvæg
- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Skipulagshæfni og nákvæmni

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Theódór Freyr Hervarsson** (teddi@vedur.is) og **Borgar Ávar Axelsson** (borgar@vedur.is).

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **31. ágúst 2012**.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

www.vedur.is
522 6000



Þjónustufulltrúi sem gerir sitt, gerir sitt, gerir sitt, gerir sitt besta



Vodafone hjálpar viðskiptavinum sínum að ná því besta út úr neti, heimasíma og sjónvarpsþjónustu sinni. Við óskum eftir þjónustufulltrúa sem býr yfir mikilli tæknikunnáttu og samskiptahæfileikum.

Allar nánari upplýsingar um störf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Vinnustaðurinn okkar er skemmtilegur og fólk sem tekst á við krefjandi verkefni með bros á vör er okkur að skapi. Við tökum verkefni hátiðlega en ekki okkur sjálf og viljum gera viðskiptavinum okkar þá ánægðustu á Íslandi.

Þín ánægja er okkar markmið

Hópkaup auglýsir eftir viðskiptastjóra

Ert þú sniðug/ur, hress og hefur áhuga á markaðsmálum?

Við getum kennt þér að selja, en við getum ekki kennt þér að vera hress.

Hópkaup er fyrirtæki sem vinnur að því að auka viðskipti samstarfsaðila sinna með vinsælustu tilboðsaðferð landsins í dag og er **Hópkaup** stærsta fyrirtækið á sínum vettvangi á Íslandi. **Vilt þú vera í sigurliðinu?**

Áhugasamir sendi umsókn strax á umsokn@hopkaup.is.

Umsóknarfrestur er til 6. júlí.

Hæfniskröfur:

Hressleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á markaðsmálum
Sjálfstæði
Söluhæfileikar

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

Suðurlandsbraut 22 - 108 Reykjavík - hopkaup.is - Sími 520 1030

PIPARITBYVA - SÍA

FAGSTAÐ

Okkur vantar vana stálsmiði til starfa.

Mikilvægt er a viðkomandi sé íslenskumælandi. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera vanur allri finsmiði úr ryðfríu og svörtu stáli. Gott væri að meðmæli og ferilskrá fylgi starfsumsókninni. Um framtíðarstarf er að ræða og lágmarksaldur er 24 ára. Áhugasamir senda umsókn á netfangið skh@internet.is



Sunnuhlið

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Hjúkrunardeildarstjóri

Sunnuhlið hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða deildarstjóra á hjúkrunardeild. Deildin skiptist niður í þrjár einingar og er ein einingin sérstaklega fyrir minniskerta. Á deildinni er einn deildarstjóri og tveir aðstoðardeildarstjórnar. Gerð er krafa um viðurkennt hjúkrunarpróf og leyfi frá Landlækniseimbættinu til að stunda hjúkrun. Nám í stjórnun og/eða öldrunarhjúkrun er æskilegt sem og starfsreynsla í hjúkrun. Starfið veitist á bilinu 15. ágúst – 1.september eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar um starfið veita:

Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri
Sími 560-4163, dagmar@sunnuhlid.is og
María Fjóra Harðardóttir, deildarstjóri
Sími 560-4161, maria@sunnuhlid.is

SÉRFRÆÐINGUR Í VERKEFNASTJÓRNUN

starf@tollur.is

Tollstjóri leitar að sérfræðingi í verkefnastjórnun til liðs við þá starfsmenn sem hafa umsjón með gæða- og verkefnastjórnun hjá embættinu.

Starfssvið:

- » Þátttaka í mótun verkefnastjórnunarferlis og innleiðingu þess.
- » Gerð verkefnaskrár og umsjón með gerð verkefnaáætlunar.
- » Aðstoð við verkefnastjóra, t.a.m. við áætlanagerð og eftirfylgni.
- » Samskipti við verkefnastjóra, t.a.m. um stöðu verkefna.
- » Ráðgjöf og fræðsla á sviði verkefnastjórnunar.

Hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun, meistaraþráða. Framhaldsmenntun á sviði verkefnastjórnunar (MPM) eða sambærilegt nám og/eða alþjóðleg vottun á sviði verkefnastjórnunar er kostur.
- » Þekking á aðferðafræði og stöðlum verkefnastjórnunar.
- » Þekking á hugbúnaði til verkefnastjórnunar, t.a.m. MS Project og MindManager.
- » Leiðtoga- og stjórnunarfærni ásamt þjónustulund, jákvæðni og sjálfstæði.
- » Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti, hvoru tveggja á íslensku og ensku.
- » Reynsla af verkefnastjórnun.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Rut Benediksdóttir, forstöðumaður þjónustu- og gæðamála, í síma 560-0385. Umsókn merkt „Sérfræðingur í verkefnastjórnun“ skal skila rafrænt á netfangið starf@tollur.is fyrir 16. júlí nk.

Stefna Tollstjóra er að vera framsækin ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs, veita góða og skilvirka þjónustu og hlúa að mannaði sínum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðeigandi stéttarfélag. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Við verndum samfélagið og tryggjum ríkinu tekjur
Traust - Samvinna - Framsækni



TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, vefur: www.tollur.is



VINNUMÁLA STOFNUN
FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR

Starf sérfræðings hjá Fæðingarorlofs- sjóði Hvammstanga

Vinnuálastofnun leitar eftir sérfræðingi til að sinna úrvinnslu og afgreiðslu umsókna ásamt öðrum verkefnum sem falla undir verksvið Fæðingarorlofssjóðs.

Starfssvið

- Úrvinnsla og afgreiðsla umsókna
- Eftirlit með greiðslum í fæðingarorlofi
- Símsvörun
- Tölvuskráning
- Almenn upplýsingagjöf til umsækjenda
- Svörun fyrirspurna um fæðingarorlofsmál hvort heldur símleiðis eða bréfleiðis
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af vinnu innan stjórnsýslunnar er æskileg
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulags hæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Um er að ræða fullt starf frá 27. ágúst 2012. Viðkomandi starfsmanns bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist á netfangið leo.thorleifsson@vmst.is eða til Vinnuálastofnunar/Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga, fyrir 16. júlí 2012.

Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði. Endurnýja þarf fyrri umsóknir sem kunna að liggja fyrir. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnuastofnun.is

Frekari upplýsingar um starfið veitir Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs á ofangreindu netfangi og í síma 582-4840.



ÍÐNSKÓLINN
Í HAFNARFIRÐI

Við Íðnskólann í Hafnarfirði eru lausar til umsóknar eftirtaldar kennarastöður á haustönn 2012.

// Íþróttir 100% starf
// Faggreinar rafiðna (grunnám) 100% starf
// Fagteikning pípulagna (AutoCad) 75% starf

Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2012. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja tilheyrandi fylgigögn s.s. leyfisbréf, ferilskrá, prófskirteini ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli. Umsóknir skal senda til skólameistara á netfangið arsaell@idnskolinn.is

Ráðið er í störf frá 1. ágúst 2012. Launakjör fara eftir gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu skólans www.idnskolinn.is. Frekari upplýsingar um störf veitir skólameistari, Ársæll Guðmundsson, í síma 895 2256.

Skólameistari

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



KRANASTJÓRI - GRÆNLAND

ÍSTAK óskar eftir að ráða kranastjóra til starfa við framkvæmdir á Grænlandi. Um er að ræða stjórnun á bílkrana, vörubílum með krana auk annarra tilfallandi verkefna.


Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á www.istak.is – undir „Starfsumsókn“ fyrir 8. júlí næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvallar. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

75 | ÁR Á FLUGI



ISLENSKA SÍLAUS TEE 06/12

KOMDU TIL LIÐS VIÐ OKKUR

Icelandair óskar eftir öflugum liðsmönnum í krefjandi störf í tækniþjónustu félagsins á Keflavíkflugvelli.

VERKEFNASTJÓRI Í KOSTNAÐARSTÝRINGU

Í starfinu felst greining á kostnaði vegna viðhalds flugvéla, varahluta, birgða og fleira; þróa rekstrarmælikvarða, finna tækifæri til að bæta árangur og aðstoða sérfræðinga við ákvarðanatöku ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum.

STARFSSVIÐ:

- Annast arðsemisgreiningar á verkefnum við innleiðingu á hugbúnaði, breytingar á flugvélum, samningum og fjárfestingum í flugflota félagsins
- Vinna með og þróa greiningaraðferðir og mælikvarða
- Aðstoða við gerð rekstraráætlana og rekstraruppgjörs
- Aðstoða sérfræðinga við uppgjör verkefna
- Fylgjast með kostnaðarmyndun og aðstoða við lækun kostnaðar eða háþöfnun á arðsemi

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf, helst meistaraþróf, í rekstrar- eða iðnaðarverkfræði, rekstrarhagfræði eða skyldum greinum
- Áhugi á og færni í meðhöndlun tölulegra og fjárhagslegra upplýsinga
- Góður skilningur á kostnaðargreiningu, arðsemisgreiningu, framleiðslustýringu, birgðahaldi og þess háttar
- Mjög góð þekking á Microsoft Excel og/edá öðrum greiningarhugbúnaði
- Kunnátta í gagnagrunnum og gagnanámi (data mining) er kostur
- Reynsla af ofangreindum atriðum í námi eða starfi er kostur
- Frumleiki í hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög gott vald á ensku og íslensku

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Í tækniþjónustu verður til mikið af gögnum í tengslum við stjórnun, framkvæmd og viðhald flugvéla. Mikil þörf er á að geta kallað fram skýrslur og gert ýmsar greiningar sem geta tengst fjármálum, áreiðanleika, rekstrarstýringu, viðhaldssögu og fleiri þáttum.

STARFSSVIÐ:

- Aðstoða sérfræðinga við gerð kröfulýsinga fyrir skýrslur
- Gerð skýrslulíkana og hönnun viðmóts
- Forritun og prófanir á flóknum SQL-fyrirspurnum
- Tæknileg aðstoð, villuprófanir og lagfæringar á fyrirliggjandi skýrslum
- Greiningarvinna í tengslum við misræmi og frávik gagna
- Skjölun, útgáfustýring og almenn stjórnun í tengslum við uppsetningu og viðhald hugbúnaðar
- Önnur hugbúnaðarverkefni eftir þörfum

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf á sviði hugbúnaðar eða a.m.k. þriggja ára reynsla af forritun og gagnagrunnum
- Reynsla af flóknum gagnagrunnsfyrirspurnum og gagnalíkönnum
- Reynsla af SQL
- Þekking á skýrslugerðartólum og reynsla af hönnun og þróun á skýrslum
- Reynsla af Oracle-gagnagrunnum og tólum
- Mjög góð þekking á Microsoft Excel og/edá öðrum greiningarhugbúnaði
- Reynsla af Oracle WebLogic er kostur
- Metnaður og rík þjónustulund
- Mjög gott vald á ensku og íslensku

Nánari upplýsingar veita:

Viktor Vigfússon | viktorv@its.is
Steinunn Una | unasig@icelandair.is

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

+ Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 8. júlí.

ICELANDAIR



STARF DEILDARFULLTRÚA MYNDLISTAR- OG LISTKENNSLUDEILDAR LAUST TIL UMSÓKNAR

Listaháskóli Íslands auglýsir laust til umsóknar starf deildarfulltrúa myndlistar- og listkennsludeildar. Um er að ræða fullt starf. Deildarfulltrúi vinnur náið með deildarforsetum sinna deilda, kennurum og nemendum.

Helstu verkefni:

- umsjón með nemendabókhalda deildanna svo sem skráningu námskeiða og einkunna ásamt stundatöflugerð
- umsjón með inntökufærli, móttöku og skráningu umsókna
- umsjón með útskriftarferli nemenda
- miðlun upplýsinga á ytri vef skólans
- taka þátt í skipulagningu viðburða svo sem móttöku nýnema, opnum degi og námskynningum

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi:

- haldgóða menntun og reynslu sem nýtist í starfinu
- góða tölvukunnáttu og geti auðveldlega tileinkað sér nýja þekkingu á því sviði
- góða kunnáttu í íslensku og ensku
- skipulagshæfileika og eigi auðvelt með að vinna með öðrum

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til þess að umsækjandi sé skipulagður og sjálfstæður í verki, lipur í samskiptum, sýni frumkvæði og hafi metnað fyrir viðfangsefnum skólans.

Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til 30. júlí nk. Umsjón með ráðningu í starfið hefur Björg J. Birgisdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið starfsumsokn@lhi.is og hægt er að senda fyrirspurnir um starfið á sama netfang.

 **LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

Ert þú eldhress og til í allt ?

Við óskum eftir starfsfólki í hlutastarf.

Skemmtileg verkefni sem við verðum með í sumar.

Sendu inn ferilsskrá með mynd á info@silent.is

Silent viðburðir - www.silent.is



DEILDARSTJÓRI TIMBUR- OG PLÖTUSÖLU

Múrbúðin leitar að deildarstjóra í Grófvörudeild Múrbúðarinnar (timbur- og plötusala).

Leitað er að einstaklingi með þekkingu og reynslu sem nýtist í starfinu.

Starfsvið:

- Tilboðsgerð
- Markaðsmál
- Sala til viðskiptavina
- Innkaup

Um er að ræða framtíðarstarf!

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar fyrir 13/7 á netfangið: baldur@murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Hafnargarðurinn

Vantar vana verkamenn strax!

Helst vana smíðavinnu. Mikil vinna framundan.
Upplýsingar í síma 864-5111



Laus störf í Dalvíkurbyggð

Heillar Dalvíkurbyggð? Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

Dalvíkurbyggð er 2000 manna sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstaður til útivistar eru með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur.

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar leitar eftir kennara í 100% starf. Meðal kennslugreina er u.þ.b. 8 tímar í hópkenndu 6 – 9 ára barna ásamt annarri kennslu.

Hæfniskröfur:

- Hafa ánægju af því að starfa með börnum og vera reiðubúinn að vinna eftir stefnu skólans
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni fyrir nýjungum og metnaður til að ná árangri í starfi
- Æskilegt er að umsækjandi sé með kennarapróf

Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar er skemmtilegur vinnustaður með góðum starfsanda. Við skólann starfa sjö samhentir kennarar. Mikil og góð samvinna er á milli stofnana í lærdómssamfélagi Dalvíkurbyggðar.

Upplýsingar veitir Ármann Einarsson í síma 893-5254
Umsóknir skulu sendar á netfangið: armanne@dalvikurbyggd.is og verður móttaka staðfest.

Forstöðumaður Dalvíkurbyggð

Viltu taka þátt í að móta og efla gott fagstarf í frístundahúsinu Víkurröst í Dalvíkurbyggð? Sveitarfélagið óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drifandi aðila í starfi forstöðumanns frístundahússins Víkurrastar.

Starfssvið:

- Ábyrgð á öllu frístundastarfi í Víkurröst
- Forvarnarstarf
- Skipulagning viðburða
- Aðstoð og stuðningur við ungmenni sveitarfélagsins
- Mikil samskipti við samstarfsaðila, svo sem grunnskóla í Dalvíkurbyggð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Jákvæðni, glæðlegt viðmót og góð samskiptahæfni
- Reynsla og áhugi á starfi með börnum og ungmennum
- Frumkvæði og þörf til að ná árangri
- Góð tölvuþekking og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Frekari upplýsingar gefur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og skulu ferilsskrár og kynningarbréf send rafrænt á arni@dalvikurbyggd.is og verður móttaka þeirra staðfest.

Framkvæmdastjóri Skíðasvæðis

Viltu taka þátt í að móta og efla gott starf á Skíðasvæðinu Böggvisstaðafjalli í Dalvíkurbyggð?

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drifandi aðila í starf framkvæmdastjóra Skíðasvæðis Böggvisstaðafjalli til allt að tveggja ára með möguleika á ráðningu í framhaldinu. Dalvíkurbyggð mun koma tímabundið að rekstri Skíðasvæðis í samvinnu við Skíðafélag Dalvíkur en gert er ráð fyrir því að tveimur árum liðnum verði reksturinn kominn alfarið í hendur Skíðafélags Dalvíkur.

Starfssvið:

- Ábyrgð á öllum rekstri skíðasvæðis
- Starfsmannastjórnun
- Samningagerð og fjármálastjórn
- Viðhald og/eða skíðakennsla
- Kynningarstarf
- Samvinna við Skíðafélag Dalvíkur, skíðaiðkendum og aðila í ferðaiðnaði
- Afgreiðsla og önnur þau verkefni sem ganga þarf í

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla eða haldgóð þekking af rekstri
- Áhugi á starfi með skíðaiðkendum á öllum aldri
- Frumkvæði og þörf til að ná árangri
- Góð tölvuþekking og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar gefur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og skulu ferilsskrár og kynningarbréf send rafrænt á arni@dalvikurbyggd.is og verður móttaka þeirra staðfest.

Allir umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði ef til ráðningar kemur.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí.

www.dalvikurbyggd.is

Mývatnssveit er einn eftirsóttasti áfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi, allt að 60% erlendra gesta sækja sveitina heim, sem telst með helstu náttúruperlum landsins. Þar starfar

Mývatnssstofa

sem er hlutafélag og hefur upplýsingagjöf til ferðamanna og viðburðarstjórnun sem meginmarkmið í starfsemi sinni. Auk þess sinnir félagið markaðssetningu Mývatnssveitar og nágrennis í sérverkefnum.

Félagið auglýsir hér með eftir framkvæmdastjóra í fullt starf.

Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Hafa menntun sem nýtist í starfi.
- Hafa þekkingu á innviðum ferðþjónustunnar og jarð- og landafræði Íslands.
- Hafa starfsreynslu og þekkingu á fjármálum, viðskiptum og markaðsmálum.
- Hafa reynslu á sviði viðburðastjórnunar.
- Hafa góða tungumálakunnáttu.
- Eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.
- Eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Í Mývatnssveit búa tæplega 400 manns, þar er leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunnar innanhúss sem utan. Aðalvinnuvegir á svæðinu eru ferðþjónusta, landbúnaður og orkuvinnsla. Stjórn Mývatnssstofu mun liðsinna umsækjanda um hentugt húsnæði gerist þess þörf enda er nauðsynlegt að viðkomandi hafi fasta búsetu á svæðinu.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2011.

Umsækjandi þarf að hefja störf á tímabilinu 15. ágúst til 1. september 2012.

Umsóknir berist til Leifs Hallgrímssonar, stjórnarformanns á netfangið: leifur@myflug.is sem jafnframt veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Viðskipta- stjóri óskast!



PIPAR\TBWA auglýsir eftir viðskiptastjóra til starfa.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og tekið þátt í hópstarfi í lífligu umhverfi.

Hæfniskröfur:

- \ Háskólamenntun á sviði viðskipta eða markaðsfræði
- \ Góð reynsla af markaðs- og sölustörfum
- \ Reynsla af verkefnastjórnun
- \ Hugmyndaauði
- \ Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarform á Facebook-síðu stofunnar, [facebook.com/pipartbwa](https://www.facebook.com/pipartbwa), fyrir 8. júlí nk.

Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hjá PIPAR\TBWA starfa 29 manns. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa um 12.000 manns á 258 stofum í 77 löndum.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA – Tryggvagötu 17 – 101 Reykjavík
Sími 510 9000 – www.pipar-tbwa.is



Radisson BLU
1919 HOTEL, REYKJAVIK

Radisson Blu 1919 hótel leitar eftir starfsmanni á næturvaktir í gestamóttöku. (unnið í viku frá 20:00 – 08:00 og frí í viku).

Reynsla æskileg ásamt góðri tungumálakunnáttu. Góð íslenskukunnáttu skilyrði. Æskilegur aldur er 25 ára og eldri.

Umsóknir sendist á netfangið: sigrdur.valdimarsdottir@radissonblu.com eða Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík.



OUR DESIGN TEAM IS EXPANDING

We're looking for two graphic designers to work with us full time on exciting projects with worldwide reach and visibility.

We are looking for team oriented, talented and positive individuals who can fit easily into our talented in-house design team.

Graphic designer / illustrator

- Great illustration skills
- Design related background i.e. advertisements, products, etc
- A good eye for typography
- Good communication skills
- Speaks, reads and writes fluent English
- Comfortable working under pressure
- Takes initiative, shows interest, and has drive and ambition
- Is ready to move the world!

Graphic designer / multi-tasker

- Various tools in his/her locker
- Skills in Photoshop, InDesign, Illustrator, Flash and After Effects are essential
- Good communication skills
- Speaks, reads and writes fluent English
- Comfortable working under pressure
- Takes initiative, shows interest, and has drive and ambition
- Is ready to move the world!

Are you what we're looking for? Please send us your CV and portfolio consisting of previous projects. We will respond to all applicants. Those that catch our eye will be contacted for a formal interview.

Please send all applications via e-mail to job@lazytown.com. The application deadline is **July 10**.

www.vinna.is

 **vinna.is**
sími: 511 1144

LANDSLAGSARKITEKT ÓSKAST



ARKÍŚ arkitektar er framsækin arkitektastofa á sviði byggingarlistar, hönnunar, skipulags og vistvænnar hönnunar. Frá stofnun, árið 1997, hefur ARKÍŚ starfað bæði innanlands og á alþjóðamarkaði og unnið að fjölbreytilegum verkefnum fyrir einkaaðila og opinberar stofnanir.

ARKÍŚ starfar eftir þeirri meginhugsun að öll hönnun mannvirkja snúist um að skapa umhverfi og aðstæður sem auka lífsgæði okkar. Þá skuldbindur ARKÍŚ sig til að stuðla að auknu vægi vistvænnar hönnunar.

ARKÍŚ hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín. Meðal nýlegra verka ARKÍŚ má telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Snæfellsstofu, Háskólann í Reykjavík og turninn Smáratorgi Höfuðstöðvar ARKÍŚ eru í Reykjavík.

www.ark.is

LANDSLAGSARKITEKT

Vegna aukinna verkefna innanlands og erlendis óska ARKÍŚ arkitektar ehf. eftir að ráða landslagsarkitekt til starfa.

Leitað er að landslagsarkitekt með reynslu í gerð aðal- og deiliskipulags-uppdráttu og í almennri landslagshönnun.

Rík áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Reynsla af Revit, AutoCad, MColor eða öðrum teikniforritum nauðsynleg auk almennrar tölvukunnáttu. Almenn þekking á þrívíddar- og myndvinnslu-forritum er kostur. Einnig er æskilegt að viðkomandi hafi vald á ensku og Norðurlandamáli.

Umsóknnum skal skilað til ARKÍŚ arkitekta ehf., Höfðatúni 2, 105 Reykjavík. Eða með tölvupósti á netfangið arkis@ark.is. Aðrar upplýsingar veitir Þorvarður í síma 822 2065.

ARKÍŚ
arkitektar

TOKYO sushi

Tokyo sushi vantar öflugan vaktstjóra sem á sér stærri draum en vaktstjórastarf

Þekkir þú einhverja kraftmikla og duglega einstaklinga með ríka þjónustulund, sem hafa gaman af fólki og elska sushi?

Vaktstjórnarnir okkar frábæru á Tokyo sushi eru á leið í háskóla í haust og okkur vantar nýja í þeirra stað. Tokyo vill vaktstjóra sem eru ákveðnir og sterkir einstaklingar. Slíkt fólk verður ekki vaktstjóri á sushi-stað til frambúðar - það vitum við.

Þess vegna viljum við ekki vaktstjóra til framtíðar - heldur ungt og öflugt fólk í 12-18 mánaða vinnu - sem fær frábæra reynslu af rekstri og stjórnun sem reynist þeim vel í háskólanáminu.

Ef lýsingin á við um þig, vin þinn, fjölskyldumeðlim eða bara klára starfsmanninn sem þú rakst á um daginn, láttu endilega vita að Tokyo sushi er að leita að viðkomandi.

Sendu póst í gegnum Facebook síðuna facebook.com/tokyosushi eða í tölvupósti á tokyo@tokyo.is



Sveitarfélagið Garður - Laus störf

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar í Gerðaskóla í Sveitarfélaginu Garði skólaárið 2012-2013.

- Staða **sérkennara** er laus til umsóknar, um er að ræða fullt starf. Óskað er eftir kennara með sérmenntun í sérkennslu fræðum og/eða reynslu í sérkennslu í grunnskóla.
- **Stöður deildarstjóra**. Um er að ræða tvær 50% stöður með umsjón á yngra og miðstigi.
- Hlutastörf í **textílmenn** og **heimilisfræði** eru laus til umsóknar.

Frekari upplýsingar veitir Skarphéðinn Jónsson skólastjóri í sínum 422-7020, 456-3170 og 777-9464. Umsóknnum skal skila rafrænt í netfangið: skarphedinn@gerdaskoli.is í síðasta lagi 15. júlí nk. Með umsókn skulu fylgja starfsferilskrá, upplýsingar um menntun og nöfn umsagnaraðila.

Í Sveitarfélaginu Garði búa um 1500 manns. Gerðaskóli er heildstæður grunnskóli með um 210 nemendur alls í 10 bekkja-deildum. Öll aðstaða til skólalands í Garði er til fyrirmyndar. Húsnæði skólans er glæsilegt og er Gerðaskóli vel búinn.

Starf forstöðumanns Bygðasafnsins á Garðskaga er laust til umsóknar. Um er að ræða fullt starf frá 1. ágúst n.k.

Í starfinu felst:

- Ábyrgð á daglegum rekstri Bygðasafnsins
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar fyrir safnið
- Fagleg umsjón með safninu, varðveislu og uppsetningu muna og sýningahaldi
- Að stuðla að rannsóknnum á munum og menningarsögu
- Umsjón með húsakynnum safnsins

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfinu – háskólamenntun æskileg
- Tungumálakunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á sögu bygðarinnar og safnamálum

Frekari upplýsingar um starf forstöðumanns Bygðasafnsins á Garðskaga er hægt að fá á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Garðs. Umsóknarfrestur er til 20. júlí n.k. og sendist umsóknir til skrifstofustjóra, Bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Garðs, Sunnubraut 4, 250 Garði. Umsóknnum má skila rafrænt á netfangið: halla@svgardur.is

VILTU VINNA

OKKUR VANTAR STARFSFÓLK Í VERSLUN OKKAR Í REYKJAVÍK



VERSLUN

Sölumaður óskast í fullt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina auk tilfallandi starfa í verslun. Viðtæk og góð þekking á tölvubúnaði skilyrði

VERKSTÆÐI

Tæknimaður með góða reynslu í fartölvu viðgerðum og góða þekkingu á nýlegum tölvubúnaði óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna í fullt starf.

Sendið tölvupóst á starf@tolvutek.is með ferilskrá • Góð laun í boði og fullur trúnaður



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

visir þú að...
börn þigarett á að láta skólanir
sínar í ljós og hafa áhrif

STUÐLAR

MEDFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Óskum eftir ráða kennara á meðferðardeild Stuðla

Laust er til umsóknar starf kennara eða sérkennara á Stuðlum frá 1. ágúst 2012. Staðan heyrir undir Brúarskóla en starfstöð er á Stuðlum. Starfshlutfall er 100% og er ráðið í starfið til eins árs til að byrja með, með möguleika á framlengingu. Við leitum að metnaðarfullum kennara sem er tilbúinn til að þróa og móta nýtt verkefni og treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu. Á Stuðlum er miðað að því að starfsfólk fái þjálfun í meðferðarstarfi svo sem í ART (aggression replacement training) og í áhugahvetjandi samtali (motivational interviewing)?

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi
- Menntun (eða reynsla) í sérkennslufræðum æskileg
- Áhugi á að vinna með börnum og unglíngum sem eiga í námserfiðleikum
- Frumkvæði, samstarfsvilji og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum

Starfsvið

Starfið felst m.a. í:

- Kennslu og skipulagning kennslu í samráði við meðferðaraðila
- Gerð einstaklingsáætlana fyrir nemendur og stuðningi við unglíngana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga
- Vinnu að þróun skólustarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Samskipti og samvinnu við heimaskóla nemenda

Persónulegir eiginleikar

Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, jákvætt viðhorf til nemenda, frumkvæði og góða skipulagshæfileika, sveigjanleika og lausnamiðaða nálgun á viðfangsefnum. Umsækjendur verða einnig að eiga auðvelt með að umgangast börn og unglíngana og eiga gott með samskipti við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.

Frekari upplýsingar um starfið

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kí vegna félags grunnskóla-kennara en ráðningasamningur er gerður við Brúarskóla.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórarinn Hjaltason forstöðumaður Stuðla í síma 530 8800 eða með því að senda fyrirspurnir á netfangið thorarinn@studlar.is

Umsóknir berast til Stuðla - Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglíngana, Fossaleyri 17, 112 Reykjavík eigi síðar en 15. júlí, 2012. Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.studlar.is

Við úrvinnslu umsókna gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda.

Stuðlar, Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglíngana
Fossaleyri 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík www.studlar.is mru@studlar.is

Verslunarstjóri

Lausar eru til umsóknar stöður verslunarstjóra í Kjarval Þorlákshöfn og í Kjarval Klaustri

Verksvið:

Starfið felur í sér rekstur verslunar þar sem helstu verkefni eru:

- Innkaup og sala.
- Verkstjórn starfsfólks í versluninni.
- Ábyrgð og umsjón með fjármunum.
- Ábyrgð og eftirlit með birgðum og rýrnun.
- Ábyrgð á útliti verslunar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af matvörumarkaði er skilyrði.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Tölvukunnátta til að leysa dagleg verkefni í Outlook, Excel og Navision.
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Áhugasamir vinsamlegast sækji um á heimasíðunni www.kjarval.is.

Umsóknarfrestur er til 9.júlí 2012.



www.skra.is
www.island.is

Starf fjármálastjóra Þjóðskrár Íslands

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða öflugan og reyndan fjármálastjóra til að stýra fjármálum stofnunarinnar. Fjármálastjóri heyrir undir forstjóra og situr sviðsstjórafundi. Á fjármáladeild starfa fimm starfsmenn.

Fjármálastjóri stýrir starfsemi starfseiningarinnar með faglegt öryggi og rekstrarlega hagkvæmni að leiðarljósi í samræmi við hlutverk stofnunarinnar, markmið og starfsáætlanir. Fjármálastjóri mótar vinnu starfseiningarinnar með því að setja hverju viðfangsefni markmið og eftir atvikum mælikvarða, starfsáætlun og að unnið sé samkvæmt gæðakerfi.

Helstu verkefni eru:

- Ábyrgð á fjármálastjórn stofnunarinnar
- Gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana
- Vörubrúun
- Sölu og markaðsmál
- Innkaup og rekstur
- Samskipti við önnur opinber stjórnvöld, hagsmunaaðila og viðskiptavinum

Hæfniskröfur:

- Nám á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af rekstri og fjármálastjórn
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Reynsla af því að starfa í umhverfi gæðastjórnunar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Starfsstöð fjármálastjóra er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrár Íslands á netfanginu sjh@skra.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2012. Umsóknum skulu fylgja itarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir óskast sendar á netfangið sjh@skra.is.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrár Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrár Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru virðing, sköpunargleði og áreiðanleiki.



Aðstoðar verkstjóri óskast hjá Volvo atvinnutækjasviði Brimborgar

Stutt lýsing á starfi

Aðstoð við verkstjórn á verkstæði. Greina bilanir og þjónusta vörubifreiðar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu hvort sem er á verkstæði eða vettvangi.

Megin hæfniskröfur

- Réttindi í bifvélavirkjun, vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla
- Rafmagnskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, meirapróf kostur
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarlegur og áreiðanlegur
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt
- Grunnþekking í tölvum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 08:00 – 17:15 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 – 16:15 föstudaga.

Þjónustustjóri atvinnutækjasviðs veitir frekari upplýsingar í síma 515 7072

Komdu til okkar í vinnu, sæktu um starfið hjá okkur. Það eru spennandi tímar framundan. Það er gott að vinna hjá Brimborg. Við erum ein liðsheild sem kallast Volvo atvinnutæki.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2012.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is



LJÓSAVOGUR LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Rafvirki

Ljósavogur óskar eftir því að ráða rafvirkja. Æskilegt að viðkomandi geti unnið sjálfstætt við nýlagnir og viðhald á raflögnum.

Umsóknum skal skilað á atvinna@ljosavogur.is
Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 895 9010

Eyjablikk ehf er blikk og stálsmiðja sem starfar á þeim yndislega stað, Vestmannaeyjum. Við sinnum öllum þeim verkum sem tilheyra blikksmiði, járnsmíði og jafnvel gætum við sagt að við sinnum líka vélsmiði oft á tíðum. Okkar helstu viðskiptavinir eru fiskvinnslustöðvarnar, útgerðirnar og verktakarnir hér í Eyjum, en ekki má gleyma þeim fjölmörgu verkefnum sem einstaklingar koma með til okkar og eru þau oftast þau skemmtilegustu enda fjölbreytnin mikil í þeim efnum.



EYJABLIKK ehf.
Blikk og stál er okkar mál

Framkvæmdastjóri

Eyjablikk ehf óskar að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur fyrirtækisins.

Við leitum eftir öflugum einstaklingi með góða þekkingu á rekstri fyrirtækja, mikill kostur ef hann hefur þekkingu á járníðnaði.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins í samvinnu við verkstjóra
- Markviss framkvæmd og eftirfylgni með gæðastefnu fyrirtækisins
- Yfirumsjón með innkaupum og lagerhaldi
- Reikningagerð og yfirumsjón með fjármálum
- Önnur verkefni í samráði við eigendur

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Tæknimenntun mikill kostur.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir kostir
- Reynsla af stjórnun í sambærilegum rekstri er mikill kostur.

Umsóknir og upplýsingar skal senda á eyjablikk@eyjablikk.is

Umsóknarfrestur er til 9. júlí 2012.

KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTA YFIRVALDA



www.saft.is

Sérfræðilæknir í æðaskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í æðaskurðlækningum. Starfshlutfall er 80%. Starfið veitist frá 1. september 2012 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, svo sem greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni meðal annars þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum.
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar.
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni.

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í æðaskurðlækningum
- » Viðtæk reynsla af opnum æðaskurðaðgerðum
- » Viðbótarþekking í innæðaaðgerðum æskileg
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg
- » Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 07. júlí 2012. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is
- » Starfshlutfall er 80% og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Lilja Þyrí Björnsdóttir, starfandi yfirlæknir, netfang liljabjo@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritsmíðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti á skrifstofu skurðlækningasviðs, Hringbraut, 13A.
- » Mat stöðunefndar lækna Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Sérfræðingar í hjúkrun

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðinga í hjúkrun á skurðlækningasviði Landspítala, annars vegar sérfræðingur í sármeðferð og hins vegar sérfræðingur í verkjameðferð. Starfshlutfall er 100%. Störfin veitast frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi. Sérfræðingar í hjúkrun starfa samkvæmt starfslýsingu en meginhlutverk auk klínískra starfa eru ráðgjöf og kennsla til starfsfólks og nemenda auk rannsóknar- og þróunarvinnu. Ennfremur felur starfið í sér uppbyggingu, samræmingu og skipulagningu þjónustu við sjúklinga með sár annars vegar og verki hins vegar í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Klínísk störf
- » Þróun hjúkrunar innan sérgreinar
- » Kennsla og rannsóknir
- » Innleiðing nýrra verkferla
- » Þróun þjónustu við sjúklinga
- » Ráðgjöf

Hæfniskröfur

- » Meistar- eða doktorspróf í hjúkrun
- » Sérfræðileysi í hjúkrun í áðurnefndum sérgreinum, í samræmi við reglugerð nr. 124/2003 um sérfræðileysi í hjúkrun
- » 5 ára starfsreynsla
- » Leiðtoga- og samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 07. júlí 2012.
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs, liljaste@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- » Ráðning byggir m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.
- » Umsóknir verða sendar stöðunefnd hjúkrunarráðs Landspítala.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Yfirlæknir æðaskurðlækninga

Starf yfirlæknis í æðaskurðlækningum er laust er til umsóknar. Um fullt starf er að ræða sem veitist frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi, til 5 ára, sbr. 2.m.l., 5.mgr., 9.gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í æðaskurðlækningum
- » Sértaek reynsla og þekking í æðaskurðlækningum
- » Stjórnunarreynsla og leiðtoga-hæfileikar æskilegir
- » Reynsla af kennslu og vísindastörfum æskileg
- » Góðir samskiptahæfileikar
- » Ákveðni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 07. júlí 2012
- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. september 2012 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veitir Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs, liljaste@landspitali.is, sími 824 5222.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritsmíðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti á skrifstofu skurðlækningasviðs, Hringbraut, 13A
- » Starfið er bundið við sjúkráhusíð eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkráhuslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Óskum eftir læknum til starfa

Vinnuvernd ehf. auglýsir eftir læknum til starfa. Um er að ræða fjölbreytt verkefni lækna við trúnaðarlækningar og heilsuvernd starfsmanna. Starfshlutfall samkvæmt samkomulagi.



Leitað er að læknum með víðtæka almenna reynslu. Sérfræðimenntun er æskileg. Áhersla er lögð á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Nánari upplýsingar veita Valgeir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnuverndar, valgeir@vinnuvernd.is og Magnús Böðvarsson, formaður stjórnar, magnus@vinnuvernd.is.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist til Valgeirs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra, fyrir 10. júlí 2012, netfang valgeir@vinnuvernd.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Vinnuvernd ehf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði vinnuverndar, heilsuverndar og heilsueflingar.



Á vegum Vinnuverndar starfa lækna, hjúkrunarfræðingar, vinnuvistfræðingar, lýðheilsufræðingur, sjúkraþjálfari og vinnusálfræðingur.

Vinnuvernd ehf. • Brautarholti 28 • 105 Reykjavík • sími 578 0800 • www.vinnuvernd.is



Meistaraneemi á sviði líftækni

BioPol ehf., Sjávarlíftækni-setur á Skagaströnd og Háskólinn á Akureyri auglýsa stöðu meistaraneema í líftækni lausa til umsóknar. Staðan er styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi til eins árs.

Markmið verkefnisins

Umsækjanda er ætlað að stunda rannsóknir og á sviði sjávarlíftækni. Sérstaklega er horft til rannsókna á örverum, dýra- og plöntusvifi með hagnýtingu í huga. Starfsstöð umsækjanda verður á Skagaströnd.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa B.S. gráðu í líffræði, líftækni, lífefnafræði, matvælafræði eða skildum greinum náttúruvísinda. Meistaraneeminn þarf að geta starfað sjálfstætt sem og í teymi auk þess að hafa tileinkað sér skipuleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí nk. Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd. Um inntöku og námið gilda reglur Háskólans á Akureyri um meistaránám í auðlindafræðum (sjá heimasíðu skólans).

Nánari upplýsingar veita:

Magnús Örn Stefánsson, Háskólanum á Akureyri og BioPol ehf. (magnusostef@unak.is eða magnus@biopol.is), símar 452-2977 eða 823-6056.

Halldór G. Ólafsson, BioPol ehf. (halldor@biopol.is), símar 452-2977 eða 896-7977.

Laus störf hjá Kópavogsbæ



KÓPAVOGSBÆR

Umhverfissvið

- Innkaupafulltrúi
- Ritari

Listasafn Kópavogs - Gerðasafn

- Starfsmaður í móttöku

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS

Leikskólinn Marbakki

- Aðstoðarleikskólastjóri
- Leikskólasérkennari
- Leikskólakennari

Leikskólinn Urðarhóll

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Leikskólinn Efstihjalli

- Leikskólakennari

Leikskólinn Sólhvörf

- Leikskólakennari

Leikskólinn Álfaheiði

- Leikskólakennari

Leikskólinn Dalur

- Leikskólakennari

Leikskólinn Kópasteinn

- Aðstoðarmatráður

Leikskólinn Arnarsmári

- Matráður

Félagspjónustan

- Félagráðgjafi
- Proskapjálfar á heimili fyrir fatlað fólk

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS

Kópavogsskóli

- Námsráðgjafi
- Stuðningsfulltrúi
- Kennari með umsjón bókasafns
- Skólaliði í dægradvöl

Smáraskóli

- Stundakennari í forföll
- Stuðningsfulltrúi
- Starfsfólk í dægradvöl

Kársnesskóli

- Kennari á unglíngastigi

Hörðuvallaskóli

- Tónmenntakennari

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is
Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst á www.kopavogur.is

www.kopavogur.is

100% kennari óskast



Skóli Ísaks Jónssonar óskar eftir að ráða grunnskólakennara í 100% starf (afleysing til eins árs). Skólinn er fyrir börn á aldrinum fimm til níu ára.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Grunnskólakennaramenntun (æskilegt að hafa lokið íslensku eða stærðfræði af kjörsviði)
- Færni í samskiptum
- Faglegur metnaður og vilji til að vinna eftir stefnu skólans
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Góð stærðfræðikunnátta

Nánari upplýsingar veitir **Sigríður Anna Guðjónsdóttir** skólastjóri í síma **898 4019** eða með því að senda póst á siganna@isaksskoli.is. Umsóknum skal skilað rafrænt á netfang skólastjóra fyrir **6. júlí**. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Skóla Ísaks Jónssonar við kennara skólans.

Skóli Ísaks Jónssonar er sjálfseignarstofnun. Ísaksskóli er lítill skóli sem stendur á gömlum merg. Hann nýtir það besta úr þeim ríku hefðum sem byggst hafa upp innan veggja hans síðan hann tók til starfa árið 1926.



Skóli Ísaks Jónssonar

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is

Reykholahreppur



Við Grunnskólann á Reykhólum er laust hluta-
starf í myndmennt og smíðakennslu og
lífsleikni. Nánari upplýsingar gefur Anna Gréta
Ólafsdóttir, skólastjóri, í síma 695-2506.

Skólastjóri

Vantar vana verkamenn strax!

Helst vana smíðavinnu. Mikil vinna framundan.
Upplýsingar í síma 864-5111



MOSFELLSBÆR



Laus störf

Lágafellsskóli Mosfellsbæ auglýsir eftir

Dönskukennara í 100% starf. Ráðning frá 1. ágúst

Kennara í upplýsingatæknimennt á mið- og unglingastig frá 1. ágúst. Tímabundin ráðning til eins árs vegna námsleyfis.

Stuðningsfulltrúa

Sérstaklega er leitað eftir karlmanni til starfans. Ráðning frá 15. ágúst.

Proskapjálfa í 100% starf við skólann og Frístundasel Lágafellsskóla frá og með næsta skólaári.

Leikskólakennara eða starfsmanni í leikskóladeild 5 ára barna. Ráðning frá 7. ágúst.

Frístundaleiðbeinendur í Frístundasel Lágafellsskóla. Vinnutími frá kl. 13:00.

Allar nánari upplýsingar um störf in er að finna á www.mos.is. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur um störf in er til 14. júlí.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200 eða 896-8230. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf in.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Skipulag

Auglýsing um skipulagsmál á Vopnafirði



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 ásamt umhverfisskýrslu og tillaga að deiliskipulagi, Athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði, ásamt umhverfisskýrslu

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkti þann 24. maí 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsist hún hér með.

Breytingin felur f.o.f. í sér stækkun urðunarsvæðis á Búðaröxl með aukinni urðunarheimild og stækkun athafnasvæðis.

Einnig samþykkti hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að auglýsa samhlíða aðalskipulagsbreytingu tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsist hún hér með.

Skipulagssvæðið er um 46 ha að stærð og nær til urðunarsvæðis og skilgreindra athafnalóða. Svæðið afmarkast af nýjum Norðausturvegi í norðvestri, Hestamýrum í austri og klettunum í Hrauni í suðri.

Á urðunarsvæðinu er gert ráð fyrir að urða allt að 1.000 tonn á ári og er framkvæmdin umhverfismatsskyld skv. 12. tl. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Á athafnasvæðinu eru skilgreindar 53 lóðir og þar af eru 49 lóðir fyrir nýjar byggingar.

Tvær iðnaðarlóðir eru skilgreindar, ein þar sem núverandi aðveitustöð stendur og önnur fyrir fyrirhugaða dælustöð.

Tillögurnar ásamt umhverfisskýrslum verða til sýnis á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps að Hamrahlið 15, Vopnafirði og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík frá og með mánudeginum 2. júlí 2012 til og með mánudeginum 13. ágúst 2012.

Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins - www.vopnafjarðarhreppur.is -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist bygginga- og skipulagsnefnd eigi síðar en kl. 16:00 mánudaginn 13. ágúst 2012.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Vélvirki / Vélstjóri óskast hjá Volvo atvinnutækjasviði Brimborgar

Stutt lýsing á starfi

Greina bilanir og þjónusta vinnuvélar / bátavélar og önnur tæki sem koma inn til þjónustu hvort sem er á verkstæði eða vettvangi.

Megin hæfniskröfur

- Réttindi í vélvirkjun, vélstjórn og/eða sambærileg reynsla
- Rafmangskunnátta kostur
- Gilt bílpróf, vinnuvélaréttindi kostur
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarlegur og áreiðanlegur
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt
- Grunnþekking í tölvum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 08:00 – 17:15 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 – 16:15 föstudaga.

Þjónustustjóri atvinnutækjasviðs veitir frekari upplýsingar í síma 515 7072

Komdu til okkar í vinnu, sæktu um starfið hjá okkur. Það eru spennandi tímar framundan. Það er gott að vinna hjá Brimborg. Við erum ein liðsheild sem kallast Volvo atvinnutæki.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2012.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is.
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Við erum að...
foreldrum og veirvöldum
þeir að tryggja öryggi barna



Landsvirkjun

Bjarnarflag

Útboð nr. 20082

Skrifstofuhús**Breytingar og endurbætur**

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í endurbætur á skrifstofuhúsi Landsvirkjunar í Bjarnarflagi samkvæmt útboðsgögnum nr. 20082. Verkið felst í endurbótum á innveggjum, raflögnum, lýsingu, gólfefnum og málun.

Helstu magnþölur eru:

Innihurðir:	10 stk
Loftræsilaagnir:	15 m
Hreinlætistæki:	7 stk
Endurnýjun lampa:	119 stk
Nýr gólfúkur:	240 fm
Málun innanhúss:	1900 fm
Málun utanhúss:	620 fm

Vettvangsskoðun verður á verkstað 13. júlí n.k. kl:13:00.

Verkinu skal að fullu lokið 10. desember 2012.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000 fyrir hvert eintak, frá og með miðvikudeginum 4. júlí 2012.

Tilboðum skal skila á sama stað fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 31. júlí 2012. Tilboð verða opnuð og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska kl 14:00 þann 31. júlí 2012.

**Útboð KLA-02****Klafastaðir Launafsvirki SVC Byggingarvirki**

Landsnet óskar eftir tilboðum í jarðvinnu, byggingu og fullnaðarfrágang húss fyrir Launafsvirki SVC sem verður byggt á Klafastöðum í Hvalfjarðarsveit í samræmi við útboðsgögn KLA-02.

Verkið felur í sér jarðvinnu og byggingu óeinangraðs stálgrindarhúss yfir rofa-, SVC- og spennarými auk byggingu staðsteypts einangraðs stjórnhúss. Húsin verða sambyggð á einni hæð en til viðbótar eru tvö tæknirými fyrir blásara loftræsikerfis. Stálgrindarhúsið verður um 2.300 m² að grunnfleti og stjórnhúsið verður um 230 m² að grunnfleti.

Helstu verkliðir eru:

- Gröftur og fylling fyrir húsi, lögnum, plönnum og aðkomuvegi.
- Leggja jarðskautskerfi í steypu og jörð.
- Steypa sökkla stálgrindarhúss, steypa upp stjórnhús og steypa undirstöður undir háspennubúnað og spenn.
- Reisa stálgrindarhúsið yfir rofa-, SVC- og spennarými og klæða með málmklæðningum.
- Leggja lagna-, loftræsi- og rafkerfi fyrir húsið.
- Fullnaðarfrágangur utan- og innanhúss.
- Fullnaðarfrágangur lóðar.

Helstu magnþölur eru:

Fylling	4.000 m ³
Mót	6.000 m ²
Steypa	.400 m ³
Jármbending	140.000 kg
Stálvirki	200.000 kg
Málmklæðning	5.500 m ²
Malarslitlag	3.500 m ²
Malbikuð plön	1.400 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 22. febrúar 2013.

Væntanlegum bjóðendum er bent á að kynna sér grunnkröfur Landsnets til birgja sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins, www.landsnet.is.

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 3. júlí 2012.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. júlí 2012 þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

ÚTBOÐ**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- *Gufunesbær, aðkoma, útboð nr. 12855.*
- *Göngu- og hjólastígar. Höfðatún – Engjateigur, útboð nr. 12871.*
- *Betri hverfi 2012 – Austurhluti, útboð nr. 12872.*
- *Fram Úlfarsárdalur. Feringing grasvalla, útboð nr. 12873.*
- *Betri hverfi 2012 – Vesturhluti, útboð nr. 12876.*

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048

Netfang: utbod@reykjavik.is

Landsvirkjun

Bjarnarflag

Útboð nr. 20089, BJA-01

Boranir 2012-2013

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í borun á allt að 3 háhitaholum á Norðausturlandi samkvæmt útboðsgögnum nr. 20089, BJA-01.

Verkið skiptist í tvo verkafanga. Verkafangi 1 felur í sér borun á tveimur háhitaholum, annarri beinni og hinn stefnuboraðri og verkafangi 2 felur í sér borun á einni beinni háhitaholu til viðbótar. Fyrirvari er gerður í útboðsgögnum um gerð verksamnings um þriðju háhitaholuna.

Verkið felst í borun á allt að 2500 m djúpum háhitaholum, stefnuboruðum eða beinum sem áætlað er að bora á árunum 2012–2013.

Útboðsgögn verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 3. júlí 2012 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000.- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 14. ágúst 2012, þar sem þau verða opnuð sama dag klukkan 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkir til starfsmenntanáms í Svíþjóð 2012-2013

Sænsk stjórnvöld veita árlega styrki til Íslendinga til starfsmenntanáms í Svíþjóð. Styrkirnir eru einkum ætlaðir til framhaldsnáms eftir lokapróf í framhaldsskóla eða hliðstæðs náms, til undirbúnings kennslu í starfsmenntaskólum eða framhaldsnáms starfsmenntakennara, svo og ýmiss konar starfsmenntunar sem ekki er unnt að afla á Íslandi.

Umsókn um styrk er send til mennta- og menningarmálaráðuneytis á sérstöku eyðublaði.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Grétar Kristjánsson í síma 545 9500 eða í tölvupósti á postur@mrn.is.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
28. júní 2012.
menntamalaraduneyti.is



JAFNRÉTTISSJÓÐUR

Jafnréttissjóður auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis.

Í samræmi við hlutverk sjóðsins verða veittir styrkir til rannsókna sem tengjast jafnréttismálum.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 10 milljónir króna til ráðstöfunar fyrir hvert starfsár og að styrkir séu ekki færri en þrjú og ekki fleiri en fimm.

Gerðar eru skýrar faglegar og fræðilegar kröfur til umsækjenda. Ekki verða veittir styrkir til verkefna sem þegar er lokið.

Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublaðum.

Sími: 565-7070

Parketslípun

sölpallaslípun | parkettagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99%
RYKFRITT



Trjáplöntur á frábæru verði. 2-2,5m birki með hnaus á AÐEINS 2100. Takmarkað magn. Fyrstur kemur fyrstur fær. Síðasta sending á þessu sumri, allt að klárast! Besta verðið í bænum

Lagersalan • S. 861 7541 • Kauptúni 3 v/hl. á Habitat og Tekk
Ópið virka daga 13-18, lau 13-17 og sun 13-17

BÍLAPJÓNUSTA BJARKA ehf

alhliða smáviðgerðir

Tímappantanir s: 445 4540 / 697 4540



viðarhöfði 2 110 reykjavík sími 445 4540/697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUBUNGS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili -
Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb. og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og
Dalshraun 13 Hfj M/ baði.
eldh., þurrkara og þvottavél.
824 4535.

Room for rent 1-2 person and
studio. Funahöfða 17a -19 Rvk
and Dalshraun 13 Hfj Whith
Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu
inn á www.leigulistinn.is eða hafðu
samb. við okkur í s. 511 1600.

Apartment with one bedroom and
livingroom in postcode 104, available
1. july. Price 70 thous.pr.month. Tel
699 0911.

Til leigu fyrir ferðalanginn þriggja herb.
íbúð miðsvæðis í Rvk, júl/ág, helgi,
vika eða lengri tími. Margir kostir. uppl.
Guðrún. S. 899 0680

Stúdíóíbúð

Nýlega 20 fm. stúdíóíbúð, Dugguvogi.
Þvottavél, þurrkari og internet fylgir.
Verð 62 þ. S. 824 6692 eftir kl. 17.

Einbýlishús til leigu

Í Kórahverfi 203 Kóp. Húsið er á 2
hæðum með 3 svefnherb. baði, bílskúr
og stórrí stofu, með stórkostlegu útsýni.
Laus 1. ágúst leigist til langstíma. Uppl.
í s. 694 2544

3ja-4ja herbergja íbúð

Stórholti, í góðu standi. Verð 170þús.
Langtímaleiga. Uppl. s. 844 2903.

Studio 4 rent. 105. Frá 1.júlí. S. 860
0360

Húsnæði óskast

Óska eftir íðnaðarhúsnæði eða bílskúr
til leigu. S. 779 2844

3-4 herb. íbúð óskast til leigu í
Kóp. Reyklaust og reglusamt par á
fertugsaldri m. 1 barn. S. 8666709
Ingibjörg

Par á þrítugsaldri með barn óskar eftir
3-4 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu
til langtíma. Reglusöm, skilvís í
traustum vinnum. Með toppmeðmáli.
Uppl. í s. 612-8005/866-6679

Óska eftir 3-5 herbergja íbúð í
Laugarnesinu. Erum ábyrg og reglusöm.
Uppl. í s. 698 4869.

Par m. 2 börn óskar eftir íbúð til
leigu ca. 100-170 fm. Reglusöm með
fastar tekjur. Meðmælendur til staðar.
Frá ágúst, langtímal. S. 898 4202/823
8188

Fjölskylda með hund óskar eftir eign í
langtímaleigu í 108. Bæði reglusöm og
í fastri vinnu. Uppl. í 699-6198

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í
KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRÍÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herbúð. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

Sumarbústaðir

Sumarhús til leigu -
Frábært verð!

Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi.
Öll þjónusta og afþreying í næsta
nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á
glæsilegum golfvelli og stutt á tvo aðra
velli. Laust frá 30/6 til 12/7 og 11/8 til
16/8 og 18/8 til 26/8. Upplýsingar í
síma 892 5089.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag
hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567
4046 & 892 0808.

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Um 50 rafvirkja vantar til noregs
strax. Sendið ferilskrá ásamt afriti af
sveinsbréfi á midlun@simnet.is. Er
mjög gott að hafa DSB. Frítt húsnæði.

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki
með reynslu í eldhúsi, vinsamlegast
sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail.
com. Hressingarskálinn is looking for
experienced kitchen staff, please send
your CV to glennmoyle@gmail.com.

Kofi Tómasar Frænda leitar að vaktstjóra
í fulla vinnu og starfsfólki í hlutastarf,
reynsla af þjónustustörfum er æskileg.
Vinsamlegast sendið ferilskrá á
ingunn@hresso.is

Vinna heima

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og
tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður
ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar
s. 822 8244.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Glataður Ipod / Svartur

Mánudaginn 28 maí glataði
dóttir mín Ipodinum sínum
á milli Laugardalslaugar-
Suðurlandsbrautar eða í strætó
19-á leið upp í Norðlingaholt
eftir klukkan 19:00. Hann er
læstur og með brotnum skjá,
svartur á lit. Ef einhver hefur
orðið hans var eða tekið í
misgripum má endilega koma
honum aftur til okkar, hans er
sárt saknað.

Nánari upplýsingar
í síma 895 5086

Tilkynningar



Komdu í klippingu

Eva Katrín er byrjuð að vinna hjá okkur.
Toppfár Dvergshöfða 27 sími. 5872030

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit áventýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heitar kynsögur

905-2002 • 535-9930

Símadömur • live spjall

908-6000 • 535-9999

53.ára einlægur,nærgættinn karlmaður
vill kynnast konu á svipuðum aldri
sem nánun félaga.Engin skyndikynni.
Fullum trúnaði heitið og krafist.Svör
sendast á smaar@frett.is eða til
Fréttablaðsins merkt 100%trúnaður

NETFRELSI

Misstir þú af
uppáhalds
þættinum þínum?

Smelltu þér núna inn á stod2.is og horfðu á
uppáhaldsþáttinn þinn hvar og hvenær sem
þér hentar með Stöð 2 netfrelsi.

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir
áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á
eftirlætiþættina þína og fjölbreytta afþreyingu
í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni
- þegar þér hentar.

SNJALLSÍMI SPJALDTÖLVA TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHULDUR F1 F2 F3 F4 F5 F6 F7 F8 F9 F10 F11 F12 AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FRÉTTABLAÐIÐ

Tveir þriðju vilja halda ESB-
umsókn Íslands til streitu

Fréttablaðið 70%

Morgunblaðið 25%

Fólkið í landinu
les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til
dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað
Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og
upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanakipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	70%	57,5%	Fréttablaðið	73,0%	59,4%
Morgunblaðið	25%	26,8%	Morgunblaðið	32,1%	33,1%
DV	13,1%	11,6%	DV	13,3%	12,2%
Fréttatíminn	48,4%	35,9%	Fréttatíminn	54,8%	40,8%
Finnur.is	30,2%	22,6%	Finnur.is	38,8%	29,5%
Monitor	25,3%	22,5%	Monitor	25,5%	23,7%
Viðskiptablaðið	7,6%	7,6%	Viðskiptablaðið	10,2%	9,1%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup, Október til desember 2011, meðalæstur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Stórir „grænir“ fjölskyldubílar

Framleiðendur Peugeot eru stöðugt að þróa framleiðslu bíla sinna og eru meðvitaðir um umhverfisvernd og sparneytni. Bílar sem hafa minna en 120 grömm af koldíoxíði á hundraðið í útblæstri kallast grænir.

Framleiðendur Peugeot hafa verið meðvitaðir um þá ógn sem stafar af mengandi útblæstri í mörg ár. Þeir hafa lagt mikla áherslu á þá þróun að ná útblæstri og eyðslu bíla niður. „Þetta sést best á því að þeir eru komnir með stóra flóru díselbíla sem eru með mjög lágar eyðslutölur. Þetta eru jafnvel stórir fjölskyldubílar sem geta kallast grænir í dag,“ segir Gestur Benediktsson, söluráðgjafi hjá Bernhard, sem selur Peugeot.

„Við finnum fyrir miklum áhuga hjá viðskiptavinum okkar á umhverfisvænum ferðamáta og eyðslu-grönnum bílum. Fólk spáir mikið í þessu þegar það skoðar nýjan bíl og margir hugsa sér að endurnýja gamla bílinn og fá sparneytnari bíl í staðinn. Fólk hugsar sér þá jafnvel að nota sparnaðinn sem af hlýst til að borga bílalán,“ segir hann.

Fólk, og þá sérstaklega atvinnubílstjórar, er tilbúið að kaupa dýrari bíl ef það sér fram á sparnað í eldsneytiskostnaði. „Það er yfirleitt fyrsta spurning þegar fólk kemur til okkar hvað bíllinn eyði miklu. Stóru fjölskyldubílar sem eru orðnir grænir eyða 3,5 til 5 lítrum á hundraðið. Fólk er greinilega farið að hugsa mikið um hversu miklu bílarnir eyða og velur þá frekar þá eyðslugrönnu. Eyðslugrönnu Peugeot-bílar eru til í öllum stærðum, allt frá litlum fjögurra sæta bílum upp í stóra sjö manna fjölskyldubíla.“

Það er þó ekki aðeins verið að hugsa um sparnað í þessu samhengi heldur líka umhverfið. „Þeim er alltaf að fjölga sem hugsa um umhverfið og vilja bara kaupa þá sem kallast grænir bílar. Sumir eru að leita eftir því að fá frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg en bílar sem hafa minna en 120 grömm af koldíoxíði á hundraðið í útblæstri kallast grænir og það þarf ekki að greiða fyrir þá í stæði.“

Peugeot er stöðugt að þróa framleiðslu hjá sér. „Þeir ná að lækka útblásturstölur í hverri tegund fyrir sig um nokkur grömm á hverju einasta ári. Þeir eru ekki bara að framleiða bíl og hætta svo að þróa hann. Þeir eru alltaf að leita leiða til að bæta bílana sína. Þegar þeir ná útblæstrinum niður minnkar eyðslan líka að einhverju leyti,“ segir Gestur.

Nýr bíll, Peugeot 208, er væntanlegur í haust. Þar með verða allir bílar í þeirri stærð frá Peugeot orðnir grænir. „Þeir verða allir komnir með minna en 120 í útblástur og meira að segja verða þeir flestir komnir undir hundrað. Bílar í þessum stærðarflokki eru þá með eyðslutölur upp á þrjá til fjóra.“ Einnig eru hybrid-bílar sem nota dísel væntanlegir. Þá er um að ræða stærri bíla með allt upp í 200 hestafla vélar en samt með einungis í kringum hundrað grömm af koldíoxíði í útblæstri og eyðslu í kringum fjóra í blönduðum akstri.

Bernhard fagnar fimmtíu ára afmæli sínu á þessu ári og var að auki kosið Fyrirtæki ársins hjá VR þannig að það er mörgu hægt að fagna þar á bæ. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar í öll þessi ár. Við leggjum gríðarlega mikla áherslu á að þjónusta okkar viðskiptavini vel hvort sem það er í sölu nýrra bifreiða, notaðra bifreiða eða þjónustu í kringum bílana,“ segir Gestur.



Fyrirtækið Bernhard, sem selur Peugeot og Honda, fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í ár. Fyrirtækið hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar allan þann tíma.

MYND/GVA



Nýr Peugeot 208 er væntanlegur í haust. Þar með verða allir bílar í þessari stærð frá Peugeot orðnir grænir.



Starfsfólk Bernhard finnur fyrir auknum áhuga viðskiptavina á sparneytnum og umhverfisvænum bílum.

Áreiðanleiki er meginmarkmiðið

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir að fyrirtækið sé alltaf að leita að nýjum leiðum í orkusparnaði og bættum umhverfisáhrifum. Hann segir þó fyrst og fremst að fólk verði að geta treyst á almenningssamgöngurnar og það sé því mikilvægast þegar velja skal nýja bíla í vagnafлотann.

Þótt ákveðin umhverfisstefna sé fólgin í því að velja almenningssamgöngur fylgir þeim auðvitað líka losun gróðurhúsalofttegunda. Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir fyrirtækið meðvitað um umhverfismál og stöðugt að vinna í þeim: „Við erum að móta umhverfisstefnu og umhverfisstjórnunarkerfi sem við stefnum að að fá vottað núna í lok árs. Eitt stærsta málið er losun gróðurhúsalofttegunda í útblæstri bifreiða okkar. Markmið okkar er að



Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

vinna gegn þessari losun með umhverfisvænni vögnum, helst bílum sem nota endurnýjanlega orku eða tvinnbílum.“

Meginmarkmið

En stefnan þarf að vera áreiðanleg: „Við kaupum ekki umhverfisvænan vagn ef hann er ekki í stakk búinn til að sinna því þjónustuhlutverki sem við ætlum honum,“ segir Reynir og útskýrir: „Okkar æðsta

markmið er flutningur farþegans og ef við getum sinnt því með umhverfisvænum hætti þá er það betra. Hagræn rekstraráhrif eru í þriðja sæti. Þetta er það sem við þurfum að hafa í huga þegar kemur að endurnýjun bílafлотans, sem við erum einmitt að vinna að um þessar mundir.“

Orkugjafar

Reynir segir að skiptar skoðanir séu á því hvers konar bílar henti best. „Það er stöðug framþróun í þessari tækni. Hinn almenni bílaiðnaður stefnir á rafmagnsbíla. Við eigum ódýra raforku hér á Íslandi svo ef við gætum nýtt hana mætti losun gróðurhúsalofttegunda hjá strætisvögnunum minnka um 100%.“

Tvinnbílar

En eru þetta raunhæf markmið á næstunni? Strætó hefur gert tilraun með notkun tvinnbíla, en það eru dísilbílar sem fanga raforku af hamlunarorku. Sú orka er svo notuð til að koma bílnum úr kyrrstöðu upp í 20-25 km hraða og dregur þannig verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. „Við hemlum auðvitað oft og tökum af stað svo ávinningurinn sem hlaut af notkun þessara bíla var verulegur, bæði í rekstrarkostnaði og um-



Verið er að endurnýja bílafлотu hjá Strætó þar sem hugað er að umhverfisvænum þáttum.

hverfismálum.“ Reynir segir miklar framfarir handan við hornið í framleiðslu tvinnbíla en búist er við að næsta kynslóð muni nota 60% raforku og 40% olíu en hlutfallið í dag er 30% raforka og 70% olía. Hann segir þessa nýju bíla þó ekki raunhæfan kost fyrir Strætó fyrr en reynsla hafi komist á þá. „Við viljum láta aðra reyna þessa nýju tækni því við höfum ekki efni á að taka of stóra áhættu.“

Ábyrgð og áreiðanleiki

„Við getum ekki tekið áhættu sem gæti orsakað það að almenningssamgöngur lægju niðri í heilan dag,“ segir Reynir og útskýr-

ir að viðhald sé afar umfangsmikið í upphafi. Hann bætir við: „Við erum núna að undirbúa útboð þar sem við hyggjumst velja okkur samstarfsaðila sem treysta sér til að tryggja þessi meginmarkmið okkar; áreiðanleika, umhverfisvænleika og hagkvæmni.“

Markmiðin eru því nokkuð skýr. Strætó bs. hyggst draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í vagnakosti sínum með hagkvæmum og áreiðanlegum hætti á næstu árum, með kaupum á vistvænum ökutækjum. Hvaða orkugjafa eða orkutækni þau kunna að nota kemur síðan í ljós.

halla@365.is

SKIPTU UM SKOÐUN Það er ódýrara.



Tékkland 8.395

Aðalskoðun 9.460

Frumherji 8.900

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 11. júní 2012



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun



Rafbíllinn Opel Ampera hefur verið kosinn Bíll ársins 2012. Hann er fyrstur sinnar tegundar á Íslandi og einstakur í alla staði.

Rafbíll sem kemst 5-600 km á einni hleðslu og einum tanki

Íslendingar hafa farið á mis við trausta gæðinga Opel í hartnær fjögur ár. Þökk sé BL halda þeir nú innreið sína á Íslandsmarkað á ný með ómótstæðilegt úrval traustra og glæsilegra bíla. Þar á meðal er Bíll ársins 2012 í Evrópu; rafbíllinn Opel Ampera sem fylgir bylting í sparneytni og umhverfisvitund. Nýr sýningarsalur Opel opnar í dag í Ármúla 17.

Opel býr yfir traustum, fallegum og dugandi bílum sem ár eftir ár tróna í efstu sætum yfir söluhæstu bíla Evrópu. Það segir sitt um endingu og gæði Opel og því fagnaðarefni að fá aftur nýja bíla frá Opel í BL,“ segir Hörður Þ. Harðarson, sölustjóri Opel hjá BL.

Í tilefni innreiðar Opel hefur BL opnað glæsilegan Opel-sýningarsal í Ármúla 17. Þar má sjá nýjustu línur Opel Corsa, Opel Safira og Opel Insigna, sem kosinn var bíll ársins 2009 í Evrópu, og hefur ekki sést áður á Íslandi. Þegar sumri hallar bætist svo við ný Opel Astra.

Opel-bílar eru þýskir í gegn; hannaðir og smíðaðir í Þýskalandi. Frágangur og efnisval Opel er einfaldlega í lúxusflokki og hægt að fullyrða að gæði Opel eru eins og þau gerast best.

„Konungur nýja Opel-flotans er hins vegar rafbíllinn Opel Ampera,“ upplýsir Hörður um sláandi fallega bifreið sem kosin hefur verið Bíll ársins 2012 í Evrópu.

„Ampera er fyrstur sinnar tegundar á Íslandsmarkað og rafbíll alla leið. Drægni hans á rafmagni er allt að 80 kílómetrar og fyrir bíleiganda búsettan á Selfossi og vinnandi í Reykjavík er hægt að nota bíllinn árið um kring á rafmagni einu saman. Þannig er ekið á rafmagni í bæinn, bílnum stungið í samband eins og farsíma á meðan unnið er og keyrt aftur heim á rafmagni,“ útskýrir Hörður sem dæmi.

Opel Ampera er glæsilegur útlits,

búinn tveimur rafmagnsmótorum og einum bensínmotor sem nýtist sem hjálparmotor.

„Sú hönnun og fyrirkomulag er bylting í rafbílum,“ segir Hörður. „Þegar eftir eru þrjátíu prósent af rafhlöðu bílsins breytist bensínmotorinn í ljósamotor og hleður rafmagni inn á rafhlöðuna á meðan ekið er. Því þarf aldrei að stoppa bílinn til að hlaða rafhlöðuna svo framarlega sem bensín er á tanknum,“ segir Hörður.

Bensíntankur Opel Ampera er 30 lítra og eyðir bíllinn aðeins 1,2 lítrum á hundraði. Drægni á bensíntanki er allt að 500 kílómetrar og útblástur aðeins 27 grömm. Í samanburði er útblástur hefðbundinna bensínbíla 130 til 160 grömm.

„Ólíkt öðrum umhverfisvænum bílum er Ampera alltaf ekið á rafmagni á meðan tvinnbílar eru í raun bensínbílar með rafmagnsmotor sem hjálparmotor,“ útskýrir Hörður.

Útbúinn öllum gæðum

Opel Ampera er kraftmikill lúxusbíll í mestu mögulegu gæðum.

„Það tekur Ampera aðeins níu sekúndur að fara upp í hundrað en bíllinn er kraftmeiri en venjulegir bílar vegna þess að rafmagn fer strax út í hjólin. Þannig tekur það hann ekki nema 3,1 sekúndu að ná 50 kílómetra hraða og viðbragðið eins og þegar sportbíll fer af stað,“ segir Hörður og bætir við að í Opel Ampera sé hugsað fyrir öllu.

„Ampera er einfaldlega einn



Hörður Þ. Harðarson, sölustjóri Opel hjá BL, og Guðmundur Finnbjarnarson sölumaður fyrir utan nýjan og glæsilegan Opel-sýningarsal í Ármúla 17. Þeir taka á móti gestum með kostum og kynjum í dag.

MYND/ANTON

með öllu. Bíllinn er útbúinn öllum þeim búnaði sem unnt er að setja í einn bíl, rúmgóður, fallegur og þægilegur. Þar má nefna sjö tommu skjá, nálægðarskynjara að framan og aftan, kerfi sem segir til um loftþrýsting í dekkjum og fjarstýringu fyrir hitakerfi bílsins í bíllykli. Með þeirri tækni bíður ökumannsins svaum og þægilegur bíll í sumarhitunum og hlýr og notalegur í vetrarkuldanum; allt án þess að menga eða eyða rafhlöðunni á meðan hún er í hleðslu. Með bílnum er meira að segja smáforrit sem hægt er að setja í Iphone og Ipad til að sjá stöðu bílsins.“

Opel Ampera hefur tekið Evrópu

með trompi. Bíllinn kom til landsins á þriðjudag og er BL stolt af því að bjóða fyrst þá nýju tækni sem rafbíllinn býr yfir.

„Hönnun Ampera tók fjögur ár og mikil hugsun að baki hverju smáatriði. Átta ára ábyrgð er á rafhlöðu bílsins eða allt að 160 þúsund kílómetrar. Framleiðslu Opel fylgja græn markmið í einu og öllu og er ætlun framleiðandans að safna notuðum rafhlöðum til að nýta orkuna sem eftir verður. Reiknað hefur verið út að þrjátíu rafhlöður búi yfir nægri orku til að nýta í fimmtíu hús í fjórar klukkustundir,“ útskýrir Hörður.

Önnur frábær nýjung í Opel

Ampera er varúðarflauta í ná-munda við gangandi vegfarendur.

„Rafbílar eru hljóðlausir sem er varasamt á bílastæðum og þar sem von er á gangandi fólki. Við þær aðstæður er hægt að ýta á þar til gerðan hnapp sem gefur frá sér hljóð og þar með til kynna að bíll sé í nánd, um leið og háu ljósin kvikna og blikka,“ segir Hörður.

Í sýningarsal Opel í Ármúla eru að sjálfsögðu einnig fáanlegir bílar með díselvélar í öllum flokkum umhverfisvænna bíla.

Opel Ampera kostar frá átta milljónum.

Opið í sýningarsal Opel í Ármúla 17 í dag frá klukkan 12 til 16.



CHEVROLET

Aktu Sparklega

...lifðu Sparklega



Bíll á mynd:
Chevrolet Spark LT
Nánari upplýsingar á
www.benni.is

Chevrolet SPARK er svalur og skynsamlegur valkostur

Sparlegur = Sparklegur: Hagnýtu atriðin skipta nú mun meira máli í lífstíl okkar. Chevrolet Spark uppfyllir allar helstu kröfur dagsins í dag um sparneytna bíla á skynsamlegu verði. Hann eyðir litlu og mengar lítið. Sparnaðurinn skilar sér því bæði í budduna þína og í betra andrúmslofti.

Frítt í stæði fyrir SPARK

Frábært verð

Chevrolet SPARK L bensín, bsk.

kr. 1.790 þús.



Komdu í heimsókn og reynsluaktu Chevrolet



CAPTIVA



VOLT



CRUZE



ORLANDO



MALIBU



AVEO



Bílabúð Benna • Tangarhöfða 8 • S: 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • S: 420 3330

Bílaríki • Glerárgötu 36
Akureyri • S: 461 3636

Nánari upplýsingar á
www.benni.is



Kvennakór í Kvennahlaupi í Szeged í Ungverjalandi

Kvennakór Reykjavíkur fór á dögnum í tíu daga tónleikaferð til Ungverjaland. Tilgangurinn var að skemmta sér og skoða landið.

Kórstjóri Kvennakórs Reykjavíkur, Ágota Joó, er frá Ungverjalandi. Hún og maður hennar, Vilberg Viggósson, reka Tónskólann DoReMí og fóru fyrir tveimur árum með nemendum skólans í ferð til Ungverjaland. Ferðin var svo vel heppnuð að ákveðið var að endurtaka leikinn með kórnum. „Það var ákveðið strax fyrir tveimur árum að við myndum fara í þessa ferð. Aðalástæðan fyrir ferðinni var sú að Ágotu langaði til að sýna okkur í kórnum landið sitt,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, meðlimur í kórnum.



Kolbrún Halldórsdóttir
Kvennakór Reykjavíkur

Kvennakórinn hélt tvenna tónleika í ferðinni, eina í borginni Szeged og aðra í Vác. „Við erum í kór af ástæðu, við viljum alltaf vera að syngja og við sungum mikið og hátt í þessari ferð. Tónleikarnir í Szeged voru hápunktur ferðar-

innar. Þeir voru haldnir úti í ráðhúsgarði og ungverskur kvennakór söng með okkur tvö lög, annað á ungversku. Við fengum frábærar viðtökur og góða dóma. Allir voru svo glaðir og töluðu vel um okkur. Kórinn bauð okkur svo í kvöldmat eftir tónleikana. Ferðin var ótrúlega vel skipulögð og gert var vel við okkur í mat og drykk. Einn daginn bauð mamma Ágotu okkur í mat í hádeginu og svo Ágota sjálf og fjölskylda hennar um kvöldið. Þau eiga hús í Szeged og þar var skellt upp garðveislu sem var mjög skemmtileg,“ segir Kolbrún.

Síðasta daginn í Szeged, þann 16. maí, tók hópurinn þátt í Kvennahlaupinu. „Það var búið að tala við ÍSÍ og búið að skrá hópin þannig að við fengum boli sem við hlupum í. Kvenna-



Kvennakór Reykjavíkur hélt útí tónleika í bakgarði ráðhússins í Szeged. Tónleikarnir voru mjög vel heppnaðir og skemmtilegir.

kór verður að taka þátt í Kvennahlaupi þó hann sé í Ungverjalandi,“ segir hún.

Eftir að hafa verið í Szeged í nokkra daga hélt hópurinn til Búdapest þar sem meðal annars var farið í siglingu á Dóná.

Seinni tónleikarnir voru haldnir á sjálfan þjóðhátíðardaginn, 17. júní, í Vác, borg sem er fjörutíu kílómetra fyrir utan Búdapest, og gengu þeir mjög vel.

Ferðin endaði svo á spa-hóтели við Balaton-vatn. „Þar vorum

við í nuddi, dekri og sólbaði í tvo heila daga. Við fengum gott veður allan tímann sem við vorum í landinu og um leið og við lentum heima var strax farið að spá í hvenær við gætum farið aftur í svona ferð.“

Ríminí sækir í sig veðrið

Sólarströndin Ríminí á Ítalíu virðist aftur orðinn vinsæll sumarleyfistaður hjá Svíum eftir nokkurra ára hlé. Frá Ríminí er stutt í hið fallega Toskana-hérað, Flórens og fleiri vinsæla staði. Sömuleiðis er stutt að fara til Feneýja.



Stutt er til Feneýja frá Ríminí

Ríminí-ströndin er tveggja mílna löng og býður upp á 200 mismunandi strandstaði sem eru einkareknir og bjóða upp á ýmsa afþreyingu fyrir ferðamenn. Ströndin hefur verið vinsæl hjá fjölskyldufólki allt frá árinu 1960. Að auki er næturlífið fjölskrúðugt og margir góðir veitingastaðir eru við ströndina.

Íslendingar fóru mikið til Ríminí á árum áður og ströndin er enn í miklu uppáhaldi hjá Ítalíuvinum. Ferðaskrifstofur bjóða ekki ferðir þangað í sumar en auðvelt er að fara á eigin vegum. Mörg góð hótél eru á Ríminí.

FLESTIR FERÐAMENN

Samkvæmt Alþjóðaferðamálaráðinu

(UNWTO) ferðuðust flestir ferðalangar til Frakklands árið 2011 eða tæplega 80 milljónir manna. Tölurnar taka einungis tillit til þeirra sem áttu leið til og frá landinu, óháð því hversu lengi þeir stoppuðu þar. Næsti viðkomustaður á listanum var Bandaríkin með 62 milljónir ferðamanna. Kína er númer þrjú og Spánn rétt þar á eftir með um 57 milljónir ferðamanna. Af efstu tíu löndunum á listanum verður mesta fjölgun milli árána 2010 og 2011 hjá Tyrklandi og Spáni. Engin fækkun er milli ára hjá efstu löndum á listanum en Malasía og Mexíkó hækka mjög lítið milli ára. Af tíu efstu þjóðum eru sex Evrópulönd.

Þegar skoðað er hvaða þjóðir eyða mestu á ferðalögum erlendis eru Þjóðverjar efstir á listanum, Bandaríkjamenn í öðru sæti og Kínverjar í því þriðja. Efstu þrjú löndin á listanum skera sig nokkuð úr hvaða varðar eyðslu en íbúar næstu landa á listanum eyða mun minna. Númer fjögur á listanum eru Bretar og þar á eftir Frakkar.



VIÐ VERÐUM Í BOLUNGARVÍK UM HELGINA

Bylgjan á Bolungarvík

MAGNÚS OG ELISABET

YLFA MIST

MUGISON

Á FERÐINI UM LANDIÐ

BYLGJULESTIN Í SUMAR	
9. JÚNÍ	Kótelettan á Selfossi
16. JÚNÍ	Sólstöðuhátíð Víkinga á Fjörkránni í Hafnarfirði
23. JÚNÍ	Hveragerði - Blóm í bæ
30. JÚNÍ	Bylgjan í Bolungarvík
7. JÚLÍ	Goslokahátíð í Vestmannaeyjum
14. JÚLÍ	Bylgjuhátíð á Flúðum
21. JÚLÍ	Húnavaka á Blönduósi
28. JÚLÍ	Sildardagar á Siglufirði og Franskir dagar á Fáskrúðsfirði
11. ÁGÚST	Fiskidagurinn mikli á Dalvík
18. ÁGÚST	Menningarnótt í Reykjavík

BYLGJULESTIN PAKKAR Hvergerðingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin í Bolungarvík.

ÆVINTÝRAEYJAN MED HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansi á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna. Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.



ÚRVALS GOLFFERÐIR

NÚ ERU HAUSTGOLFFERÐIRNAR KOMAR Í SÖLU! ÚRVALS GISTINGAR, STUTTUR AKSTUR FRÁ FLUGVELLI, AÐSTAÐA TIL FYRIRMYNDAR OG MIKIÐ INNIFALIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!

INNIFALIÐ Í ÖLLUM FERÐUM:
AKSTUR, FARARSTJÓRN,
FLUTNINGUR Á
GOLFSETTI, FLUG OG
SKATTAR.

FYRSTA BROTTFÖR
25. SEPTEMBER



SPÁNN

★★★★

HUSA ALICANTE GOLF

Einn vinsælasti golfafangastaður Íslendinga til margra ára!

VERÐDÆMI:

189.900,-

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli.

Innifalið:

- » Gisting í viku
- » Hálf fæði **
- » Golf alla daga með golfbíl



SPÁNN

★★★★

PLANTIO GOLF

Lúxus íbúðir og allt innifalið!

VERÐDÆMI:

139.900,-

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m. 2 svefnherbergjum.

Innifalið:

- » Gisting í 3 nætur
- » Allt fæði og drykkir ***
- » Ótakmarkað golf í 3 og 1/2 dag
- » Golfkerra



SPÁNN

★★★★

VILLAITANA

Ævintýraveröld kylfingsins!

VERÐDÆMI:

179.900,-

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli.

Innifalið:

- » Gisting í viku
- » Hálf fæði
- » Ótakmarkað golf



ÍRLAND

★★★★

ROGANSTOWN

Blandaðu saman spennandi golf- og borgarferð! 1.-5. nóvember 2012

VERÐDÆMI:

129.900,-

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli.

Innifalið:

- » Gisting í 4 nætur
- » Hálf fæði **
- » Ótakmarkað golf

GOLFSKÓLI ÚRVALS ÚTSÝNAR

★★★★

HUSA ALICANTE GOLF

Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna!
Kennsla fyrir hádegi og spil eftir hádegi.

VERÐ FRÁ:

209.900,-

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli.

Innifalið:

- » Gisting í 7 nætur
- » Hálf fæði
- » Golf í 7 daga með golfbíl
- » Flug og skattar
- » Flutningur á golfsetti
- » Akstur milli flugvallar og hótels
- » Golfkennsla í 3 daga
- » Íslensk fararstjórn



HELDRI
KYLFIGAR

★★★★

HELDRI KYLFINGAR

HUSA ALICANTE GOLF

Hinar sívinsælu ferðir með meistara Kjartani L. Páls!

VERÐDÆMI:

249.900,-

06.10 - 16.10, 10 daga ferð,
16.10 - 27.10, 11 daga ferð

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbyli.

Innifalið:

- » Gisting í 11 nætur
- » Hálf fæði **
- » Golf alla daga með golfbíl



Skannaðu QR-kóðann hér fyrir neðan og horfðu á stutta kynningu á golfferðum Úrvals Útsýnar í haust.



Lautarferð í lofti

Flugvélamatur er ekki allra. Sælkerar ættu að taka með sér nesti en með smá fyrirhöfn má útbúa dýrindis kræsingar sem breyta langri flugferð í lautarferð.

Biskotti með möndlum eða berjum:

- 3/4 bollar möndlur
- 1 tsk. vanilludropar
- 2 bollar hveiti
- 3/4 bollar sykur
- 1 tsk. lyftiduft
- 1/4 tsk. salt
- 150 g saxað súkkulaði eða þurrkuð trönuber

Þeytið eggin og bætið vanilludropunum út í. Í annarri skál hrærið hveiti, sykur, lyftiduft og salt og bætið möndlunum og súkkulaðinu/berjunum út í. Blandið svo eggjærnunni saman við. Skiptið deiginu í tvo helminga og mótið lengjur á bökunarpappír, um það bil 8 til 10 cm breiðar. Bakið í 35 mínútur við 180 gráður. Takið úr ofninum og kælið á grind í 10 mínútur og stillið ofninn á 160 gráður.

Skerið lengjurnar niður í sneiðar og leggið á hliðina á bökunarplötuna. Bakið í 10 mínútur, snúðið sneiðunum og bakið aftur í 10 mínútur. Kælið og geymið í loftþétu boxi.



Biskotti með möndlum og trönuberjum.

Gvakamóle:

- 2 lárperur
- 1 lítill laukur
- 1 hvítlauksrif
- 1 lítill tómatur
- 1 tsk. safi úr súrældni
- salt og pipar eftir smekk

Mokið innan úr lárperunum og stappið gróflega. Saxið hvítlaukinn og tómattinn, blandið öllu saman og kreistið safi úr hálfu súrældni. Gvakamóle er gott milli tveggja brauðsneiða eða sem dýfa fyrir flögur.



Gvakamóle og nachos.

Eggjasalat:

- 8 egg
- 1/2 bolli majónes
- 1 tsk. sætt sinnep
- 1/4 bolli saxaður laukur
- salt, pipar og paprikuduft eftir smekk

Setjið eggin í pott og látið suðuna koma upp. Slökkvið þá undir og látið eggin bíða í 10 til 12 mínútur í vatninu með lokið á. Kælið svo, fleysjið og saxið niður. Hrærið majónesið aðeins í skál áður en eggin fara út í, þá sinnepið og laukinn, salt og pipar og paprikuduft. Smyrjið samlokur með salatínu.



Samlokur með eggjasalati.

Brownies:

- 250 g suðusúkkulaði
- 250 g sykur
- 250 g smjör
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 egg
- 1 bolli hveiti
- 150 g möndlur
- 50 g valhnetur

Bræðið súkkulaðið og smjörin yfir vatnsbaði. Saxið niður möndlur og hnetur. Þegar súkkulaðið og smjörin hefur bráðnað skal kæla það aðeins áður en eggjunum og vanilludropunum er hrært saman við, þá er hveiti, möndlur og valhnetum blandað vel saman við. Deiginu er síðan hellt í form og bakað við 170 gráður í 25 mínútur.



Brownies með möndlum og valhnetum.

BORGIR Í HAUST



BARCELONA

11. okt. – 4 nætur

frá kr. 105.800

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel Catalonia Atenas ***+ í tvíbýli með morgunverði.



SEVILLA

26. okt. – 3 nætur

frá kr. 109.500

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 3 nætur á Hotel Catalonia Giralda ****.



BÚDAPEST

27. sept. – 4 nætur

19. okt. – 4 nætur

frá kr. 90.500

Netverð á mann, m.v. gistingu á Star INN ***+ í tvíbýli 19. október.



PRAG

27. sept. – 3 nætur

4. okt. – 4 nætur

frá kr. 83.600

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 3 nætur á Hotel If ***+, 27. september.



LJUBLJANA

18. okt. – 4 nætur

frá kr. 99.700

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Park ***+.



RÓM

1. nóv. – 4 nætur

Uppseld

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir



HELVÍTI ER Í NOREGI

Á netflakki má rekast á margar skemmtilegar staðreyndir. Hér eru nokkrar sem eru tengdar ferðum eða ferðalögum.

- Það er óvíst hvort himnaríki eða helvíti er til en til er bær í Noregi sem heitir Hell (helvíti á ensku).
- Fólk fór að nota brimbretti á Hawaii áður en Kólabúur sigldi til Ameríku.
- Alaska er það ríki Bandaríkjanna þar sem flestir fara fótgangandi til vinnu sinnar.
- Tíu prósent skatttekna Rússlands koma inn vegna sölu á vodka.
- Dýragarðinum í Tókýó í Japan er lokað í tvo mánuði á ári til að gefa dýrunum frí frá fólki.
- Hong Kong er sú borg þar sem flestir Rolls Royce-bílar eru á mann.
- Meira en tíu milljón indónesískra manna eru skátar.
- Fjórðungslíkur eru á því að jólin í New York verði hvít.
- Fellibyljir eru kallaðir willy-willy í Ástralíu.
- Fleiri rauðhærðir eru fæddir í Skotlandi en nokkurs staðar annars staðar í heiminum.
- Í Kína klæðast brúðir rauðu.
- Grænland er stærsta eyja í heimi.
- Flórídaráki Bandaríkjanna er stærra en England.
- Í Banglades geta börn allt niður í fimmtán ára gömul verið fangelsuð fyrir að svindla á prófi.
- Það er borg í hverri heimsálfu kölluð Róm.
- Kínverjar halda einungis upp á afmælið sitt á tíu ára fresti.
- Það er ekkert eitt orð í japönsku sem þýðir einfaldlega já eða nei.
- Þjóðsöngur Grikklands er 158 erindi.
- Í Bandaríkjunum eru til fleiri flamingófuglar úr plasti en þeir raunverulegu.

EKKI FARA TIL SNÁKAÆYJU

Undan ströndum Brasilíu er eyja sem heitir Ilha de Queimada Grande eða Snákaeyja. Eyjan er ósnert af mannahöndum en það er af mjög góðri ástæðu. Vísindamenn telja að á eyinni búi einn til fimm snákar á hverjum fermetra. Ef það er ekki nógu hræðilegt fyrir einhvern þá má bæta því við að snákarnir eru af sérstakri tegund eittraðra snáka. Sú tegund er ábyrg fyrir níutíu prósentum allra dauðfalla sem orðið hafa af völdum snákabita í Brasilíu. Þeir verða meira en hálfur metri á lengd og eitrið þeirra er sérstaklega fljótvirkt og eyðir húðinni í kringum bitið. Staðurinn er svo hættulegur að leyfis er krafist til að heimsækja hann.

Á slóðum Kobba kviðristu

Fyrir þá sem hafa áhuga á glæpum og glæpasögum og eru á leið til London er tilvalið að fara í skipulagða ferð á slóðir Kobba kviðristu. Gengið er um þau bakstræti og slóða í austanverðri höfuðborginni þar sem hin hryllilegu morð áttu sér stað.

Svæðið hefur að mörgu leyti haldist óbreytt frá því á tímum morðingjans þannig að auðvelt er fyrir fólk að upplifa ískyggilegt andrúmslofið sem sveif yfir vötnum þegar Kobbi hélt íbúum London í heljargreipum ótta og hryllings. Hann myrti að minnsta kosti fimm manns, allt vændiskonur, á þremur mánuðum árið 1888. Morðmálin voru aldrei upplýst og eru mönnum mikil ráðgáta enn þann dag í dag.

Auðvelt er að finna vefsíður á netinu þar sem hægt er að bóka ferðir um slóðir morðingjans. Í mörgum þeirra er boðið upp á leiðsögn frá sérfræðingum um Kobba kviðristu. Sérfræðingarnir hafa margir hverjir helgað líf sitt sögunni um ógnvaldinn Kobba og gefið út bækur og lærdar greinar um hann.



flugrútan

Reykjavík
Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannuðu strikamerkið með snjallsímanum þínum





TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Heillandi heimur úti í Eyjum

Ferðalangar verða ekki sviknir af heimsókn út í **Vestmannaeyjar**, fögur náttúra og fjölbreytt afþreying bíður ferðalanga sem koma í eyjarnar. Fréttablaðið sækir Eyjar heim.

1. Eyjasigling

Hægt er að velja um nokkrar gerðir af siglingu um Vestmannaeyjar en það er nánast skylda að bregða sér í eyjasiglingu fyrir ferðalanga í Eyjum. Á sjónum er bæði hægt að njóta þess að skoða eyjarnar og náttúruna frá öðru sjónarhorni, fylgjast með fuglum, hvölum og ekki síst er einstaklega gaman að skoða hellana sem finnast allt um kring.

2. Sund og golf


Fyrir nokkrum árum var útisvæði sundlaugarinnar í Vestmannaeyjum allt endurnýjað og nú er þar afar glæsileg aðstaða, renni-brautir, klifurveggar og heitir pottar. Golfvöllurinn þykir svo með þeim betri á landinu en þess má geta að hann á sér afar langa sögu, var stofnaður árið 1938.

3. Hjólað um Heimaey

Það er vissulega lítið mál að taka bílinn með út í Eyjar og förin með Herjólfri hefur styst svo um munar eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun. Hins vegar er gaman að njóta Heimaeyjar á hjóli. Reiðhjól er hægt að leigja á tveimur stöðum í bænum, við Eymundsson og hjá Ribsafari.

4. Skansinn

Virki Vestmannaeyinga, Skansinn, gegnir sögulegu hlutverki í Eyjum. Það var



endurbýgt eftir Tyrkjaránið en á þessum slóðum voru mannvirki og verslunarhús sem fóru undir hraun í gosinu 1973. Í dag er þar fallett útivistarsvæði þar sem sjá má Landlyst, annað elsta hús Vestmannaeyinga sem nú hýsir safn lækninga-áhalda, norsku stafkirkjuna og gamla hafnargarðinn Hringkersgarð.

5. Herjólfssdalur

Landsmenn þekkja Herjólfssdal flestir ef ekki allir út af Þjóðhátíð, hinni árlegu hátíð sem haldin er þar um verslunarmannahelgina. Þangað er hins vegar tilvalið að fara allt sumarið, tjalda og njóta lífsins í dal sem reyndar er hvorki stór né djúpur en á sér mikla sögu sem útivistarsvæði Eyjamanna.

6. Gönguferðir

Fjölmargar skemmtilegar gönguferðir er að finna í Vestmannaeyjum. Ómissandi er að fara upp á Heimaklett sem er ekki erfið leið en þó verður að fara með varúð upp á fjallið. Þægileg ganga er á Eldfell og þá er hægt að ganga Haugana sem eru sunnan við Eldfell og gengið út á nýja hraunið eftir göngustíg og þaðan inn í Páskahelli. Hellirinn er nokkrir metrar á lengd og göngustígurinn gengur til norðurs úr hellinum þar sem hægt er að ganga með Eldfellinu til norðurs og svo til vesturs, þar til hringurinn er kominn. Þá ber þess að geta að göngustígur er með öllum Hamrinum vestast á Heimaey, stígurinn liggur alveg suður í Klauf og þaðan áfram suður á Stórhöfða.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR B. FRÍÐRIKSSON

SÆLKERAR OG SÖGUFRÓÐIR

Matur

Veitingahúsaflóran hefur blómstrað í Vestmannaeyjum undanfarin ár. Senn líður að því að Slippurinn verði opnaður en svo nefnist veitingastaður sem verður opnaður í næstu viku í gamla Magnahúsinu. Hægt er að fylgjast með framkvæmdum og fréttum á Facebook-síðu staðarins. Þar fyrir utan eru fjölmargir stærri og smærri veitingastaðir í Vestmannaeyjum, sjá <http://www.vestmannaeyjar.is/is/page/veitingastadir>.

Söfn

Nokkur áhugaverð söfn eru í Eyjum. Fyrst skal nefna Náttúrugripasafnið þar sem sjá má lifandi fiska. Surtseyjarstofa er þar líka og þar má sjá hvernig eyjan varð til í gosinu sem varði frá 1963-1967. Byggðasafn er í Vestmannaeyjum og bókasafn, og í framtíðinni er áætlað að hafa Eldheima þar sem grafin verða upp hús og byggt yfir þau. Nú þegar er búið að moka frá nokkrum húsum og hægt að virða þau fyrir sér.

Viðburðir

Um næstu helgi verður Goslokahátíð haldin í Eyjum. Hátíðin hefst raunar fimmtudaginn 5. júlí. Mikið er um að vera alla hátíðardagana eins og sjá má á síðunni www.vestmannaeyjar.is. Fyrir utan Goslokahátíð verður hin landsþekktu Þjóðhátíð haldin um verslunarmannahelgina og þá er bryggjudegur ÍBV haldinn 21. júlí.

Bylgjulestin

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar eins og undanfarin sumur. Þann 7. júlí næstkomandi verður hún í Vestmannaeyjum. Hemmi Gunn er lestarstjóri Bylgjulestarinnar og honum við hlið er hin fjóruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunni á Bylgjunni á laugardögum milli 13 og 16. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum beint að fólkinu sem býr í bæjunum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kikir í heimsókn, og reynt að koma stemningunni áfram til allra hinna sem eiga ekki heimangengt.



SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

OPÍÐ Í DAG FRÁ 11-16

SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NYJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
TILGJAFNAÐUR

TOLVUTEK

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótél
Laugardaginn 30. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 1. júlí frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Mánudaginn 2. júlí frá kl. 11:00 til kl. 19:00

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



Kaupum alla demanta



Staðgreiðum einnig verk
eftir þekktu íslenska
og erlenda listmálara

eins og
Leonardo Da Vinci,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
Flóka
og fleiri.



Umsagnir frá viðskiptavinum

Besta verðið!

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarin ár á Íslandi og undanteknin-
galaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is Þau eru fljót að meta, vandvirk og
áreiðanleg.

Jóna Guðmundsdóttir

Fljót og góð þjónusta hærra verð en hjá gullsmið!

Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkynin áttum. Í 2 ár hafði ég
reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir
af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég
staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig.

Sigurður Eiríksson

Ég kom með föður mínum með skartgripum sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um
150.000 kr virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is
á 580 þús, til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu
www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir.

Sigríður Jónsdóttir

Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli

Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is



Krossgáta

Lárétt

1. Flyt vélræna snærísgerð (20)
11. Pófi gleymir ei þef (5)
12. Hef hvorki grip né skoðun (8)
13. Nokkurn veginn ónotuð leiði (5)
14. Skipaskagi og Litla-Moskva eftir sameiningu? (17)
16. Svaka horn drepur mann óvart (8)
18. Rekur skjólflikin út úr sér tunguna? (11)
20. Slaka línu í sjó er vegir eru auðir (9)
23. Hinu bendi hinsegin (8)
24. Hækka slá, birtist þá hjálp eða járnkarl? (10)
27. Bjórgerð snýst mikið um Hall (6)
28. Aum kæra þá sem erfitt er að reka (7)
30. Inn rúllaðu afskiptu (9)
31. Sé tvívægjutófu, blóðsugu og flugnager (6)
32. Rannsaka bor rónanna (7)
36. Skræður jafnt sem skjóðar (7)
37. Sagt er um Ægi og Bárú að saman stundi þau glæpi (6)
39. Segir ringlaðan flein Dana vitgrannan (9)
40. Brenglaðar skornar meðal Austmanna (7)
41. Fangi í Prótti? (4)
42. Frestar frí einhver árasin; birtist þá beiðnin um búseturétt (20)

Lóðrétt

1. Makinda makleg borga ráði Nóbels í Noregi (20)
2. Ætli víðtæk vísindin um lögun bæli kenningarnar um stærð? (9)
3. Leita gervis við bæ kínversks kokks (7)
4. Lækka stubbur, hér er grafinn fjársjóður (9)
5. Skildum bakka og röflum (8)
6. Afaföt gefa ekkert skjól (10)
7. Skrá götu fyrir snilldarferil (10)
8. Spurðu Tinnu (5)
9. Bæti skóbotn stjarna (4)
10. Börn manna samtök fyrir auðnina, slík er krakkaklúbbsstemmingin (20)
15. Æski máttvanna þess, verð ég skuldseigur (11)
17. Bæli loftlitinn blund (9)
19. Ludvig samdi Bagatellu no. 25 fyrir hana (5)
21. Rek gagn spotta til þeirra sem brúka hann (7)
22. Aðreyður og utanfestur doðrantur (10)
25. Athuga gelt (2)
26. Hnika hönk sem herða má og losa (10)
27. Klettakollur hittir naglann á höfuðið (10)
29. Þvaður myndi verða digurmæli (9)
33. Ætt drauma um amorsbrögð (6)
34. Sé Ono ana í tiskubúð (6)
35. Illa tannburstuð er glöð á móti (6)
38. Mókar og ruglast, það gildir ekki (5)




Lausnarorð síðustu viku var
DRAUGAGANGUR



Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak bókinni Sumarhús með sundlaug frá Forlaginu. Vinningshafar síðustu viku voru **Sigfús Gunnarsson og Steingerður Einarsdóttir, Reykjavík** og geta þau vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.



Lausnarorð

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikið þarfáþing. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „30. júní“.





Fljúgandi byrjun á frábærum degi

Núna fylgir frísí-diskur með hverjum pakka af Honey Cheerios.



Honey Cheerios – fullt af fjöri.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS





JÓN HELGASON, prófessor, skáld og fræðimaður (1899-1986), fæddist þennan dag. „Þú færð aldrei sigrað þinn fæðingarhrepp, stjúpmodurauga hans vakir yfir þér alla stund.“

ELÍN ÓLAFSDÓTTIR LÍFEFNAFRÆÐINGUR OG LÆKNIR: VARÐI DOKTORSRITGERÐ

Lærði læknisfræði með vinnu

„Þegar ég lít til baka finnst mér ég hafa átt frjóan og fjölbreyttan starfsferil en í rauninni tengist allt því sem ég byrjaði að læra þegar ég var nítján ára,“ segir Elín Ólafsdóttir sem í gær varð doktor í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Elín er fædd 1939 og er því „komin á aldur“ eins og stundum er sagt um elli-lífeyrisþega. Hún hefur ekki látið þann aldur stoppa sig í að kryfja til mergjar efni sem hefur átt hug hennar um árabil en það er áhrif efnaskipta- og umhverfisþátta á myndun sykursýki af tegund 2 og breytingar á dánartíðni tengdar sykursýki á tímabilinu frá 1993 til 2004. Í því efni var hún doktor í gær.

„Rannsókn mín er unnin upp úr gögnum Hjartaverndar sem byrjaði árið 1967 hóprannsókn á einstaklingum fæddum frá 1907 til 1935,“ lýsir Elín. Sem dæmi um atriði sem hún komst að við skoðun gagnanna nefnir hún að þeir sem ólust upp í sveit fengu síður sykursýki á seinni æviárum en þeir sem ólust upp í þéttbýlinu.

